# FRÉTTABLAÐIÐ

253. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 26. OKTÓBER 2018




Þessir ungu Hondúrar héngu aftan á trukki í Mapastepec í Mexíkó í gær. Þeir tilheyra svokallaðri flóttamannalest sem fer nú norður í átt að Bandaríkjunum, að mestu fótgangandi. Í lestinni eru þúsundir Mið-Ameríkumanna. Í gær sagði James Mattis, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, að hann hygðist senda 800 hermenn í landamærunum til þess að stöðva lestina. NORDICPHOTOS/AFP

# Stjórnendur Orkuveitu deildu á ræðu Áslaugar

**Stuðningur við starfsmannastjóra OR á fundi stjórnenda í gær. Tekið undir gagnrýni á ræðu Áslaugar Thelmu á kvennafrídaginn. Starfandi forstjóri telur sig ekki þurfa að gæta sérstaks hlutleysis í ljósi yfirstandandi úttektar innan fyrirtækisins.**

**ORKUVEITAN** Á reglubundnum fundi stjórnenda innan Orkuveitu Reykjavíkur (OR) í gær var tekið undir gagnrýni á skipuleggjendur Kvennafrídagsins vegna ræðu Áslaugar Thelmu Einarsdóttur á Arnarhóli við tilefnið. Á fundinum kom samkvæmt heimildum fram afdráttarlaus stuðningur við starfsmannastjóra fyrirtækisins, sem sætti harðri gagnrýni í ræðunni umtöluðu. Líkt og fram hefur komið var Áslaugu sagt upp störfum hjá Orku náttúrunnar (ON), dótturfyrirtæki OR, í september, en hún gagnrýndi fyrrverandi framkvæmdastjóra ON, Bjarna Má Júlíusson, fyrir óviðeigandi hegðun gagnvart starfsfólki. Áslaug segir jafnframt að starfsmannastjórinn hafi vitað af málinu en ekkert aðhafst.

Meðal þeirra sem tóku undir gagnrýnina á ræðu Áslaugar var Helga Jónsdóttir, starfandi forstjóri OR. Skipuleggjendur Kvennafrídagsins hafa sætt gagnrýni fyrir að hafa veitt Áslaugu vettvang til að ráðast í ræðu á aðra konu, Sólrúnu Kristjánsdóttur, starfsmannastjóra OR. Hafa skipuleggjendur verið krafðir um afsökunarbeiðni en þeir segjast standa við ákvörðunina um að leyfa Áslaugu að flytja erindi á kvennafrídaginn.

Á fundi stjórnenda OR í gær bar málefni starfsmannastjóra OR og ádeilu á ræðu Áslaugar Thelmu á góma en meðal viðstaddra var starfsmannastjórinn sjálfur.

Einhverjum fundarmanna kom á óvart hversu afdráttarlaus stuðningur við gagnrýnina á ræðuna og við starfsmannastjórann var á fundinum. Í ljósi þess að nú stendur yfir úttekt á vinnustaðarmenningu og málefnum tiltekinna starfsmanna OR og dótturfélaga litu sumir svo á að starfandi forstjóri hefði sérstaklega átt að gæta hlutleysis.



Áslaug Thelma Einarsdóttir.

„Ég hef ekki annað um það að segja heldur en að ég tel mikilvægt að ég tjái mig ekki um þau mál fyrr en úttekt liggur fyrir. En ég legg áherslu á að ég er forstjóri í fyrirtækinu, ég er ekki að vinna þessa úttekt. Það sem ég var að segja var að ég var afskaplega stolt, þegar ég stóð á Arnarhóli sem fulltrúi fyrirtækis sem hefur tekist það sem nú er búið að stefna að frá 1975, að útrýma kynbundnum launamun, það hefur tekist hjá Orkuveitunni, og að mér fyndist að fólk sem þar hefur staðið í stafni ætti að fá þakkir fyrir,“ segir Helga og vísar til þess að sem starfsmannastjóri hafi Sólrún gegnt lykilhlutverki í átaki gegn kynbundnum launamun innan OR. Hörð gagnrýni á hana í ræðunni hafi því verið ómakleg.

> En ég legg áherslu á að ég er forstjóri í fyrirtækinu, ég er ekki að vinna þessa úttekt.
>
> Helga Jónsdóttir, starfandi forstjóri OR



Sólrún vildi ekki svara ræðu Áslaugar í samtali við blaðið. – smj

## 23 konur leitað til lögfræðings

**LÖGREGLUMÁL** 23 konur hafa nú leitað til lögfræðings vegna meðhöndlarans svokallaða sem Fréttablaðið greindi frá í síðustu viku.

Konurnar telja sig allar hafa orðið fyrir kynferðislegu broti af hálfu mannsins. Maðurinn meðhöndlar fólk með stoðkerfisvanda. Konurnar segja manninn hafa meðhöndlað sig í gegnum leggöng og endaþarm.

Lögmaður mannsins, Steinbergur Finnbogason, segir málið múgsefjun. Lögmaður kvennanna, Sigrún Jóhannsdóttir, tekur ekki undir þau orð. „Ég fæ nýja konu til mín nánast daglega. Konurnar koma úr öllum áttum og nokkuð ljóst að hér er ekki um neina múgsefjun að ræða.“ – gj

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Þórlindur Kjartansson fjallar um almenning á þingi. 9

**SPORT** Nýliðar KR eru komnir með háleitari markmið eftir góða byrjun í deildinni. 12

**TÍMAMÓT** Gamanóperan Þrymskviða sýnd í Hörpu í kvöld. 14

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **VÖRUBÍLAR OG VINNUVÉLAR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Prjónapeysur eru málið í vetur

**LÍFIÐ** Glamour tekur stöðuna á vetrartískunni og mælir með prjónapeysum og gallabuxum nú í vetur, þegar kuldinn verður sem mestur. „Það er þægilegt að grípa í þessar flíkur þegar maður hefur ekki hugmynd um í hverju maður á að vera, og sérstaklega í þykka peysu á köldustu dögunum,“ segir tískuritstjóri Glamour.



Sjá síðu 20




RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

Seljum í stuttan tíma eldri gerðir af rúmum og öðrum vörum með veglegum afslætti í verslun okkar í Faxafeni.

RÝMINGARSALA 25-70% AFSLÁTTUR

EKKI MISSA AF ÞESSU

FAXAFENI 5
Reykjavík s: 588 8477

Betra BAK

## Veður




Norðlæg átt, 8-13 m/s. Dregur úr vindi V-lands síðdegis, en gengur í allhvassa eða hvassa norðvestanátt á austanverðu landinu undir kvöld. Él á N- og A-landi, en annars léttskýjað að mestu. SJÁ SÍÐU 16

# Ævintýraverur á skautum



Þessi vel dulbúnu börn voru á meðal þeirra sem mættu á hrekkjavökuball listhlaupadeildar Skautafélags Reykjavíkur í Skautahöllinni í Laugardalnum í gærkvöldi. Þetta verður væntanlega ekki síðasta hrekkjavökuball ársins enda er hrekkjavakan sjálf ekki fyrr en á miðvikudaginn í næstu viku. Flest munu þó líklega fagna hátíðinni um helgina, það er að segja þau sem ekki eru andvíg innreið þessarar hátíðar í íslenskt samfélag. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Stöðuvörður í mjög ógnandi aðstæðum

**SAMFÉLAG** „Því miður hafa þeir aðilar sem haga sér svona gagnvart stöðuvörðum ekki látið sér segjast og halda sínu striki,“ segir Kolbrún Jónatansdóttir, framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs, um áreitni og hótanir í þeirra garð.

Stöðuverðir sögðu frá ofbeldi, hótunum og áreitni sem þeir verða fyrir í daglegum störfum sínum í helgarblaði Fréttablaðsins fyrr í mánuðinum. Í kjölfarið ræddi Þóra, sextug kona sem hefur starfað sem stöðuvörður í sextán ár, nánar um aðstæður stöðuvarða. „Á meðan Þóra var í viðtali við Ísland í dag þá lendir stöðuvörður, ung kona, í mjög ógnandi aðstæðum og sannaði neyðarhnappurinn gildi sitt. Lögregla og samstarfsmenn voru komnir á staðinn á örskotsstundu,“ segir Kolbrún frá.

**Lögregla og samstarfsmenn voru komnir á staðinn á örskotsstundu.**

Kolbrún Jónatansdóttir, framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs



Kolbrún segir samstarf við lögreglu gott. „Og er mikilvægt að viðhalda því. Mesta öryggið felst í því að þau ýti á neyðarhnappinn í þeim aðstæðum þar sem stöðuvörðum er ógnað,“ segir Kolbrún og minnir á að stöðuverðir geti nýtt hann til þess að ná beinu sambandi við 112. Með því að ýta á hnappinn hefst einnig upptaka af því sem fram fer sem hægt er að nota ef tekin er ákvörðun um að kæra ofbeldi eða hótanir.

Kolbrún segir hins vegar að þrátt fyrir að þeir fáu sem ógni og hóti láti ekki af hegðun sinni finni stöðuverðir almennt fyrir jákvæðara viðmóti. – kbg

## Fleiri snjóflóð af mannavöldum

**NÁTTÚRA** Snjóflóð af mannavöldum voru tíð veturinn 2017 og 2018 og svo virðist sem þau verði tíðari með hverjum vetrinum. Þetta kemur fram í skýrslu Veðurstofu Íslands um snjóflóð á Íslandi síðastliðinn vetur.

Alls voru skráð 63 slík snjóflóð. Eitt flóð féll í lok desember og sex í janúar en öll önnur flóð af mannavöldum, eða 56 snjóflóð, féllu á tveggja mánaða tímabili frá fyrstu viku marsmánaðar fram í miðjan maí.

Nokkrir slösuðust í þessum snjóflóðum. Þar á meðal var göngumaður sem slasaðist alvarlega í snjóflóði við Ísafjörð í maí. Í sama mánuði voru tveir menn hætt komnir vegna ofkælingar eftir að hafa sett af stað snjóflóð í Grímsfjalli á Vatnajökli. – khn

# Umdeild mál ekki leyfð á veggjum Leifsstöðvar

**Auglýsingaskilti um íslenska laxastofninn fær ekki að hanga uppi í Leifsstöð þrátt fyrir breytingar og úrskurð siðanefndar. Isavia vill ekki umdeild mál á veggjum flugstöðvarinnar. Talsmaður segir málið snúast um tjáningarfrelsi.**

**SAMFÉLAG** „Mér finnst þetta nú fyrst og fremst snúast um tjáningarfrelsi og hvort þetta opinbera félag megi koma í veg fyrir að félagasamtök birti auglýsingu, sem varðar almannahagsmuni og á því erindi til almennings, í rými þar sem auglýsingar eru almennt leyfðar,“ segir Jón Kaldal, talsmaður Icelandic Wildlife Fund, en nýtt og breytt auglýsingaskilti samtakanna fær ekki að hanga uppi í Leifsstöð, þrátt fyrir breytingar sem gerðar hafa verið á texta þess eftir niðurstöðu siðanefndar Sambands íslenskra auglýsingastofa (SÍA).

Eins og Fréttablaðið greindi frá lét Isavia fjarlægja skilti samtakanna úr komusal Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar í júlí, þegar skiltið hafði hangið þar í tíu daga.

Rök Isavia fyrir því að taka auglýsinguna niður voru meðal annars að hún lyti að álitaefni sem tveir hópar tækjust á um í samfélaginu og Isavia hefði litið svo á að auglýsingin bryti í bága við siðareglur SÍA sem kveði á um að auglýsingar skuli ekki vera rangar og hvorki vega að öðru fólki né fyrirtækjum. Á skiltinu umdeilda var fjallað um neikvæð áhrif stórfellds laxeldis í opnum sjókvíum á umhverfið og einkum á villta Atlantshafslaxinn og vísað til Íslands sem síðasta vígis stofnsins.

Samtökin kvörtuðu til siðanefndarinnar, sem komst, eftir langa yfirlegu, að þeirri niðurstöðu að ekki væri vegið að öðrum fyrirtækjum með efni skiltisins og helstu rök Isavia fyrir því að taka skiltið niður stæðust því ekki.

Í áliti nefndarinnar kemur fram að hún hafni því ekki að fullyrðingar á skiltinu um að Ísland sé síðasta vígi Atlantshafslaxins og að laxeldi í opnum sjókvíum leiði til útrýmingar hinna einstöku villtu laxastofna Íslands, kunni að vera sannar, en telur þó að með fullyrðingunum sé engu að síður of fast að orði kveðið.

Í kjölfar niðurstöðu siðanefndarinnar sendu samtökin tillögu um nýtt skilti, þar sem ekki er eins fast að orði kveðið, til Isavia með ósk um uppsetningu.

Isavia hefur nú synjað uppsetningu skiltisins með þeim rökum að auglýsingarými í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli séu nýtt til að kynna vörur eða þjónustu en verði ekki vettvangur deilna um viðkvæm og umdeild málefni. Svo segir í rökstuðningi Isavia:

„Það er ljóst að auglýsing IWF fjallar um viðkvæmt málefni sem er mikið deilumál í íslensku þjóðlífi og stjórnmálum nú um stundir. Isavia mun því ekki veita heimild fyrir því að sú auglýsing sem borist hefur frá IWF verði sett upp í flugstöðinni. Það sama gildir um allar auglýsingar sama eðlis, algjörlega óháð málefnum eða þeirri afstöðu sem fram í þeim kemur.“

adalheidur@frettabladid.is




Upprunalega skiltið hékk í tíu daga í flugstöðinni, en var svo tekið niður.

**Mér finnst þetta nú fyrst og fremst snúast um tjáningarfrelsi.**

Jón Kaldal, talsmaður Icelandic Wildlife Fund



LED LAMPAR
Rafvirkjar



30-120 cm m. rofa
60-150 cm
3000K 4000K
LEDVANCE OSRAM
533 1900 I olafsson.is
Jóhann Ólafsson & Co

GILDIR TIL 29.10.18

# TAX FREE




## AF ÖLLUM VÖRUM

## Í ÖLLUM BÚÐUM

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT AF ÖLLUM VÖRUM. TAX FREE TILBOÐ JAFNGILDIR 19,35% AFSLÆTTI. AFSLÁTTURINN ER Á KOSTNAÐ RÚMFATALAGERSINS. VIRÐISAUKA ER AÐ SJÁLFSÖGÐU SKILAÐ TIL RÍKISSJÓÐS.

ERUM Á 6 STÖÐUM: SKEIFUNNI - SMÁRATORGI - BÍLDSHÖFÐA - GRANDA - AKUREYRI - SELFOSSI

# Dóms að vænta í máli Gests og Ragnars Hall

**DÓMSMÁL** Dómur í máli hæstaréttarlögmannanna Gests Jónssonar og Ragnars H. Hall gegn íslenska ríkinu verður kveðinn upp af Mannréttindadómstól Evrópu (MDE) á þriðjudag.

Forsaga málsins er sú að Gestur og Ragnar sögðu sig frá störfum sínum sem verjendur Sigurðar Einarssonar og Ólafs Ólafssonar í Al Thani-málinu svokallaða. Þeir töldu að réttur skjólstæðinga sinna til réttlátrar málsmeðferðar og jafnræðis við ákæruvaldið við meðferð málsins hefði ítrekað verið þverbrotinn.

Við dómskvaðningu í héraði í málinu voru lögmennirnir sektaðir um eina milljón króna hvor en hvorugur var viðstaddur. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms og ákváðu Gestur og Ragnar að leita til MDE, enda ósáttir við að vera dæmdir í héraði án þess að fá að halda uppi málsvörn. Þeir töldu að ekki um refsivert lögbrot að ræða. – sar



**Sigurður Ragnar Kristinsson við fyrirtöku málsins í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Neituðu sök í fíkniefnamáli

**DÓMSMÁL** Sigurður Ragnar Kristinsson og Hákon Örn Bergmann, sem ákærðir eru í svokölluðu Skáksambandsmáli, neituðu báðir sök við fyrirtöku í héraðsdómi í gær. Einnig er ákærður Jóhann Axel Viðarsson. Hann játaði atvikin en kvaðst ekki hafa vitað að um fíkniefni hefði verið að ræða.

Þremenningunum er gefið að sök að hafa staðið að og tekið þátt í innflutningi á sex kílóum af fíkniefnum til landsins frá Spáni, sem falin voru í skákmunum sem sendir voru til Skáksambands Íslands.

Sigurður Ragnar er fyrrverandi eiginmaður Sunnu Elviru Þorkelsdóttur sem slasaðist alvarlega þegar hún féll milli hæða á heimili þeirra á Spáni í janúar. Þá er Sigurður ákærður fyrir stórfellt skattalagabrot. Sigurður hefur neitað sök í því máli. Aðalmeðferð málsins fer fram þann 7. janúar næstkomandi. – khn



**Eiríkur Jónsson**
**prófessor**
7. sæti á lista dómnefndar

| Héraðsdómur | 25.10.2018 |
|---|---|
| Bótaskylda ríkisins viðurkennd | |
| Málskostnaður | 1.200.000 kr. |



**Jón Höskuldsson**
**héraðsdómari**
11. sæti á lista dómnefndar

| Héraðsdómur | 25.10.2018 |
|---|---|
| Skaðabætur | 4.000.000 kr. |
| Miskabætur | 1.100.000 kr. |
| Málskostnaður | 1.200.000 kr. |



**Jóhannes Rúnar Jóhannsson**
**hæstaréttarlögmaður**
12. sæti á lista dómnefndar

| Dómur Hæstaréttar | 19.12.2017 |
|---|---|
| Miskabætur | 700.000 kr. |
| Málskostnaður | 1.000.000 kr. |



**Ástráður Haraldsson**
**nýskipaður héraðsdómari**
14. sæti á lista dómnefndar

| Dómur Hæstaréttar | 19.12.2017 |
|---|---|
| Miskabætur | 700.000 kr. |
| Málskostnaður | 1.000.000 kr. |

# Óvíst hvert málum yrði áfrýjað

**Lögmenn eru ósammála um hvort Landsréttur geti fjallað um bótamál vegna skipunar dómara við réttinn. Tæpar tíu milljónir dæmdar hingað til í bætur og málskostnað vegna málsins. Einn á enn eftir að fá bætur.**

**DÓMSMÁL** Ekki hefur verið tekin ákvörðun um áfrýjun tveggja dóma sem féllu í gær um bætur til Jóns Höskuldssonar og bótarétt Eiríks Jónssonar vegna ólögmætrar skipunar dómara við Landsrétt á síðasta ári.

Aðspurður segist Einar Karl Hallvarðsson ríkislögmaður ekki eiga von á öðru en að málunum verði vísað til Landsréttar, verði þeim á annað borð áfrýjað. „Landsréttur er náttúrulega okkar áfrýjunardómstig, undir eðlilegum kringumstæðum,“ segir Einar Karl og vísar til þess að Hæstiréttur hafi oft þurft að fást við mál þar sem reglulegir dómarar þurfa að víkja sæti.

Lögmaður Jóns, Lúðvík Örn Steinarsson, er á öðru máli. „Mér finnst yfirgnæfandi líkur á því ef málinu verður áfrýjað að sá sem það geri fari þess á leit við Hæstarétt að hann taki málið til Landsréttar. Ég held það sé líka eðlilegt því Hæstiréttur hefur verið að dæma í málum sem tengjast þessari ráðningu,“ segir Lúðvík.

**6,5**
**milljónir hafa verið dæmdar í skaða- og miskabætur.**

**4,4**
**milljónir hafa verið dæmdar vegna málskostnaðar.**

**Yfirgnæfandi líkur á því ef málinu verður áfrýjað að sá sem það geri fari þess á leit við Hæstarétt að hann taki málið.**

Lúðvík Örn Steinarsson, lögmaður Jóns Höskuldssonar

„Okkur finnst dómurinn ágætlega rökstuddur hvað varðar skaðabótaskylduna en vantar kannski upp á rökstuðninginn fyrir því að fjárhæðin var lækkuð svona,“ segir Lúðvík, en Jón fór fram á rúmar 30 milljónir í skaðabætur með vísan til þess hve mikið laun hans hefðu hækkað út starfsævina við að fara úr stóli héraðsdómara upp í Landsrétt. Honum voru hins vegar dæmdar fjórar milljónir.

Munurinn á launum dómara við héraðsdóm og Landsrétt eru 280.000 krónur á mánuði. Hefði Jón orðið dómari við Landsrétt hefði hann þénað þrjár milljónir til viðbótar við laun hans nú.

Auk þeirra tveggja dóma sem féllu í héraði í gær hefur Hæstiréttur þegar skorið úr um bótarétt hinna tveggja dómaraefnanna sem ekki voru skipaðir í Landsrétt þrátt fyrir að hafa verið meðal þeirra fimmtán sem dómnefnd taldi hæfasta. Kröfum þeirra beggja um viðurkenningu á skaðabótaskyldu var hafnað en þeim hvorum um sig dæmdar 700.000 krónur í miskabætur.

Samanlögð fjárhæð bóta sem dæmdar hafa verið vegna skipunar dómara við Landsrétt nemur því 6,5 milljónum og málskostnaður sem dæmdur hefur verið í þessum fjórum bótamálum sem rekin hafa verið vegna málsins nemur 4,4 milljónum.

Enn er ekki búið að leysa úr öllum óvissuþáttum eftir skipun dómara við Landsrétt sem Hæstiréttur hefur dæmt ólögmæta.

Eftir er að ákveða fjárhæð bóta fyrir Eirík Jónsson en fallist var á skaðabótaskyldu ríkisins gagnvart honum í héraði í gær án þess að tiltekin fjárhæð væri dæmd.

Þá má nefna mál sem nú er rekið fyrir Mannréttindadómstól Evrópu vegna meints vanhæfis Arnfríðar Einarsdóttur Landsréttardómara til að dæma mál við dóminn með vísan til skipunar hennar, en hún var ekki á lista dómnefndar yfir hæfustu umsækjendur en var þó skipuð dómari við réttinn.

adalheidur@frettabladid.is





HARÐPARKET, VIÐARPARKET,
FLÍSAR & INNIHURÐIR
GÆÐI, ÞJÓNUSTA & GOTT VERÐ
Birgisson®
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is

# Leita logandi ljósi að sökudólgi

**FBI stýrir rannsókn á sprengjusendingum til áhrifamanna innan bandaríska vinstrisins. Ekki víst að sprengjunum hafi verið ætlað að springa. Forsetinn kennir fjölmiðlum um hatursfulla orðræðu en eitt fórnarlamba skýtur til baka á forsetann og segir æsimennsku hans og hótanir til háborinnar skammar.**

**BANDARÍKIN** Umfangsmikil leit að sprengjuvargi stendur nú yfir í Bandaríkjunum eftir að fjöldi áhrifamanna innan bandaríska Demókrataflokksins fékk sendar sprengjur í pósti. Í gær kom í ljós að tvær sprengjur hefðu verið sendar Joe Biden, fyrrverandi varaforseta, og ein leikaranum Robert De Niro.

Áður hafði verið greint frá sprengjusendingum til Baracks Obama, Clinton-hjóna, George Soros, CNN og fyrrverandi leyniþjónustustjórans Johns Brennan, þingkonunnar Maxine Waters og fyrrverandi dómsmálaráðherrans Erics Holder. Síðastnefndi pakkinn var þó endursendur til Debbie Wasserman Schultz, fyrrverandi formanns miðstjórnar Demókrataflokksins, en heimilisfang hennar var að sögn heimildarmanna bandarískra fjölmiðla að finna á fleiri pökkum.

Sprengjurnar sem ætlaðar voru Biden og De Niro, en komust aldrei í hendur þeirra, voru áþekkar sprengjunum sem áður hafði verið fjallað um og þær því taldar hluti af þessu sama máli. Um rörasprengjur er að ræða. Sprengjupúður og glerbrot sett inn í plaströr sem var svo þakið svörtu límbandi. Á sprengjunni sem send var Brennan og CNN mátti einnig finna stafræna klukku og ef til vill á öðrum sprengjum líka.

Sprengjan sem ætluð var De Niro var send á Tribeca Grill, veitingastað í hans eigu í New York-borg. Framleiðslufyrirtæki hans, TriBeCa Films, er í sama húsi. Samkvæmt fréttastofu NBC var enginn inni á staðnum þegar sprengjan uppgötvaðist. Öryggisvörður á staðnum hafði verið heima hjá sér að fylgjast með fréttum af þessu máli þegar hann mundi eftir því að hafa séð álíka pakka í póstherbergi byggingarinnar. Hann hringdi svo í lögreglu sem fór á staðinn og fjarlægði pakkann.

Sprengjurnar sem ætlaðar voru Joe Biden fundust hins vegar sín á hvorri póstflokkunarstöðinni í heimaríki hans, Delaware. Önnur í Wilmington og hin í New Castle.

Ekki er enn vitað hvort sprengjurnar hefðu í raun og veru getað sprungið og ber sérfræðingum og heimildarmönnum bandarískra fjölmiðla ekki saman um það. Viðmælendur The New York Times drógu það til að mynda í efa á meðan viðmælendur CNN sögðu sprengjurnar „illa gerðar en nothæfar“.

Öll skotmörkin hafa gagnrýnt Donald Trump, forseta Bandaríkjanna, harðlega í fortíðinni og Trump skotið afar fast til baka. Til að mynda kallað Hillary Clinton spillta og Maxine Waters greindarskerta. Forsetanum hefur í gær og fyrradag verið kennt um að skapa sundrað og hatursfullt pólitískt andrúmsloft í Bandaríkjunum og því haldið fram að það hafi leitt til þessa voðaverks.

Trump sagði í gær að stór hluti þeirrar reiði sem greina mætti í bandarísku samfélaginu væri tilkominn vegna „falskrar og rangrar“ umfjöllunar meginstraumsfjölmiðla. „Þetta er orðið svo slæmt og hatursfullt að það er varla hægt að lýsa því lengur. Meginstraumsfjölmiðlar þurfa að taka sig saman í andlitinu Í SNATRI,“ tísti forseti.

Brennan, eitt skotmarkanna, svaraði um hæl á sama miðli: „Hættu að kenna öðrum um og líttu í spegil. Æsimennska þín, móðganir, lygar og hvatningar til líkamlegs ofbeldis eru til háborinnar skammar. Takt þú þig saman í andlitinu. Reyndu að haga þér eins og forseti.“

Samkvæmt CNN rannsaka yfirvöld málið sem innanríkishryðjuverk og liggja alþjóðleg hryðjuverkasamtök ekki undir grun. Verið er að reyna að rekja sendingarnar til baka til sendanda og stýrir hryðjuverkadeild alríkislögreglunnar FBI rannsókninni.

**thorgnyr@frettabladid.is**

**» Alls hefur verið greint frá því að tíu sprengjur hafi verið sendar á áhrifamenn í Bandaríkjunum.**

### Rýnt í sprengjuna sem barst CNN



Á tækinu var að finna miða með grínútgáfu af fána hryðjuverkasamtakanna ISIS. Á fánanum er að finna útlínur þriggja kvenna og frasann „Get er done“ sem eru eins konar einkennisorð grínistans Larry the Cable Guy. Grínfréttasíðan World News Bureau bjó myndina til og hefur henni síðan verið deilt á spjallborðum hins hægrisins (e. Alt-right).




ABC News birti fyrst myndina af þessu tæki en það var sent á fréttastofu CNN í New York og einnig stílað á John Brennan, fyrrverandi yfirmann leyniþjónustunnar CIA. Að sögn heimildarmanns CNN ber tækið þess ekki merki að reyndur sprengjugerðarmaður hafi búið það til. Annar sagði að sprengjumaðurinn hefði ekki einu sinni reynt að fela tækið almennilega og það væri vísbending um að því hefði verið ætlað að finnast. Sprengjan hefði þó vissulega verið „í nothæfu ástandi“.

**00:01** Stafræn klukka var á tækinu og finna má slíka klukku á Amazon fyrir nokkra hundraðkalla. Samkvæmt frásögn The New York Times er klukkan vísbending um að tækið sé í raun ekki gert til að springa. Alvöru sprengja hefði ekki klukku með niðurtalningu fyrir fórnarlambið heldur tíðkist það bara í kvikmyndum.

**Þetta er orðið svo slæmt og hatursfullt að það er varla hægt að lýsa því lengur. Meginstraumsfjölmiðlar þurfa að taka sig saman í andlitinu Í SNATRI.**

Donald Trump, forseti Bandaríkjanna



**Hættu að kenna öðrum um og líttu í spegil. Æsimennska þín, móðganir, lygar og hvatningar til líkamlegs ofbeldis eru til háborinnar skammar. Takt þú þig saman í andlitinu.**

John Brennan, fyrrverandi yfirmaður CIA





Gina Haspel, yfirmaður leyniþjónustunnar (CIA). NORDICPHOTOS/AFP

## Haspel hlýddi á upptökuna

**BANDARÍKIN** Gina Haspel, yfirmaður bandarísku leyniþjónustunnar CIA, mun funda með Donald Trump forseta um ferð sína til Tyrklands fyrr í vikunni. Þar fékk hún að hlusta á hljóðupptöku sem yfirvöld í Tyrklandi fullyrða að sé frá því þegar sádiarabíski blaðamaðurinn Jamal Khashoggi var aflimaður, pyntaður og myrtur á ræðisskrifstofu Sádi-Araba í tyrknesku borginni Istanbúl.

**» Yfirmaður CIA hlýddi á upptöku sem Tyrkir segja að sé frá því þegar Jamal Khashoggi var aflimaður, pyntaður og myrtur.**

Ríkissaksóknaraembætti Sádi-Arabíu sagði í yfirlýsingu í gær að útlit væri fyrir að morðið á Khashoggi hefði verið þaulskipulagt. Þetta stangast á við fyrri yfirlýsingar um að Khashoggi hafi látist í slagsmálum þegar leyniþjónustumenn yfirheyrðu hann í óþökk stjórnvalda.

Þá greindi ríkisfréttastöð Sádi-Arabíu frá því í gær að Mohammed bin Salman, krónprins og þjóðarleiðtogi, hefði stýrt fyrsta fundi nýrrar nefndar um umbætur á störfum leyniþjónustunnar í gær. Nefndin var skipuð í kjölfar morðsins á Khashoggi. Auk þess að skipa nefndina hafa tveir ráðgjafar verið reknir og átján einstaklingar handteknir vegna málsins. – þea



# Sterkari saman!

43. þing ASÍ

24.-26. október 2018




Alþýðusamband Íslands

FRÉTTABLAÐIÐ
# SKOÐUN

## Eyland



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Markaðurinn getur vissulega oft verið skrýtin skepna. Sú þróun sem við höfum orðið vitni að síðustu vikur og mánuði – hlutabréfaverð fer lækkandi, gengið fellur og verðbólguálag hækkar – ætti hins vegar að koma fáum á óvart. Þrátt fyrir að engar undirliggjandi efnahagsforsendur réttlæti þá miklu og vaxandi svartsýni sem nú einkennir um margt stjórnendur fyrirtækja og fjárfesta þá eru fjármálamarkaðir framsýnir og stjórnast af væntingum um þróun efnahagsmála. Öll óvissa, líkt og við sjáum núna vegna stöðunnar á vinnumarkaði, er eitur í beinum fjárfesta. Eftir að kröfugerð verkalýðsfélaganna leit dagsins ljós hefur sú óvissa aukist til muna enda eru kröfurnar með slíkum ólíkindum að það tekur nánast engu tali. Ómögulegt er að sjá hvernig þær geta verið grundvöllur að viðræðum um kjarasamninga sem fela í sér raunverulegar kjarabætur.

Það eru ekki aðeins fjárfestar sem eru að reyna að lágmarka skaðann af þeirri hringrás gengisveikingar, aukinnar verðbólgu og hækkunar vaxta sem nú er útlit fyrir að sé að hefjast. Heimilin óttast einnig afleiðingarnar af bólgnum kjarasamningum um innistæðulausar launahækkanir. Þau eru því farin að bregðast við með því að skuldbreyta verðtryggðum fasteignalánum í óverðtryggð á föstum vöxtum til að verja sig gagnvart mögulegu verðbólguskoti. Engan skal undra. Umræðan í aðdraganda kjarasamninga er nefnilega farin að taka á sig æ skrýtnari mynd þar sem staðreyndir virðast ekki skipta máli og efnislegri gagnrýni er svarað með skætingi og útúrsnúningum. Staðan er ískyggileg.

Verkalýðshreyfingunni er nú stýrt af lýðskrumurum og fólki sem aðhyllist marxískar kennisetningar um viðvarandi stéttastríð milli atvinnurekenda og launafólks. Sameiginlega hafa þau vakið falsvonir á meðal almennings um að hægt sé að ná fram stórfelldum launahækkunum án þess að nokkuð muni gefa eftir. Í krafti valdastöðu þeirra sinnar sem leiðtogar helstu stéttarfélaga landsins hefur málflutningur þeirra, sem allajafna ætti að afgreiða sem jaðarskoðun sem engum bæri að taka alvarlega, fengið mun meira vægi í almennri umræðu en þekkist á hinum Norðurlöndunum. Það er þess vegna ekki aðeins mikilvægt heldur nauðsynlegt að mun fleiri – stjórnendur fyrirtækja, stjórnmálamenn og núverandi og fyrrverandi áhrifamenn í verkalýðshreyfingunni – stígi fram og bendi á ruglið. Með sama framhaldi, þar sem sjálfskipuðum byltingarsinnum með takmarkað umboð á bak við sig, hálfgert eyland, er leyft að einoka umræðuna án mótspyrnu, stefnir að öðrum kosti í óefni.

**Sameiginlega hafa þau vakið falsvonir á meðal almennings um að hægt sé að ná fram stórfelldum launahækkunum án þess að nokkuð muni gefa eftir.**

Stóra myndin er þessi. Á Íslandi eru meðallaun og lágmarkslaun ein þau hæstu sem þekkjast á meðal OECD-ríkja. Ólíkt Íslendingum þá dettur engum í hug í okkar nágrannaríkjum að semja um almennar launahækkanir sem eru í engu samræmi við framleiðni. Þannig var í Noregi nýlega samið um tæplega tveggja prósenta nafnlaunahækkun. Af hverju? Af því að þar ríkir sameiginlegur skilningur á því að atvinnulífið stæði ekki undir meiri launakostnaði við núverandi efnahagsaðstæður. Sömu sjónarmið eiga nú við hér á landi. Þótt Ísland sé eyríki á norðurhveli jarðar þá eigum við í alþjóðlegri samkeppni um vinnuafl og fjármagn. Hvernig Íslandi reiðir af í þeirri samkeppni, einkum útflutningsfyrirtækjunum, ákvarðar þá verðmætasköpun sem er til skiptanna hverju sinni. Ef við ákveðum að skeyta ekkert um þessi hagfræðilegu lögmál þá verður niðurstaðan enn ein efnahagslega kollsteypan. Þetta er ekki flókið.

## Halldór





Símaveski.is



Símaveski, heyrnartól, snúrur og allt fyrir símann.

Símaveski.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind


## Frá degi til dags

**Á hálum ís**

**Ummæli Sigríðar Á. Andersen dómsmálaráðherra um að ályktanir um launamun kynjanna séu rangar hafa vakið takmarkaða lukku. Þorsteinn Víglundsson Viðreisnarmaður sagði ráðherrann á hálum ís og aðstandendur Kvennafrís vöruðu aðferðafræði sína við útreikninga á hinum kynbundna launamun. Fjölmargir fleiri kvöddu sér svo hljóðs í umræðum á netinu. Theódór Elmar Bjarnason knattspyrnumaður kom ráðherra þó til varnar. Tók undir þau orð ráðherra að ungar konur þéni meira í störfum fyrir hið opinbera en ungir karlar, samkvæmt skýrslu velferðarráðuneytisins, og hvatti unga íslenska karla til að taka sig saman og byrja jafnlaunabaráttuna.**

**Og meiri ís**

**En Sigríður Á. Andersen glímir ekki einungis við umræðuna um kynbundin launamun þessa dagana. Frumvarp sem ráðherrann lagði fram á dögunum, og felur meðal annars í sér að nöfn sakamanna verði ekki lengur birt í dómum, er afar umdeilt.**

**Þá féll sömuleiðis dómur í gær þar sem ríkið var dæmt til að greiða Jóni Höskuldssyni skaðabætur vegna skipunar Sigríðar á dómurum í Landsrétt og var ríkið einnig dæmt skaðabótaskylt í máli Eiríks Jónssonar.**

**thorgnyr@frettabladid.is**

## Framtíðarsýn í miðborg



Hjálmar Sveinsson
borgarfulltrúi

Það er áhugavert að horfa vestur Tryggvagötu þessa haustdaga í borginni og virða fyrir sér hvernig nýju húsaröðina, sem risin er við Hafnartorg, ber við Tollhúsið með fallegu mósaíkmyndinni hennar Gerðar Helgadóttur. Ekki sakar að heil röð af reynitrjám hefur skotið rótum meðfram nýbyggingunum. Þarna er komin skýr heild, gyllt og bronslituð með opnum jarðhæðum, þar sem áður var grá bílastæðaauðn. Á vinstri hönd opnast ein elsta gata borgarinnar, Hafnarstræti, með nýrri hellulögn, götutrjám og endurbyggðu Thomsenhúsi og Rammagerðarhúsi. Hið gamla fléttast saman við hið nýja. Norðan og sunnan Geirsgötu eru að rísa 150 íbúðir. Þær bætast við 250 íbúðir sem eru langt komnar í smíðum uppi á Hverfisgötu. Aðeins vestar á Tryggvagötu er að verða til nýtt Bæjartorg með Bæjarins Beztu. Gamla steinbryggjan sem lá frá Pósthússtræti niður í höfn verður hluti torgsins. Enn vestar, á mótum Tryggvagötu og Geirsgötu, hefur gamla Fiskhöllin með sinn fallega turn verið endurbyggð. Einnig Exeterhúsið. Þar er líka að verða til torg fyrir fólk þar sem áður voru bílastæði.

Langt er síðan umræðan um endurreisn miðborgarinnar hófst. Hún spratt upp fyrir 20 árum og var viðbragð við Kringlunni, sem hjó stór skörð í miðborgarverslunina. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgarstjóri lét málefni miðborgarinnar mjög til sín taka og efndi til hugmyndasamkeppni árið 2002 um skipulag tónlistarhúss, hótels, ráðstefnumiðstöðvar og tengdra bygginga við austurhöfnina. Hún hafði framtíðarsýn.

**Langt er síðan umræðan um endurreisn miðborgarinnar hófst. Hún spratt upp fyrir 20 árum og var viðbragð við Kringlunni, sem hjó stór skörð í miðborgarverslunina.**

Á þessu svæði er nú að verða til verslunarkjarni. Fataverslunin H&M var opnuð á tveimur hæðum á Hafnartorgi um daginn. Fleiri innlendar og alþjóðlegar verslanir verða opnaðar næsta vor. Það eru líka fréttir að Fréttablaðið er að flytja á Hafnartorg.

Á niðurlægingartímabili miðborgarinnar frá 1970 til 2000 fluttu allir fjölmiðlar burt úr miðborginni. Og ekki bara þeir, heldur líka verslanir, heildsölufyrirtæki, tryggingafyrirtæki, bankar, Eimskip, Leikfélag Reykjavíkur, Ríkisútvarpið. Skipulagt miðflóttaafl þeytti þessu öllu inn í Múla, Skeifu, Sundahöfn og í Kringlumýrina. Nú er þetta að snúast við. Endurreisn gamalla húsa, bygging nýrra og mikið mannlíf ber því vitni.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Almenningur dreginn á þing

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Þingmenn Pírata lögðu fram í vikunni áhugaverða tillögu á Alþingi. Samkvæmt henni verða í hverjum mánuði dregin af handahófi nöfn tíu kjósenda og þeim gert að ávarpa Alþingi í tvær mínútur. Eins og svo oft áður eru Píratar skemmtilegir, frjóir í hugsun og óhræddir við að fara ótroðnar slóðir. Þetta eru eiginleikar sem almennt hefur lítt verið hampað í íslenskum stjórnmálum hingað til þar sem leiðindi, íhaldssemi, varkárni og blind höfðingjahollusta hafa jafnan talist mikilvægustu dyggðir þeirra sem vilja ná frama í starfi fjórflokksins.

Tillögunni er ætlað að tryggja að þingið verði í forystu við að efla lýðræði og þátttöku almennings í stjórnmálum, segir í greinargerð.

**Framkvæmdin**

En hvernig kæmi svona til með að virka? Maður gæti séð fyrir sér að þeir kjósendur sem eru svo heppnir að vera „dregnir upp úr lukkupottinum“ fái bréf (eða tölvupóst eða IM) frá þinginu um að þeir eigi að mæta á Austurvöll á tilteknum tíma til þess að tala í tvær mínútur við háttvirtan þingheim. Þessu hljóta kjósendur flestir að taka sem kærkomnu tækifæri og þeir undirbúa sig af kostgæfni, láta pressa bestu fötin og æfa ræðuna fyrir framan spegilinn.

Ég sé svo fyrir mér að tíu manna hópur kjósenda, hvaðanæva af landinu, mæti klukkan 13 á fimmtudegi í þinghúsið. Þetta væri vitaskuld þverskurður þjóðarinnar, fólk af báðum kynjum og á öllum aldri. Þarna væri kannski grunnskólakennari, pípari, sveitaprestur, ljóðskáld, hasshaus, verðbréfamiðlari, mannauðsstjóri, ræstitæknir, vörubílstjóri og einn handrukkari á bótum.

Það væri mikið látið með þennan viðburð. Forseti þingsins og starfsfólk myndu taka á móti hópnum, og teknar væru bæði ljósmyndir og hreyfimyndir með fullkominni lýsingu. Það væru haldnar ræður um mikilvægi þess að ekki myndist gjá milli þings og þjóðar, og að lifandi lýðræði væri undirstaða réttláts samfélags.

Svo myndu ræðumennirnir tíu koma inn í þingsal. Þar væru auðvitað allir þingmennirnir mættir og sætu sperrtir, með skilningsríkan og alþýðlegan svip. Þeir myndu allir tala um hversu þakklátir þeir væru að fá að heyra venjulegt fólk koma í þinghúsið og segja að afar þeirra og ömmur hefðu líka bara verið ósköp venjulegt fólk eins og þetta lið sem vann í lýðræðislottóinu og það væri bara oft mikið að marka venjulegt fólk, eins og afa þeirra og ömmur.

**Mikið til í þessu**

Ég sé fyrir mér að hinir lánsömu þinggestir tali almennt af kurteisi en þó muni einhverjir lesa hressilega yfir hausamótunum á þingmönnum og skamma þá fyrir að vera alltaf að rífast og alltaf í fríi, og þá munu þingmennirnir verða mjög ábúðarfullir á svip, kinka ákveðið kolli, taka fúslega á sig sökina, horfa svo hver til annars og kinka enn ákveðnar kolli, bíta aðeins í neðri vörina og hvísla svo sín á milli: „Það er mikið til í þessu hjá henni …“

Svo væri tíumenningunum boðið í te eða kaffi og kökur eða vöfflur og fengju að taka myndir af sér í þingflokksherbergjum, og sumir færu í viðtal við fréttamann og segðu frá reynslu sinni. Þingmennirnir myndu djóka með almenningi og taka sjálfur og setja á instasnappið. Gestirnir myndu segja að þessir þingmenn séu nú bara alveg ágætir og engir stjörnustælar í þeim. Og einhverjir myndu segja að þeir gætu alveg eins hugsað sér að gerast hreinlega bara sjálfir þingmenn. Og þingmennirnir myndu hlæja að því og finnast það ósköp krúttlegt.

Og kannski mun einhver hinna heppnu flytja ræðu sem slær í gegn og enda sjálfur á þingi þar sem hann situr mánaðarlega og hlustar á aðra óbreytta kjósendur koma og skamma þingmenn. Og þá horfir hann skilningsríkur á ræðumanninn og hvíslar svo til hinna þingmannanna: „Þetta er alveg rétt hjá henni …“.

**Önnur leið**

Reyndar er fræðilegur möguleiki á því að einhverjir sem af handahófi eru valdir til þess að halda tveggja mínútna ræðu yfir þingheimi kæri sig engan veginn um það. Ég veit um fólk sem myndi miklu frekar vilja vinna það í happdrætti að láta draga úr sér tönn án deyfingar heldur en að þurfa að tala í tvær mínútur í þingsal.

En kannski þarf Múhameð ekki að koma til fjallsins. Kannski kemur fjallið til Múhameðs. Væri ekki einmitt miklu meiri lærdómur fólginn í því ef einn dag í mánuði þyrfti Bjarni Ben að mæta á kassa í Krónunni í Borgarnesi, Katrín Jakobsdóttir á færibandið í Granda, Björn Leví á bensínstöð í Breiðholti, Áslaug Arna á humarveiðar frá Höfn, Sigmundur Davíð í mötuneyti í Austurbæjarskóla og Willum Þór Þórsson í Laugardalinn að þjálfa knattspyrnulandsliðið (bíðið … væri það kannski eitthvað).

En þetta er eflaust alltof róttæk hugmynd, meira að segja fyrir Pírata.

VÍNBÚÐIN DALVEGI
LOKUÐ 29. OG 30. OKTÓBER

Vínbúðin Dalvegi verður lokuð vegna framkvæmda mánudaginn 29. október og þriðjudaginn 30. október.

Við bendum viðskiptavinum á að næstu Vínbúðir eru í Smáralind og Kauptúni Garðabæ.

Vínbúðir með lengri opnunartíma eru í Skeifunni og Skútuvogi: mán-fös 10-20, lau 11-18.

Við þökkum þolinmæðina og hlökkum til að taka á móti ykkur í enn betri Vínbúð.

VÍNBÚÐIN




**Brooklyn Bread**

Frábærir pizzabotnar og brauðstangir beint frá Brooklyn!

verð frá **649** kr/pk



**Kimberley´s**

Gómsætar bollakökur

verð frá **499** kr/pk




**Reese´s**

Í öllu sínu veldi

verð frá **129** kr/stk




**Kraft sykurpúðar og krem**

Fyrir alvöru sykurpúða

verð frá **499** kr/pk




**Late July**

Tortillasnakk og salsa

verð frá **799** kr/stk




**Hershey´s kossar**

Fyrir þá sem eiga þá skilið

**999** kr/stk




**Taco Bell**

Fyrir taco unnendur!

verð frá **899** kr/pk



TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa

1.699 kr/kg
Verð áður 1.999.-

## NAUTABRINGA



TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa

4.249 kr/kg
Verð áður 4.999.-

## NAUTA T-BONE



TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa

3.749 kr/kg
Verð áður 4.999.-

## NAUTA RIBEYE



TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa

1.699 kr/kg
Verð áður 1.999.-

## NAUTA POT ROAST



TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa

1.189 kr/kg
Verð áður 1.399.-

## NAUTAKINNAR



**Act II Xtreme Butter**

Ómissandi á Netflix kvöldum

599 kr/pk



**Hi-C**

Sannkölluð nostalgía

749 kr/pk



**Grasker**

Leynist útskurðarmeistari á þínu heimili?

199 kr/kg



**M&M**

Frábært úrval

verð frá 889 kr/pk



**Néstle Tollhouse**

Þegar baka á bestu smákökurnar

449 kr/pk



**Guinness**

Klárt í ofninn

999 kr/pk

HAGKAUP

*Meira svona alla daga*



Bakvörðurinn Kiana Johnson hefur verið einn öflugasti leikmaður deildarinnar og á stóran þátt í góðu gengi KR-liðsins fyrstu leikina. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Stefni leynt og ljóst á titilbaráttu

**Unnur Tara Jónsdóttir og liðsfélagar hennar hjá KR eru nýliðar í efstu deild kvenna í körfubolta. Það er ekki að sjá að liðið sé að koma upp úr 1. deild sé tekið mið af fyrstu fimm umferðum Domino's-deildarinnar.**

**KÖRFUBOLTI** Kvennalið KR í körfubolta hefur ekki látið neinn bilbug á sér finna þrátt fyrir að liðið sé nýliði í Domino's-deildinni á yfirstandandi leiktíð.

Vesturbæingar eru ásamt Snæfelli á toppi deilarinnar með átta stig þegar fimm umferðir hafa verið leiknar. Þar á eftir koma Keflavík og Stjarnan með sex stig hvort lið.

Lið KR samanstendur af ungum uppöldum leikmönnum, þremur erlendum leikmönnum sem komu allir fyrir tímabilið og svo er reynsluboltinn Unnur Tara Jónsdóttir á svæðinu til þess að koma með sigurhefð inn í hópinn.

Unnur Tara varð Íslandsmeistari með KR síðast þegar liðið varð Íslandsmeistari árið 2010. Hún lagði svo körfuboltaskóna tímabundið á hilluna á meðan hún hélt utan í læknisnám.

> Ég persónulega á ekkert ofboðslega langt eftir af leikmannsferli mínum og það fer hver að verða síðastur að bæta titlum í safnið.
>
> Unnur Tara Jónsdóttir

Benedikt Guðmundsson, sem þjálfar KR-liðið í dag og var sömuleiðis við stjórnvölinn þegar liðið lyfti dollunni fyrir átta árum, hóaði í Unni Töru þegar KR var í næstefstu deild á síðustu leiktíð. KR-ingar fóru taplausir í gegnum deildarkeppnina síðasta vetur og hafa svo gert sig gildandi í upphafi yfirstandandi leiktíðar.

„Það hefur náttúrulega svakalega mikið breyst frá því að ég var síðast að spila í efstu deild hér heima. Bæði almennt í deildinni og í Vesturbænum. Þeir leikmenn sem eru kjarninn í liðinu voru í yngri flokkunum þegar ég var hér síðast og það er ofboðslega gaman að sjá hversu langt þær eru komnar á ferlinum," segir Unnur Tara um þær breytingar sem hafa orðið á milli skeiða hjá henni í KR liðinu.

„Það eru svo fleiri erlendir leikmenn núna sem er bara jákvætt að mínu mati og gerir deildina bara sterkari. Til að mynda hjá okkur, þá hafa þeir þrír erlendu leikmenn sem eru hjá okkur aðlagast hratt og vel og bæta okkar lið umtalsvert. Ungir leikmenn eins og samherji minn, Ástrós Lena Ægisdóttir, sem dæmi, þurfa að kljást við öfluga leikmenn í hverjum leik. Hún hefur gott af því og mér finnst hún bæta sig með hverjum leik sem hún spilar," segir hún um framhaldið hjá KR-ingum.

„Við erum að kynnast betur og betur sem hópur og ég tel að við getum bætt okkur töluvert þó að byrjunin hafi verið góð. Markmiðið hjá liðinu var fyrst og fremst að halda sér í deildinni. Ég sjálf er hins vegar keppnismanneskja og það eru fleiri í liðinu sem stefna leynt og ljóst að því að komast í úrslitakeppni og berjast um þá titla sem í boði eru þegar þar að kemur. Ég persónulega á ekkert ofboðslega langt eftir af leikmannsferli mínum og það fer hver að verða síðastur að bæta titlum í safnið," segir hún um stöðu mála og framhaldið hjá Vesturbæjarliðinu.

hjorvaro@frettabladid.is

# Hitinn tók á íslenska liðið í Katar

**HÓPFIMLEIKAR** Fulltrúar Íslands í karlaflokki kepptu á HM í hópfimleikum í Doha, í gær en komust ekki í úrslitin sjálf og hafa því lokið keppni. Fulltrúar Íslands í kvennaflokki hefja keppni á laugardaginn. Íslenska liðið er búið að dvelja í Doha undanfarna daga og æfa við frábærar aðstæður til að venjast hitanum í Katar en það virðist sem dagsformið hafi skipt máli og þetta hafi ekki verið dagur íslenska liðsins.

Valgarð Reinhardsson var að keppa öðru sinni á HM og kom fullur sjálfstrausts eftir að hafa komist í úrslitin á EM fyrr á árinu en honum tókst ekki að fylgja því eftir.

„Þetta er afar svekkjandi, það fór því miður of margt úrskeiðis í dag. Ég réði því miður ekki við hitann sem var hérna og var ekki nægilega tilbúinn."

Eyþór Örn Baldursson tók í sama streng og fann fyrir svekkelsi þegar ljóst var að hann kæmist ekki í úrslit. Mistök urðu honum að falli þótt að hann hafi fengið frábæra einkunn fyrir stökk.

„Þetta byrjaði vel, við komum spenntir inn í þetta en þá fór eitthvað úrskeiðis. Það er svekkjandi en svona er þessi íþrótt og við þurfum bara að einblína á næsta mót."

Jón Sigurður Gunnarsson náði ekki að beita sér á fullu vegna bakmeiðsla sem hafa truflað undirbúninginn og keppti hann aðeins í þremur greinum af sex í gær.

„Ég náði að klára þær greinar sem ég tók þátt í og það gekk bara vel. Þetta var skemmtileg upplifun og gefur manni aukna orku til að bæta sig og gera betur í framtíðinni." **– kpt**




Jón Sigurður með lipra takta á hestinum í Doha. MYND/FIMLEIKASAMBAND ÍSLANDS

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

Fleiri myndir frá HM í Katar frá Fimleikasambandi Íslands má sjá á +Plús síðu Fréttablaðsins.

**Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.**

## Nýjast

**Domino's-deild karla**

**Þór Þ. - Grindavík 90-80**

**Þór Þ.:** Nikolas Tomsick 24, Gintautas Matulis 17, Kinu Rochford 14, Ragnar Örn Bragason 13, Emil Karel Einarsson 10, Davíð Arnar Ágústsson 6, Halldór Hermannsson 6.
**Grindavík:** Sigtryggur Arnar Björnsson 29, Ólafur Ólafsson 15, Lewis Clinch Jr. 13, Jordy Kuiper 11, Kristófer Breki Gylfason 5, Hilmar Kristjánsson 3.

**Tindastóll - Njarðvík 95-73**

**Tindastóll:** Pétur Rúnar Birgisson 29, Urald King 16/17 fráköst, Danero Thomas 16, Dino Butorac 11, Viðar Ágústsson 6, Hannes Ingi Másson 6, Helgi Rafn Viggósson 3.
**Njarðvík:** Mario Matasovic 16/10 fráköst, Logi Gunnarsson 13, Maciek Stanislav Baginski 12, Jeb Ivey 9, Ólafur Helgi Jónsson 7, Jón Arnór Sverrisson 4.

**Haukar - Breiðablik 96-92**

**Haukar:** Haukur Óskarsson 26, Marques Oliver 23/11 fráköst, Kristján Leifur Sverrisson 16, Hilmar Smári Henningsson 11, Kristinn Marinósson 7, Arnór Bjarki Ívarsson 5.
**Breiðablik:** Christian Covile 25, Snorri Hrafnkelsson 22, Erlendur Ágúst Stefánsson 17, Arnór Hermannsson 7, Þorsteinn Finnbogason 6, Hilmar Pétursson 6.

**Keflavík - Stjarnan 68-66**

**Keflavík:** Michael Craion 15, Hörður Axel Vilhjálmsson 14, Magnús Már Traustason 10, Gunnar Ólafsson 9, Mantas Mockevicius 8, Guðmundur Jónsson 4,.
**Stjarnan:** Collin Anthony Pryor 15,Ægir Þór Steinarsson 12, Paul Anthony Jones 12, Antti Kanervo 10, Hlynur Elías Bæringsson 10, Tómas Þórður Hilmarsson 4.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Tindastóll | 8 | Haukar | 4 |
| Stjarnan | 6 | Þór Þ. | 2 |
| Njarðvík | 6 | Skallagr. | 2 |
| Keflavík | 6 | Grindavík | 2 |
| KR | 4 | Valur | 0 |
| ÍR | 4 | Breiðablik | 0 |

## Gunnar snýr aftur í búrið í desember

**MMA** Gunnar Nelson, einn fremsti bardagakappi landsins, snýr aftur í UFC-búrið í desember þegar hann mætir hinum brasilíska Alex Oliveira í Toronto. Verður bardaginn hluti af UFC 231 bardagakvöldinu.

Verður þetta fyrsti bardagi Gunnars í sautján mánuði eftir að hafa tapað gegn hinum argentínska Santiago Ponzinibbio í umdeildum bardaga þar sem Ponzinibbio potaði ítrekað í augu Gunnars þrátt fyrir að það sé bannað í UFC.

Oliveira sem er kallaður Kúrekinn er í 14. sæti á styrkleikalista UFC, einu sæti fyrir ofan Gunnar fyrir bardagann. **– kpt**



Gunnar Nelson




# Keppendurnir óvanir eyðimerkurhitanum

Valgarð Reinhardsson, Eyþór Örn Baldursson og Jón Sigurður Gunnarsson kepptu á HM í áhaldafimleikum í Katar í gær. Þeir komust ekki áfram og hafa því lokið keppni en fulltrúar Íslands í kvennaflokki keppa á laugardaginn.












# Fólk
Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 26. OKTÓBER 2018

# Með teknó-ið djúpt í blóðinu

Rapparinn Elli Grill úr Shades of Reykjavík hefur vakið athygli fyrir einstakan lífsstíl, áhugaverð tónlistarmyndbönd og óhefðbundið rapp. Í nóvember er von á annarri sólóplötu hans, Pottþétt Elli. →2



MYNDIR/ERNIR









Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Framhald af forsíðu ➪

Tónlistarmaðurinn Elli Grill hefur vakið athygli fyrir sérstakan stíl og textagerð með hljómsveitinni Shades of Reykjavík og sem sjálfstætt starfandi tónlistarmaður. Á síðasta ári gaf hann út fyrstu sólóplötu sína „Þykk fitan vol.5“ og í næsta mánuði gefur hann út aðra plötu sína, „Pottþétt Elli“.



Elli slysaðist hálfpartinn inn í tónlist þegar gestur sem átti að rappa með Shades of Reykjavík kom með lélegt rapp og hann var fenginn til að taka við.

## Endaði óvart í tónlist

Elli var stofnmeðlimur í sveitinni Shades of Reykjavík. „Í byrjun vissum við bara að við vildum gera einhverja list. Ég vildi alltaf fara út í kvikmyndagerðina, en svo endaði ég í tónlistinni alveg óvart,“ segir Elli.

„Shades of Reykjavík var orðin vinsæl hljómsveit áður en ég byrjaði að rappa. Ég sá um myndböndin ásamt Arnari Guðna, en hafði alltaf sterkar skoðanir á tónlistinni. Svo opnaðist tækifæri, því það átti að vera gestur í einu laginu og hann kom með eitthvert lélegt rapp,“ segir Elli. „Þá sagði Emmi Beats, sem sá um tónlistina: „Elli gæti gert miklu betur,“ og meinti að ég væri ekki rappari en gæti samt gert betur. Ég var sammála og hann hjálpaði mér að gera þetta. Það var lagið Töfrateppi, sem varð eitt af vinsælustu lögunum hjá Shades of Reykjavík. Ég hafði aldrei rappað upphátt þegar ég gerði það.

Þetta var svolítið skondin þróun, af því að hljómsveitin var orðin svo stór. Mitt fyrsta gigg var á Prikinu og það var svo troðið að það komust ekki fleiri inn,“ segir Elli. „En eftir fyrsta giggið fann ég innra með mér að þetta var alltof auðvelt og að ég hefði einhvern svaka kraft. Það er mjög mikill djass í fjölskyldunni, sem gæti kannski útskýrt það. Ég hef litið þannig á það frá fyrsta degi að þetta sé í blóðinu.“

## Vímuefnin skemmdu alltaf allt

Shades of Reykjavík hópurinn hefur ekki farið leynt með vímuefnaneyslu sína í gegnum tíðina og hún hefur haft augljós áhrif á tónlist sveitarinnar. Meðlimir sveitarinnar hafa hins vegar snúið við blaðinu.

„Persónulega fannst mér vímuefnin alltaf skemma allt. Ég horfði á vini mína missa það alveg og nýlega hef ég líka séð góða vini mína láta lífið út af fíkniefnum,“ segir Elli. „Auðvitað skila allar upplifanir sér inn í tónlistina, það er ekki hægt að neita því. En fyrir um fimm árum, þegar þetta var mest klikkað, var ég persónulega fremstur á hjólabretti á landinu þegar kemur að „römpum“ og „bowl-um“ og var mjög heppinn að vera að eltast við það og keppa mikið úti. Ef ég hefði farið á eitthvert klikkað djamm, þá hefði ég ekki verið eins góður á hjólabretti daginn eftir. Það má segja að hjólabrettið hafi haldið mér í jafnvægi, en það þarf náttúrulega aga líka.

Þegar maður verður eldri þá koma afleiðingarnar af þessum lífsstíl,“ segir Elli. „Það er allt annað að fara að skemmta sér en að lifa lífsstíl sem er annað hvort „gangster“ eða „junkie“, það eru alltaf afleiðingar af því og það er ótrúlega sorglegt að sjá vini sína kveðja heiminn þannig. En strákarnir í Shades hafa verið mjög opnir með þetta og ég er mjög stoltur af þeim. Það er magnað að sjá vini sína næstum búna að tapa öllu og ná að koma til baka og læra af því.“

## Metnaður fyrir upplifunum

Elli hefur oft lifað óhefðbundnum lífsstíl í gegnum tíðina og meðal annars ferðast um heiminn nánast peningalaus.

„Til þess að verða góður tónlistarmaður vildi ég fá dýpt í lífið, svo ég hafði rosalegan metnað fyrir ferðalögum, skrítnum stöðum og að kynnast fólki með svipaða ástríðu í hinum og þessum stórborgum,“ segir Elli. „Þetta var hægt af því að ég var á hjólabretti. Ef ég ferðaðist til einhverrar borgar fór ég bara á næsta torg og kynntist skeiturum. Þegar þú ert frá Íslandi og góður að skeita þá reddarðu þér alltaf. Sérstaklega þegar þú ert líka góður að mynda. Ég hef samt oft verið í aðstæðunum sem ég var í. Um daginn rifjaði ég upp þegar ég gisti í hjólabrettagarði sem heitir Wonderland inni í Kristjaníu. Þetta er eitthvað sem ég myndi aldrei gera aftur. Þetta eru rosalega klikkaðar minningar.“

## Fjölskyldumaður með þráhyggju fyrir tónlist

Í dag er Elli Grill fjölskyldumaður, hann á tæplega fjögurra ára gamlan son og hann og Karen, kærastan hans, voru að kaupa sér íbúð saman nálægt miðbæ Reykjavíkur.

„Ég vinn sem verktaki við að setja upp viðburði í Hörpunni. Áður var ég verktaki í skemmtanabransanum og vann meðal annars við kvikmyndagerð hjá Pegasusi og RÚV,“ segir Elli. „Ég er rosalega ánægður í Hörpunni og fæ að vinna með ótrúlegum fagmönnum sem ég læri mikið af á hverjum degi.

Vinnutíminn er breytilegur og þá daga sem ég vinn ekki er ég með þráhyggju fyrir tónlist og fer að búa til takta um leið og ég hef farið með strákinn í leikskólann,“ segir Elli. „Seinasta árið hef ég einbeitt mér að því að búa til takta fyrir nýju plötuna.“

## Nýja platan að miklu leyti spuni

„Ég ákvað að vinna með Bjarka Ballatron við upptökur á nýju plötunni og það hefur verið mikill heiður að vinna með honum,“ segir Elli. „Ég var búinn að semja takta fyrir 16 lög en svo þegar við fórum að taka upp ákvað ég að gera allt upp á nýtt. Þannig að Bjarki framleiddi tíu lög sem ég „freestyle-aði“ yfir og svo framleiddi ég hin sex lögin, sem voru hugmyndir sem ég var búinn að vinna og gat ekki sleppt. Þannig að ég fórnaði tíu lögum og ég er hissa á því hversu vel það hefur gengið.

Fyrir vikið getur maður einbeitt sér meira að fönkinu í plötunni, í staðinn fyrir að vera að pæla í textum. Á Þykk fitan fór ég eins djúpt og ég gat í textagerðinni, þannig að það var þægilegt að gera andstæðuna á þessari plötu,“ segir Elli. „Ég vissi að ég gæti ekki gert það sem ég gerði á Þykk fitan seinna. Ég vildi byggja stigann með plötunum þannig upp að ég myndi gera fyrst eina þvílíkt alvarlega og svona eina þar sem ég nýt mín í botn. Ég stefni á að gera að minnsta kostir 3-4 sólóplötur. Nýja platan er miklu meira fjör og textarnir eru ekki eins persónulegir og klikkaðir.

Á Þykk fitan var ég líka með fastmótaðar skoðanir á því hvernig öll lögin áttu að vera fyrir fram en núna er ég opnari,“ segir Elli. „Það var líka furðulegt hvað við Bjarki smullum vel saman í samstarfinu og ég hef lært mikið af honum. Hann er algjört undur í tónlist og er að fara að gefa út sólóplötu bráðum hjá risa drum and bass útgefanda.

Ég fékk nokkra góða gesti á plötuna, þar á meðal Marlon Pollock, sem ég hef viljað gera lag með í fimm ár. Hann er svakalegur rappari og við gerðum grime-lag saman. Það er rosalegt,“ segir Elli. „Platan heitir Pottþétt Elli Grill. Þetta verður endurreisn gömlu góðu Pottþétt-platnanna. Ég stefni á að gefa hana út um miðjan nóvember og útgáfutónleikarnir verða 1. desember á Húrra.“

## Óhefðbundnir áhrifavaldar útskýra stílinn

Elli Grill hefur mjög sérstakan stíl, bæði hvað varðar textagerð og flutning.

„Ég er með frekar spes húmor sem tekur tíma að fatta og ég er alinn upp við hardcore underground teknó frá mjög ungum aldri og elst mikið upp við hliðina á hátalaranum. Ég hef bara alltaf verið að pæla í tónlist og ekki séð neitt annað. Ég var líka lengi að gera teknó og vil mjög villta raftónlist,“ segir Elli. „Svo hef ég sökkt mér í underground-tónlist á mörgum ólíkum stöðum og litast af hjólabrettamenningu. Allt þetta útskýrir svolítið af hverju rímurnar mínar og tónlistin er svona.

Ég er líka ekki háður því sem er í gangi. Það er svo auðvelt að herma eftir röppurum úti, en það er stórhættulegt,“ segir Elli. „Þess vegna hlusta ég á raftónlist og underground-tónlist sem fæstir hafa heyrt. Það er eitt af mínum helstu áhugamálum.

Klikkuðustu textarnir koma yfirleitt frá mér fullkláraðir frá byrjun til enda,“ segir Elli. „Svo eru aðrir textar þar sem ég er alltaf að skrifa eina og eina línu. Ég skrifa líka alls konar línur á blað sem mér finnst fyndnar.“

## Gerði plötu í Tennessee

„Í sumar fór ég fór ég til Tennessee í Bandaríkjunum og ég og tveir félagar mínir stofnuðum hljómsveit og gerðum plötu á ensku. Þetta er blanda af danstónlist og hipphoppi,“ segir Elli. „Þetta var rosalegt sérstakt, við tókum upp í vöruskemmu í eigu nokkurra listamanna frá Nashville sem halda ólöglegt reif þarna á sumrin. Hljómsveitin heitir Crunky Biscuit Funk. Mér fannst þetta svo töff tónlist að nafnið þyrfti að vera kjánalegt til að gefa þessu jafnvægi. Það er verið að klára plötuna.

Ég fer til Memphis til að fá innblástur, en það er upphafsborg crunk-sins, sem er næstum eins og trap, nema með miklu meiri horror filing í staðinn fyrir klúbbastemmningu. Atlanta gerði svo klúbbaútgáfuna, sem er trap,“ segir Elli. „Memphis er mjög skuggalegur staður, en sem betur fer vorum við á ógeðslega skuggalegum iðnaðarmannabíl og þess vegna gátum við skoðað alla borgina í friði.“

## Vill kynna sig betur

Elli er að vinna tónlistarmyndband fyrir lag á nýju plötunni. „Ég var að byrja að vinna með Midnight Mar, sem er mjög klár leikstjóri. Ég ætla líka að reyna að vera duglegur að gera einhver myndbönd sjálfur til að gefa fólki meira innsæi í tónlistina og karakterinn minn,“ segir Elli. „Elli Grill er svolítið húmorinn minn á sterum og margir vita ekki hvar þeir hafa mig, en fólk hefur hvatt mig til að kynna mig meira. Líf mitt snýst um að skapa einhverja geðveiki, þannig að mér finnst ekki skrítið að fólk sé eitthvað smeykt við mig. En ef þú kynnist mér áttarðu þig á hversu djúpt teknó-ið fer í blóðinu mínu, skilur húmorinn minn og fattar af hverju listin mín er svona.“

## Undrast vinnubrögð Leoncie

Elli Grill gerði lagið „Enginn þríkantur hér“ með Leoncie árið 2015, en lagið byggði á lagi sem hún gaf út 2008. Í ágúst á þessu ári sakaði Leoncie svo Ella og Shades of Reykjavík um að eigna sér lagið og kallaði þá „hæfileikalausa“ og „vesalinga“ í Facebook-færslu.

„Leoncie kom upp í stúdíó til okkar og við gerðum lagið saman, þannig að þó þetta sé gamall texti frá henni er þetta ný upptaka. Það liðu nokkrir dagar eftir að við gáfum myndbandið út áður en ég dreif mig upp í STEF til að skrá lagið. Þá segir STEF mér að hún sé búin að skrá lagið á sig,“ segir Elli. „Þannig að hún stal mínum höfundarrétti, bæði sem flytjandi og höfundur. Hún á rappið mitt og ég skil ekki alveg hvernig það er hægt. Leoncie er algjör snillingur, en hún stal höfundarréttinum mínum og fór síðan að segja opinberlega að ég hafi stolið höfundarréttinum. Það er alveg á næsta stigi. Ég er búinn að grenja úr hlátri yfir þessu.

Hún er bara goðsögn, það eru ekki margir sem vinna svona,“ segir Elli. „STEF segir að þetta sé misskilningur hjá þeim sem þarf að laga. En það er búið að taka plötuna af Spotify, þar sem hún á höfundarréttinn og það gerir þetta eiginlega ekki fyndið lengur. En við græjum þetta og vonandi kemst þetta aftur inn á Spotify. Þetta er allt í vinnslu.“

Það er hægt að fylgjast með Ella Grill á Instagram undir elligrillehf, á YouTube undir ElliGrill, það er likesíða á Facebook og tónlistin hans er aðgengileg á Spotify.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,

# AÐ VARÐVEITAST BARN ER AÐ VERA SKÁLD

## Bækur fyrir lítið fólk á lækkuðu verði




Tilboð 1.883 kr
Fullt verð: ~~2.690 kr~~




Tilboð 1.749 kr
Fullt verð: ~~2.499 kr~~




Tilboð 3.493 kr
Fullt verð: ~~4.990 kr~~




Tilboð 3.493 kr
Fullt verð: ~~4.990 kr~~




Tilboð 3.073 kr
Fullt verð: ~~4.390 kr~~




Tilboð 3.493 kr
Fullt verð: ~~4.990 kr~~




Tilboð 2.093 kr
Fullt verð: ~~2.990 kr~~




Tilboð 2.093 kr
Fullt verð: ~~2.990 kr~~




Tilboð 2.309 kr
Fullt verð: ~~3.299 kr~~

**30%** afsláttur af ofantöldum titlum í eina viku



BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18

Opið alla daga til kl. 22.00
facebook.com/malogmenning

# Ljúffengir fiskréttir í helgarfríinu

Af einhverjum ástæðum eru margir Íslendingar lítt hrifnir af því að borða fisk um helgar heldur kjósa ýmislegt kjötmeti til að gera vel við sig og sína. Fiskur er hins vegar frábært hráefni sem hægt er að elda á ótal vegu þannig að úr verði sannkölluð veislumáltíð á afar hóflegu verði.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Hér koma þrjár uppskriftir úr ólíkum fisktegundum sem eiga það sameiginlegt að vera frekar einfaldar og innihalda hóflega mikið af hráefni. Boðið er upp á fylltan smokkfisk með túnfiski og capers, heimagerða laxaborgara með fetaosti, spínati og lárperusósu og að lokum ótrúlega einfaldan rétt úr þorskhnökkum, borinn fram með sítrónusmjörsósu.



Fylltur smokkfiskurinn lítur girnilega út.

## Fylltur smokkfiskur með túnfiski og capers

Fyrir 4-6

**12 smokkfiskar (fást frosnir víða)**
**2 dósir túnfiskur í olíu**
**2 góðar msk. capers**
**4 msk. majónes**
**2 msk. parmesanostur**
**2 msk. ólífuolía**
**2 hvítlauksgeirar, pressaðir**
**3-4 vorlaukar, smátt saxaðir**
**Sósan:**
**½ bolli hvítvín**
**2 hvítlauksgeirar, smátt saxaðir**
**2 msk. smjör**
**1 msk. sítrónusafi**
**1 msk. capers**
**Fersk steinselja**
**Salt og pipar**
**Marinering:**
**Olía**
**Sítrónusafi**
**Salt og pipar**

Skolið og hreinsið smokkfiskinn og þerrið vel. Látið marinerast í skál í 30 mín. með smá sítrónusafa, ólífuolíu og salti og pipar.
Hitið ofn í 220 gráður. Blandið saman túnfisknum, majónesinu og olíunni. Bætið út í hvítlauknum, svörtum pipar, vorlauknum, capers og parmesanostinum. Hrærið vandlega þar til líkist farsi og engir stórir túnfiskbitar sjást. Fyllið hvern smokkfisk upp að ⅔ og lokið með tannstönglum.
Hitið olíu á pönnu og steikið smokkfiskinn þar til hann fær fallegan lit. Þegar allur smokkfiskurinn er steiktur er honum raðað í ofnfast mót (ekki of stórt). Bætið við á pönnuna hvítvíninu, hvítlauknum, capers, sítrónusafanum og smjörinu. Smakkið til með salti og pipar. Þegar sósan er til er henni hellt í fatið. Þekjið með álpappír og bakið í ofni í um 20 mín. Berið fram með sítrónubátum, steinselju og góðu salati.

## Laxaborgari með fetaosti og spínati og lárperusósu

6 stk. laxaborgarar

**½ kg laxaflak**
**1 bolli saxað spínat**
**1 bolli mulinn fetaostur**
**1 ½ msk. sítrónusafi**
**Svartur pipar**
**3 hamborgarabrauð eða annað gott brauð.**
**Sósan:**
**½ lárpera**
**4 msk. sýrður rjómi**
**4 tsk. sítrónusafi**
**1 hvítlauksgeiri, pressaður**

Beinhreinsið, roðflettið og snyrtið flakið. Skerið fiskinn í um 2 cm teninga. Setjið laxinn og spínatið í matvinnsluvél og hakkið vel saman, þó ekki of mikið. Setjið farsið í skál og bætið út í fetaostinum, sítrónusafanum og ágætlega af pipar. Blandið vel saman og skiptið svo í sex hluta og búið til laxaborgara úr hverjum. Steikið þá á pönnu eða grilli í um 3 mín. á hvorri hlið eða þar til steiktir í gegn.
Á meðan þeir steikjast er lárperan stöppuð í skál. Bætið út í sýrða rjómanum, sítrónusafanum og hvítlauknum.
Ristið eða hitið brauðið. Smyrjið sósunni á hvora hlið og setjið laxaborgarann á milli. Tilvalið er að setja einnig gott salat á milli, grillaðan ferskan aspas eða tómatsneiðar. Nýsteiktar franskar kartöflur passa líka ljómandi vel með.



Sítrónan og hvítlaukurinn leika stórt hlutverk í þessum einfalda rétti.

## Vel kryddaðir þorskhnakkar með sítrónusmjörsósu

Fyrir 4

**700 gr þorskhnakkar**
**5 hvítlauksrif, pressuð**
**¼ bolli steinselja, söxuð**
**⅓ bolli hveiti**
**1 tsk. kóríander duft**
**¾ tsk. chili duft**
**¾ tsk. cummin**
**¾ tsk. salt**
**½ tsk svartur pipar**
**Sósan:**
**5 msk sítrónusafi**
**5 msk. extra virgin ólífuolía**
**2 msk. brætt smjör**

Hitið ofninn í 200 gráður. Blandið saman í skál sítrónusafa, olíu og bræddu smjöri. Setjið í aðra skál hveitið, kryddin, salt og pipar. Þerrið fiskbitana og dýfið fyrst í sítrónusmjörið og svo í hveitiblönduna. Hristið aukahveitið af. Setjið 2 msk. af olíu á pönnu á miðlungshita og steikið í 1-2 mín. á hvorri hlið. Fiskurinn á ekki að fulleldast á þessu stigi. Setjið fiskbitana í lítið eldfast mót.
Bætið kramda hvítlauknum við afganginn af sítrónusmjörinu, hrærið vel og hellið yfir fiskbitana. Bakið í ofninum í um tíu mínútur eða þar til fiskurinn er tilbúinn. Stráið saxaðri steinselju yfir áður en borið er fram. Berið fram með t.d. grjónum og góðu grísku salati.



Laxaborgari með fetaosti og spínati rennur ljúft niður.

TILBOÐ
4 réttir + súpa dagsins
aðeins 1.790 kr.*
NAUTAKJÖT Í OSTRUSÓSU
KJÚKLINGUR Í KARRÝSÓSU
DJÚPSTEIKTAR RÆKJUR MEÐ SÚR/SÆTRI SÓSU
NÚÐLUR MEÐ GRÆNMETI
*tekið með heim – 2.100 kr. ef borðað er á staðnum.
Frábær hóptilboð
Sjáðu öll tilboðin okkar á
www.kinahofid.is

Opið alla daga vikunnar frá kl. 11:00 - 22:00

KÍNAHOFIÐ
Kínahofið veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogi
www.kinahofid.is | Sími 554 5022

# Vörubílar & vinnuvélar

FÖSTUDAGUR 26. OKTÓBER 2018

Kynningar: Sleggjan, Askja, Veltir, Kraftur




FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Nýtt nafn og nýr staður – sama góða þjónustan

SLEGGJAN
ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI ATVINNUTÆKJA

Vörubíla - og vinnuvélaverkstæðið flytur í glænýtt húsnæði í nóvember og samhliða því skiptir fyrirtækið um nafn og verður Sleggjan þjónustuverkstæði. Guðmundur Björnsson framkvæmdastjóri segir breytinguna tímabæra en leggur áherslu á að þetta sé enn sama trausta fyrirtækið. →2

**Framhald af forsíðu**

Við höfum þjónustað atvinnutækjabransann í tæp þrjátíu ár og höfum alltaf verið lítið fjölskyldufyrirtæki. Við höfum frá 2014 verið í hópi framúrskarandi fyrirtækja hjá CreditInfo og erum mjög stolt af þeirri viðurkenningu,“ segir Guðmundur sem tók við rekstrinum árið 2007 af föður sínum, Birni Guðmundssyni heitnum, sem stofnaði fyrirtækið. „Við höfum verið í sama húsnæðinu í Tranavogi 3 undanfarin tuttugu ár og er það orðið ansi þröngt og lítið fyrir þennan rekstur. Við erum því að flytja upp í Mosfellsbæ núna um mánaðamótin, í Desjamýri tíu og það verður mikil stækkun.“ Stækkunin kemur til af mjög góðu. „Ástæðan er sú að síðustu misseri hefur verið mikil sala og innflutningur á atvinnubifreiðum og við finnum bæði frá okkar kúnnum og öðrum mikla pressu á aukna þjónustu,“ segir Guðmundur. „Þannig að við ætlum að svara því kalli og sjáum tækifæri á þeim markaði og enn fremur sjáum við líka þarna tækifæri til að bæta við þjónustuþætti okkar. Við höfum fram að þessu nánast eingöngu sinnt viðgerðum á tengivögnum en með stærra húsnæði opnast möguleikar á að bæta í þjónustuna. Við verðum til dæmis með fullkomið smurverkstæði fyrir stórar og smáar atvinnubifreiðar, bilanagreiningar og viðgerðir og þjónustu fyrir flestallar tegundir atvinnubifreiða.“

## Sleggjan eftir stofnanda fyrirtækisins

Miklum breytingum fylgja oft nýjungar og svo er einnig í þessu tilfelli. „Svo eru aðrar breytingar hjá okkur líka, með nýjum tímum ætlum við að taka upp nýtt nafn,“ segir Guðmundur. „Okkur finnst reyndar Vörubíla- og vinnuvélaverkstæðið æðislegt og mjög lýsandi nafn en það verður að viðurkennast að það er óþjált og erfitt að nota það í markaðssetningu.“

Ekki er leitað langt yfir skammt við val á nýju nafni á fyrirtækið en það er sótt til stofnanda fyrirtækisins, Björns Guðmundssonar. „Hann pabbi gamli var stundum kallaður Björssi sleggja,“ segir Guðmundur, „og við ætlum að heiðra minningu hans með því að taka upp það nafn og fyrirtækið mun því heita Sleggjan þjónustuverkstæði.“ Einkunnarorð nýja fyrirtækisins verða fagmennska, áræðni og traust. „Okkur finnst þessi einkunnarorð við hæfi og þau eiga auðvitað alveg jafn vel við gamla nafnið þar sem vð erum með starfsmenn með áratuga reynslu í viðgerðum atvinnutækja, við erum ekki þekktir fyrir að gefast upp og svo leggjum við mikið upp úr því að byggja upp traust milli okkar og viðskiptavina okkar þannig að við teljum að þessi einkunnarorð muni algerlega haldast í hendur við það sem við erum að gera og fást við.“

Hann segir mikinn metnað lagðan í að gera nýja verkstæðið eins vel úr garði og mögulegt er. „Nýja verkstæðið verður mjög vel tækjum búið og starfsumhverfi starfsmanna verður eins og best verður á kosið enda hef ég alltaf talið þann þátt mjög mikilvægan, að hlúð sé að starfsmönnum og þeir finni sig örugga og viti að þeirra hagur sé hafður í fyrirrúmi enda vitum við það af reynslu að það skilar sér í ánægðari starfsmönnum og betri vinnubrögðum til viðskiptavina.“

## Betri þjónusta og styttri biðtími

Á nýja verkstæðinu verður í boði þjónusta fyrir vörubifreiðar, hópbifreiðar og sendibíla svo eitthvað sé nefnt. „Það er eiginlega ótrúlegt hvað við höfum getað þjónustað mikinn fjölda tækja á degi hverjum í þessu litla húsnæði



Í nýja húsnæðinu er starfsumhverfi eins og best verður á kosið. Hér er Björgvin Gunnarsson, þjónustustjóri atvinnubifreiða, að störfum.



Guðmundur Björnsson, eigandi Sleggjunnar, en Sleggja var viðurnefni stofnandans Björns Guðmundssonar.



Nýja verkstæðið er vel tækjum búið og hægt að veita mun fjölbreyttari þjónustu en á gamla staðnum.

> **Þetta erum við, sama fyrirtækið og sama kennitalan. Það eina sem breytist er nafnið og svo staðsetningin og við trúum því að hvort tveggja verði til mikilla bóta**
>
> Guðmundur Björnsson, framkvæmdastjóri og eigandi Sleggjunnar

sem við höfum verið í síðastliðin tuttugu ár. Við munum geta bætt töluvert af verkefnum við okkur á nýja staðnum og stytt biðtíma eftir þjónustu. Við erum að bæta töluvert í starfsmannahópinn og erum að ráða til okkar starfsmenn með reynslu og sérþekkingu á viðgerðum og þjónustu á vörubílum. Breytt og bætt vinnuaðstaða mun leiða af sér að verkin ganga miklu betur sem er hagræði bæði fyrir okkur og viðskiptavininn. Við finnum líka aukinn áhuga hjá þeim sem sækja um hjá okkur vegna þess hve góð öll aðstaða er í nýja húsinu."



Kröftugur hópur starfsmanna hjá Sleggjunni mun stækka á næstu mánuðum.

## Sama gamla góða fyrirtækið

Tafir hafa orðið á því að Sleggjan opni í nýju húsnæði. „Við erum nokkuð á eftir áætlun með nýja húsið enda ekki létt verk að byggja rúmlega 2.300 m$^2$ glæsilegt verkstæði en við erum nokkuð vongóðir um að geta opnað formlega þann fyrsta nóvember.“

Að lokum vill Guðmundur leggja áherslu á að Sleggjan þjónustuverkstæði er sama gamla góða fyrirtækið og Vörubíla- og vinnuvélaverkstæðið. „Þetta erum við, sama fyrirtækið og sama kennitalan. Það eina sem breytist er nafnið og svo staðsetningin og við trúum því að hvort tveggja verði til mikilla bóta, bæði fyrir okkur og einna helst fyrir viðskiptavininn.“

Frekari upplýsingar er hægt að nálgast á nýrri vefsíðu Sleggjunnar www.sleggjan.is og á samfélagsmiðlinum Facebook www.facebook.com/vorubilar. Tekið er á móti tímapöntunum í síma 588 4970.

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumaður auglýsinga:** Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Veffang:** frettabladid.is


Við fjármögnum flest milli himins og jarðar
Vantar þig fjármögnun? Við veitum fyrirtækjum faglega ráðgjöf og framúrskarandi þjónustu þegar kemur að fjármögnun atvinnutækja.
Við aðstoðum með ánægju
Kynntu þér fjölbreytta möguleika á ergo.is
Hagasmári 3 > 440 4400 > www.ergo.is > ergo@ergo.is
ergo
M2500
CDE
global.com

# Ævintýralegur leiðangur Alice

**Rétt eftir aldamótin 1900 voru konur sjaldséðir ökumenn á vegum úti. Það vakti því athygli þegar Alice H. Ramsey húsmóðir ók þvert yfir Bandaríkin fyrst kvenna.**

Þann 9. júní 1909 lagði hin 22 ára gamla Alice Huyler Ramsey af stað í ökuferð ásamt mágkonum sínum tveimur og vinkonu. Ferðin átti eftir að standa yfir í 59 daga og þvera Norður-Ameríku frá austri til vesturs, rétt um 5.767 kílómetra. Ferðin hófst við Hell Gate á Manhattan og endaði í San Francisco. Þar með varð Alice fyrsta konan í sögunni til þess að aka bíl þvert yfir Bandaríkin.

Ástæða ferðalagsins var auglýsingabragð fyrir bílaframleiðandann Maxwell-Briscoe. Eiginmaður Alice hafði nefnilega gefið henni bíl, Maxwell Runabout, og í framhaldinu tók Alice þátt í Montauk Point kappakstrinum árið 1908, önnur tveggja kvenna. Alice reyndist hinn prýðilegasti ökumaður og vann bronsverðlaun í keppninni. Tveir aðrir ökumenn kepptu á Maxwell bílum og var Carl Kelsey annar þeirra. Kelsey þessi annaðist kynningarmál Maxwell og fóru aksturshæfileikar Alice ekki fram hjá honum. Hann stakk því upp á því að Alice æki þvert yfir Bandaríkin á bílnum sínum, í auglýsingaskyni, og myndi Maxwell styrkja ferðina.

Uppátækið myndi vekja athygli þar sem óvenjulegt var að sjá konu undir stýri á þessum tíma. Svo óvenjulegt reyndar að New York Times sá ástæðu til þess í upphafi ferðar að fordæma Alice og ferðafélaga hennar fyrir að „ætla sér að framkvæma karlmannsverk“.

Alice leit á ferðina sem áskorun og skemmtilegt ævintýri. Eins og vera ber var leiðangrinum fylgt eftir af bíl til aðstoðar. Þar sátu karlmenn undir stýri en sérstaklega var tekið til þess að Alice leysti úr öllum vandamálum sem upp komu sjálf og gaf stýrið aldrei eftir þó hún kæmist í hann krappan.

Ferðin reyndist hið ævintýralegasta ferðalag. Aðeins voru 244 kílómetrar af þeim 5.767 kílómetrum sem Alice og ferðafélagar hennar fóru yfir lagðir bundnu slitlagi. Á leiðinni þurfti Alice því að skipta 11 sinnum um dekk. Þá þurfti hún að hreinsa kertin, gera við brotinn bremsupedala og sofa í bílnum



**Ökuþórinn Alice H. Ramsey við bíl sinn en hún ók þvert yfir Bandaríkin árið 1909 fyrst kvenna.** MYND/WIKIPEDIA.ORG

þegar hann sat fastur í drullu leiðinni. Þá lenti hún í árekstri við Cadillac, varð bensínlaus úti á víðavangi og ók ofan í skurð.

Annað framhjólið brotnaði undan bílnum í torfærum og tókst Alice að græja bráðabirgðaviðgerð með stálvír að vopni og aka áleiðis á verkstæði. Þó þær hefðu meðferðis kort frá The American Automobile Association til að komast rétta leið eltust þær að mestu leyti við símastaura og þá staura með fleiri en einni línu þar sem þeir leiddu líklega til næsta bæjar.

Á leiðinni óku þær yfir svæði í Nebraska þar sem morðingi gekk laus og var hundeltur af lögreglu, Alice varð útbitin af veggjalús eftir nótt á hóteli í Wyoming og í Nevada voru þær umkringdar af veiðiflokki frumbyggja, vopnuðum bogum og örvum. Á leiðarenda komust þær þó á endanum, þremur vikum eftir áætlaðan komudag, og í San Francisco fagnaði þeim mannfjöldi.

Árið 1960 fékk Alice nafnbótina Woman Motorist of the Century af The American Automobile Association. Árið 1961 gaf Alice út bók um ferðalagið „Veil, Duster, and Tire Iron“. Á tímabilinu 1960 til 1975 ók Alice yfir þrjátíu sinnum þvert yfir Bandaríkin. Hún lést árið 1983.

Hagstæð fjármögnun á bílum og tækjum



**Landsbankinn býður** fyrirtækjum og einstaklingum hagstæða fjármögnun á nýjum og notuðum bifreiðum og atvinnutækjum.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000



**Mercedes-Benz frumsýndi nýlega nýjan Actros vörubíl sem býður upp á fjölmargar spennandi nýjungar.** MYNDIR/DAIMLER

# Nýr og hátæknivæddur Actros vörubíll frá Benz

Mercedes-Benz frumsýndi nýlega nýja kynslóð af Actros vörubílnum sem býður upp á fjölda nýjunga sem auka þægindi og öryggi. Bíllinn þótti framúrstefnulegur fyrir aðeins fjórum árum.

Mercedes-Benz Trucks frumsýndi nýja kynslóð af Actros vörubílnum í byrjun september og fékk hann enn frekari athygli á IAA atvinnubílasýningunni í Hannover," segir Eiríkur Þór Eiríksson, sölufulltrúi Mercedes-Benz trukka á Íslandi.

„Nýr Actros er mikið breyttur frá fyrri kynslóð og er mun tæknivæddari en áður og með mikið af nýjum akstursstoðkerfum," segir Eiríkur. „Þessi nýja kynslóð vörubílsins eykur þægindi fyrir bílstjóra, öryggi hans, sem og vegfarenda, auk þess sem rekstrarhagkvæmni eykst mikið.

Nýr Actros er talsvert frábrugðinn fyrirrennara sínum hvað útlit varðar. Í stað hefðbundinna baksýnisspegla eru nú komnar myndavélar sem staðalbúnaður," segir Eiríkur. „Myndavélarnar eru mikil framför hvað varðar loftmótstöðu, öryggi og alla meðhöndlun bílsins. Myndavélarnar auka verulega á útsýni fyrir ökumann, en kerfið samanstendur af tveimur myndavélum sitt hvorum megin á bílnum. Í innra rými bílsins eru tveir 15 tommu skjáir sem festast á gluggapóst hvorum megin.

Athyglisverðasta nýjungin er Active Drive Assist akstursaðstoðarkerfið sem gerir bílinn að hluta til sjálfkeyrandi. Þetta er í fyrsta skipti sem slíkt er í boði í fjöldaframleiddum vörubíl," segir Eiríkur. „Þetta nýja akstursaðstoðarkerfi sér til þess að Actros geti hemlað, aukið hraðann og stýrt sjálfstætt. Ólíkt kerfum sem vinna aðeins á ákveðnum hraða býður Active Drive Assist upp á að hluta til sjálfvirkan akstur á öllum hraða og notast bæði við radar og myndavélar til að gera aksturinn sem öruggastan.



**Nýr Actros er talsvert frábrugðinn fyrirrennara sínum. Í stað baksýnisspegla eru nú tveir 15 tommu skjáir sem eru tengdir við myndavélar.**



**Nýr Actros hefur fjölmargar nýjungar og margar hverjar eru mikið stökk fram á við. Þær auka bæði öryggi og þægindi bílstjóra á ýmsan hátt.**



**Active Drive Assist akstursaðstoðarkerfið gerir bílinn að hluta til sjálfkeyrandi. Það hefur ekki áður verið í boði í fjöldaframleiddum vörubíl.**

Active Drive Assist byggir á þrautprófuðum skriðstilli með stopp/start aðgerðum og akreinavara frá Mercedes-Benz, auk rafmagnsstýris sem kemur nú í Actros í fyrsta sinn, en hefur verið í boði fyrir Mercedes-Benz Arocs í nokkur ár," segir Eiríkur. „Þótt ábyrgðin á akstrinum sé áfram hjá bílstjóranum þá hjálpar þetta nýja og byltingarkennda kerfi við að auka öryggi og létta vinnuálagi af bílstjóranum.

Nýr Actros hefur að geyma fjölmargar nýjungar frá fyrri gerð. Alls er um 60 breytingar að ræða og margar hverjar eru mikið stökk fram á við," segir Eiríkur. „Á IAA sýningunni árið 2014 sýndi Mercedes-Benz Actros framtíðarvörubíl sem þá þótti mjög framúrstefnulegur. Nú aðeins fjórum árum síðar eru flestar þessara nýjunga, sem þá voru kynntar, í boði í fjöldaframleiddum vörubíl.

Mercedes-Benz Trucks hefur boðið bremsuaðstoðarkerfi frá árinu 2006 og kynnir nú nýjustu kynslóð slíkra kerfa, Active Brake Assist 5, í nýjum Actros. Þetta nýja kerfi kemur ekki einungis í veg fyrir aftanákeyrslur, heldur skynjar kerfið nú einnig gangandi vegfarendur," segir Eiríkur. „Aukin samþætting radar- og myndavélakerfa gerir þetta mögulegt og setur Mercedes-Benz vörubíla í sérflokk hvað þennan búnað varðar."

# Teygjur hjálpa stirðum kroppi

Gunnlaugur Már Briem, sjúkraþjálfari hjá Vinnuvernd, segir reglulega hreyfingu, gott mataræði og nægan svefn lykilþætti að góðri heilsu þeirra sem vinna kyrrsetustörf.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is





Gunnlaugur segir gott að gera blóðrásaraukandi æfingar og teygjur til að liðka skrokkinn en margir atvinnubílstjórar finna af og til fyrir stífleika í líkamanum vegna langrar setu við vinnu. Hann segir mikilvægt að setja sér hæfileg markmið þegar kemur að því að skipuleggja hreyfingu á vinnutíma. MYND/ANTON BRINK

Ekki hefur verið rannsakað sérstaklega hérlendis hvaða kvillar hrjá helst fólk sem vinnur við akstur en samkvæmt erlendum heimildum eru mjóbaksverkir algengustu stoðkerfiseinkennin. Önnur einkenni sem eru algeng eru vöðvabólga, höfuðverkir, óþægindi frá öxlum og þreytuóþægindi í fótum. Þetta eru allt einkenni sem eru algeng meðal fólks í kyrrstöðuvinnu,“ segir Gunnlaugur en hann hefur um langt skeið verið sjúkraþjálfari hjá Vinnuvernd.

Hann bendir á að það sé mjög fjölbreyttur hópur einstaklinga sem starfi við akstur og að hluti þeirra hreyfi sig töluvert í vinnunni, sér í lagi þeir sem sinni störfum þar sem þeir taka þátt í að ferma og afferma bílana. Þar eru algeng stoðkerfiseinkenni sem fylgja öðrum líkamlegum störfum eins og t.d. lagerstörfum.

## Lög um hvíldartíma mikilvæg

Þegar Gunnlaugur er spurður hvað bílstjórar ættu að hafa í huga til að viðhalda hreysti og góðri heilsu segir hann mikilvægt að huga að líkamlegu atgervi, hreyfa sig reglulega og passa upp á mataræðið. „Svefn er einnig lykilatriði. Atvinnubílstjórar eyða miklum tíma í umferðinni, sem þarfnast mikillar einbeitingar. Lög eru í gildi um hvíldartíma bílstjóra, þau eru bæði mikilvæg fyrir bílstjórana sjálfa og til að stuðla að auknu umferðaröryggi,“ bendir Gunnlaugur á.

Einnig má líta til þess hvað fyrirtækin í þessum geira geta gert til að ýta undir góða heilsu starfsmanna, að sögn Gunnlaugs. Hann segir að í því sambandi sé bæði aðbúnaður og fræðsla mikilvæg. „Oft er vöntun á tækjum ekki eini vandinn, heldur einnig að þau léttitæki og búnaður sem er til staðar sé nýttur til að auðvelda störfin. Samhliða þarf að hafa öfluga fræðslu og þjálfun fyrir nýliða í notkun búnaðarins og líkamsbeitingu.“

Gunnlaugur nefnir að mörg fyrirtæki bjóði starfsmönnum sínum að fá fagaðila til að mæla áhættuþætti fyrir t.d. sykursýki og hjarta- og æðasjúkdóma. „Í því getur falist ákveðið aðhald fyrir starfsmenn, auk þess sem mikilvægt er að greina þessa sjúkdóma sem fyrst,“ segir hann.

## Teygjur geta hjálpað

Gunnlaugur segir að ekki sé hægt að svara því með vissu þegar hann er spurður hvort atvinnubílstjórar á Íslandi séu í sérstökum áhættuhópi hvað snertir hjarta- og æðasjúkdóma. „Það er beintengt þeim lífsstíl sem hver og einn stundar. Áhættuþættir fyrir hjarta- og æðasjúkdóma eru reykingar, hár blóðþrýstingur, sykursýki, hátt kólesteról og ofþyngd. Ef einstaklingur er í ofþyngd eykur það líkur hans á háum blóðþrýstingi og sykursýki. Ég hef ekki séð gögn þess efnis að atvinnubílstjórar séu með sanni frekar í þessum áhættuhópum umfram aðrar starfsstéttir. Ættarsaga getur einnig haft áhrif, og aukast líkurnar ef einhver nákominn hefur fengið kransæðasjúkdóm fyrir 65 ára aldur.“

> **Atvinnubílstjórar eyða miklum tíma í umferðinni , sem þarfnast mikillar einbeitingar. Lög um hvíldartíma eru mikilvæg fyrir bílstjóra.**
>
> Gunnlaugur Már Briem

Margir bílstjórar finna af og til fyrir stífleika í kroppnum vegna langrar setu við vinnu. Gunnlaugur segir gott að gera blóðrásaraukandi æfingar og teygjur til að liðka líkamann. „Mikilvægt er að setja sér hæfileg markmið þegar kemur að því að skipuleggja hreyfingu í vinnutíma. Á sama tíma getur verið gott að tengja hana ákveðnum tíma vinnudags til að auka líkurnar á að fylgja æfingunum eftir. Fyrir utan vinnutíma er margt í boði og þarf hver og einn að finna hvað hentar sér. Margir hreyfa sig innan veggja líkamsræktarstöðva sem bjóða upp á fjölbreytta möguleika, bæði styrkjandi og liðkandi æfingar, ýmsa hópatíma, jóga og tækjaþjálfun. Mikilvægt er að hafa í huga að göngutúrar og útivist hafa einnig góð áhrif á heilsu okkar og að hreyfing þarf alls ekki alltaf að vera undir handleiðslu utanaðkomandi aðila, ef við förum skynsamlega og virðum mörk eigin getu.“

*Áttu góð almenn heilsuráð fyrir þá sem vinna við akstur?*

„Hreyfing, mataræði og svefn myndi ég telja að væru lykilþættir sem hver og einn þarf að hafa í huga. Við erum mörg hver dugleg að sinna skipulagðri hreyfingu, en af ýmsum ástæðum erum við kannski ekki nógu dugleg að hreyfa okkur í daglegu amstri, án þess að fara á skipulagðar æfingar.“






# Vinnufélagi sem skilur þínar þarfir.

Mercedes-Benz Sprinter hefur aldrei verið tæknivæddari, fjölhæfari eða sparneytnari. Hann er nú fáanlegur með 9 þrepa sjálfskiptingu og framhjóladrifi sem eykur burðargetu bílsins. Sprinter er búinn fullkomnu margmiðlunarkerfi, fæst í fjölmörgum grunnútfærslum og með 8 mismunandi yfirbyggingum. Sprinter er sérsniðinn fyrir þig, hvert sem starfið er. Komdu í heimsókn og reynsluaktu nýjum Sprinter.

Mercedes-Benz
Vans. Born to run.

ASKJA ATVINNUBÍLAR · Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík · Sími 590 2120 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur okkur á Facebook
„Mercedes-Benz Ísland atvinnubílar"




Bíllinn er af gerðinni Magirus Deutz, árgerð 1983, en ekki keyrður nema 55 þúsund kílómetra. MYND/JÓN AÐALSTEINN BERGSVEINSSON

# Fyrirtaks vatnabíll

## Jón Bergmann Jónsson og eiginkona hans, Bryndís Þorbjörg Ólafsdóttir, ferðast mikið um landið. Til að komast enn víðar um hálendið festu þau kaup á allsérstökum húsbíl.

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is

Þetta er bíll af gerðinni Magirus Deutz sem notaður var af sænska hernum. Þetta er að megninu til þýskur bíll því þó Iveco sé yfirnafn er ekki nema húsið frá því merki. Hann er af árgerð 1983 en ekki keyrður nema 55 þúsund kílómetra og virðist mjög lítið slitinn,“ segir Jón Bergmann sem er bifvélavirki og keypti þennan sérstaka húsbíl síðastliðið haust. „Bílinn var fluttur inn árið 2006 af Íslendingi sem keypti hann í Svíþjóð. Hann flutti hann fyrst til Danmerkur þar sem hann lét setja húsið á hann.

Jón og Bryndís kona hans ferðast mikið um landið og Jón er sérlega hrifinn af hálendinu. „Við áttum gamlan Benz sem var bara eindrifa og því ekki þorandi að vera mikið á honum á hálendinu. Ég hafði séð Magirus Deutz bílinn auglýstan öðru hvoru í nokkur ár en ákvað síðan að slá til og kaupa hann síðastliðið haust.“

Jón keypti bílinn ekki síst til að komast á þá staði sem hann átti eftir að fara á. „Ég hef þrívegis þurft frá að hverfa vegna vatnavaxta. Það er mjög svekkjandi að þurfa að snúa við þegar maður hefur keyrt langar vegalengdir inn á hálendið. Deutz-inn er góður vatnabíll og kemst yfir hvaða vatnsföll sem er. Hann er svo hár og þungur að engin hætta er á að hann taki inn vatn.“ Stærð og þyngd bílsins varð þó til þess að ferðalögin á hálendið urðu heldur færri en til stóð síðastliðið sumar. „Það varð mjög seint fært á hálendið og allir vegir rennandi blautir. Þá er ekki gott að vera á þungum bíl.“

Jón og Bryndís eru sjaldnast ein á ferð. Oftast eru með þeim börn og barnabörn og þá er gott að hafa nóg pláss í húsbílnum. „Við gistum sjaldan bara tvö í húsinu. Þar er gott svefnpláss fyrir fjóra og öll aðstaða til eldunar, salerni og meira að segja heitt vatn. Það á bara eftir að tengja sturtuna og þá er allt klárt í nokkurra daga ferð.“

Jón vonast eftir þurru sumri á næsta ári enda vonast hann til að komast á ýmsa staði sem hafa orðið út undan í gegnum tíðina. „Til dæmis upp undir Mýrdalsjökul og í Lónsöræfi. Svo væri gaman að fara aðrar leiðir aftur.“

*En voru þau hjónin samstiga í að kaupa bílinn?*

„Ég var nú heitari fyrir því, en hún samþykkti því auðvitað er þetta mikið öruggari bíll til að þvælast í vötnum.“



Jón og Bryndís fóru á unglingalandsmótið í Þorlákshöfn í sumar og þar nýttist húsbíllinn góði afar vel. MYND/JÓN AÐALSTEINN BERGSVEINSSON

Varahlutasala og þjónusta

Ósal sérhæfir sig í þjónustu og varahlutasölu í aftanívagna af öllum gerðum. Allt frá ljósaperum upp í vagnöxla.

Ásetning á bremsuborðum.
Bilanagreining í bremsukerfum vagna.
Stilling á loftventlum.
Sérpantanir á varahlutum.



ÓSAL
ÓSAL VARAHLUTAVERSLUN • TANGARHÖFÐA 4
110 REYKJAVÍK • SÍMI: 515-7200 • FAX: 515-720
NETFANG: osal@osal.is • www.osal.is

VÉLANAUST ehf



Ný og glæsileg varahlutaverslun
Sérhæfð fyrir atvinnubifreiðar og tæki

555-8000
Álhellu 8, 221 Hafnarfirði

DIESEL TECHNIC



# Veltir – ný þjónustumiðstöð fyrir Volvo atvinnutæki

**Ný þjónustumiðstöð Veltis fyrir Volvo atvinnutæki opnar að Hádegismóum 8. Húsnæðið er sérhannað og öll aðstaða til fyrirmyndar. Helgina 17. og 18. nóvember verður opið hús í Velti.**

Flutningar á Volvo atvinnutækjasviði Brimborgar í nýtt glæsilegt sérhannað þjónustuhúsnæði fyrir atvinnutæki að Hádegismóum 8 í Árbæ hófust í síðustu viku og starfsemi verkstæðanna byrjaði í þessari viku. Stefnt er að því að flutningum á allri starfsemi Volvo atvinnutækjasviðs verði lokið um næstu mánaðamót. „Starfsemi Volvo atvinnutækjasviðs í nýrri þjónustumiðstöð að Hádegismóum verður undir nafninu Veltir, en það er gert til þess að skapa skarpari skil á milli fólksbílasölu Brimborgar að Bíldshöfða annars vegar og þungadeildarinnar í Hádegismóum hins vegar,“ segir Kristinn Már Emilsson, framkvæmdastjóri atvinnutækjasviðs.




Kristinn Már Emilsson, framkvæmdastjóri atvinnutækjasviðs, við nýja þjónustumiðstöð Veltis við Hádegismóa 8.

### Starfsmenn virkir í hönnunarferlinu

Nýja húsnæðið er merkilegt fyrir margra hluta sakir. Hönnunarferlið tók langan tíma og var vandað til verka. Starfsmenn atvinnutækjasviðs höfðu meðal annars tök á því að koma á framfæri sínum skoðunum á fundum í hönnunarferlinu. Við hönnun á húsnæðinu var sérstaklega hugað að staðsetningu, aðkomu frá stofnbraut, flæði varahluta innandyra og að tækjabúnaður yrði sem allra bestur. Jafnframt var hugað að því að aðstaða fyrir starfsmenn og okkar viðskiptavini yrði sem best. „Þessi Volvo þjónustumiðstöð er öðruvísi hvað það varðar að við erum að þjónusta öll atvinnutækjamerki Volvo, þ.e. Volvo Trucks vörubifreiðarnar, Volvo CE vinnuvélarnar, Volvo Bus rútur og strætisvagna og Volvo Penta bátavélarnar auk Renault Trucks vörubifreiða, en eftir því sem ég best veit er hvergi í Skandinavíu hægt að finna einn umboðsaðila sem er með öll Volvo atvinnutækjavörumerkin á sinni könnu eins og við,“ segir Kristinn.



**Veltir þjónustar öll atvinnutækjamerki Volvo en eftir því sem best er vitað er hvergi í Skandinavíu hægt að finna einn umboðsaðila sem er með öll Volvo atvinnutækjavörumerkin á sinni könnu.**

### Framúrskarandi aðstaða

„Til framtíðar er nýju þjónustumiðstöðinni ætlað að styðja við öfluga uppbyggingu atvinnutækjasviðs Brimborgar og gera Velti að einum eftirsóknarverðasta vinnustað á markaðnum með framúrskarandi aðstöðu og athafnarými til að veita okkar traustu viðskiptavinum bestu þjónustu sem völ er á.“

Í vesturhluta húsnæðisins er aðalinngangur Veltis með móttöku, sölu og söluráðgjöf varahluta ásamt verkstæðismóttöku. Á annarri hæð verða söluráðgjafar Volvo atvinnutækja staðsettir ásamt fundaraðstöðu, kennslurými og mötuneyti fyrir starfsmenn. „Úr mötuneyti starfsmanna á annarri hæð er hægt að ganga út á stórar svalir með frábæru útsýni til norðurs yfir Grafarholtsvöll, en þar verður hægt að gera eitthvað skemmtilegt saman á góðviðrisdögum. Hægt er að opna stóra hurð frá rými í anddyrinu inn á verkstæðið og nýta þannig verkstæðið sem sýningaraðstöðu fyrir Volvo atvinnutæki stór sem smá,“ lýsir Kristinn. Helgina 17.-18. nóvember verður opið hús að Hádegismóum 8 og sýning á Volvo atvinnutækjum og því sem Veltir hefur upp á að bjóða.



26 metra löng gryfja.



**Á nýju þjónustuverkstæði Veltis verður allur tækjabúnaður eins og best verður á kosið. Jóhann Rúnar Ívarsson, þjónustustjóri Veltis, prófar nýjar dekkjavélar hjá Velti Xpress.**

### Best útbúna atvinnutækjaverkstæðið

Á nýju þjónustuverkstæði Veltis verður allur tækjabúnaður eins og best verður á kosið og segir Kristinn að verkstæðið verði án efa eitt flottasta og best útbúna atvinnutækjaverkstæði landsins og þó víðar væri leitað. „Sem dæmi um tækjabúnað á verkstæðinu hjá Velti þá eru tjakkalyftur í gólfi í tveimur stæðum, 26 metra löng gryfja með áföstum bremsuprófunarbúnaði auk öflugra hristiplatna sem gerir okkar bifvélavirkjum fært að greina betur slit í fóðringum og hjólabúnaði. Þá er 10 tonna brúarkrani sem nær yfir helming húsnæðisins sem auðveldar okkur að lyfta þungum hlutum og verður meðal annars fjárfest í búnaði sem hægt er að nota með brúarkrana sem auðveldar okkur framrúðuskipti. Búið er að fjárfesta í hápróuðum hjólastillingarbúnaði fyrir vörubifreiðar, en rétt hjólastillt vörubifreið ásamt vagni minnkar hráolíueyðslu auk þess sem dekkjaslit minnkar til muna.“

Í vöruhúsi Veltis er öflugur 11 metra hár vöruturn sem kemur til með bæta enn frekar hraða og flæði varahluta til viðskiptavina og verkstæða auk þess sem utanumhald varahlutalagers verður öruggara og enn betra.

### Veltir Xpress hraðþjónusta

Veltir Xpress er heitið á nýrri hraðþjónustu sem er í boði fyrir vörubifreiðar, tæki og vagna að Hádegismóum 8. Þar eru unnin verkefni sem ekki taka of langan tíma, svo sem smurþjónusta, minni viðgerðir á eftirvögnum, bremsuviðgerðir og dekkjaþjónusta. Í aðstöðunni hjá Velti Xpress er 26 metra löng gryfja auk fjögurra pósta tjakkalyftu í gólfi sem gerir það að verkum að hægt verður að lyfta bæði bíl og vagni í passlega vinnuhæð fyrir starfsmenn. Hugsunin er sú að viðskiptavinir geti mætt án þess að panta tíma og farið í röðina með sitt atvinnutæki.

Í austurenda Hádegismóa 8 er Frumherji með sérhæfða skoðunarstöð fyrir atvinnutæki. Heildarstærð húsnæðis að Hádegismóum 8 er samtals rúmlega 4.000 m² og lóðin er 14.000 m².

Kristinn vill koma á framfæri þökkum til viðskiptavina fyrir þolinmæði vegna plássleysis að Bíldshöfða 6 og segir hann starfsmenn Veltis hlakka til að taka á móti þeim á nýjum stað að Hádegismóum 8.

Að lokum er áhugasömum fagmönnum í greininni sem hafa áhuga á því að vinna með Velti bent á að skoða laus störf hjá Brimborg á heimasíðu Brimborgar, www.brimborg.is

Frekari upplýsingar um starfsemi Volvo atvinnutækjasviðs má finna á heimasíðum Volvo atvinnutækja volvotrucks.is, volvoce.is, volvobus.is og volvopenta.is. Auk þess er hægt að fylgjast með fréttum og afhendingu tækja á Facebooksíðunni Volvo atvinnutæki.
Nýtt símanúmer hjá Velti er 510 9100.

# 200 tengivagnar gætu séð þúsundum heimila fyrir raforku

**Sólarrafhlöður opna áður óþekkta möguleika á ýmsum gerðum orkusöfnunar. Vöruflutningabílar sem aka þúsundir kílómetra yfir heitustu og sólríkustu svæði jarðar eru kjörnir til að safna sólarorku.**



**Brynhildur Björnsdóttir**
brynhildur@frettabladid.is

Aðeins 200 tengivagnar með sólarrafhlöður á þakinu gætu virkjað nægilegt magn sólarorku til að styðja 3.200 heimili ef orkunni yrði veitt aftur inn í orkukerfið. Þetta kom fram á FTR flutningaráðstefnunni þar sem var til umræðu hvernig vinnuvélaiðnaðurinn gæti hugað að notkun sólarorku til að lækka kostnað við fleira en að knýja aukabúnað í bílunum. Þessir 200 tengivagnar gætu einnig útvegað næga orku til að knýja næstum öll vöruhús eða hafnarmannvirki. Og fleiri tækifæri gætu leynst í flutningaiðnaðinum varðandi sólarorku. Sem dæmi má nefna að knýja lyftibúnað og að leysa rafhlöðuvanda bílaflotans. Í dag eru möguleikarnir meðal annars: að framlengja líftíma rafhlaða í vöru- og flutningabifreiðum, að auka gæði loftræstingar þar sem hleðsla gæti farið fram á meðan bílstjórar hvílast, að minnka eldsneytisnotkun með því að draga úr álagi á alternatora á meðan bíllinn er í gangi og minnka raforkueyðslu farartækisins í kyrrstöðu, knýja loftræstingu, samskiptatæki og lýsingu, minnka viðhaldstíma og bilanatíðni vegna hraðrar tæmingar á rafhlöðu og að knýja frystibúnað í tengivögnum.

Reynslan sýnir að bílar sem nýta sér sólarorku ná að greiða niður startkostnað og búnað á einu til tveimur árum og þá eru ekki meðtaldir bónusar vegna umhverfisverndar. „Eitt til tvö ár á bíleign sem kostar kannski fimm, sex ár að borga niður er ekki mikið,“ sagði Jeff Kaufmann hjá sólarorkufyrirtækinu Tahoe Ventures. „Fyrir bíla með lengri líftíma tekur innan við ár að koma út á sléttu. Það er hægt að spara umtalsverðar upphæðir með því að setja upp sólarrafhlöður.“

En hversu sterkar sólarrafhlöður þarf til að ná fram þessum sparnaði? Kaufmann segir að 65 vatta plötur sem eru tæplega fermetri í ummál geti safnað 250-400 vöttum á dag, sem er nóg til að minnka raforkueyðslu í kyrrstöðu og kostnaðurinn sé langt frá því að vera óyfirstíganlegur.

Sem dæmi má nefna að 300 vatta plata sem passar á framþakið á meðalstórum vöruflutningabíl getur útvegað næga orku fyrir vörulyftu bílsins, lengt loftræstingarhleðslu í allt að fjóra tíma, viðhaldið hleðslu á rafhlöðum og dregið úr hleðslutæmingu þegar bíllinn er í kyrrstöðu.

Ýmis fyrirtæki sem smíða sólarrafhlöður hafa gert sér grein fyrir möguleikum þess að safna sólarorku í vöruflutningabíla og framtíðin virðist björt hvað þetta varðar.

Byggt á grein úr www.trucknews.com.




**Sólarrafhlöður eru settar á þak bílhússins, á hliðar bílsins og jafnvel á alla þá fleti sem sól skín á þegar bíllinn er á ferðinni.**



**Þessi sólarorkuknúni sendiferðabíll safnar í sig mikilli orku en hann er sölubás fyrir símakort í Íran.**

Floti

## Sjáðu meira með fullkomnu flotastýringarkerfi







„Við þurfum að geta stýrt og fylgst með hvort allir séu á réttum stað á réttum tíma. Hjá okkur skiptir máli að hafa rauntímastjórnun, þar sem markmið okkar er að auka afköst og bæta þjónustustigið við borgarbúa.

**Atli Marel Vokes, deildarstjóri á hverfastöðinni Njarðargötu, Reykjavíkurborg**

„Hjá okkur er þetta keðja sem aldrei má rofna. Gæðin skipta máli og til að mæta auknum kröfum skiptir það öllu að hafa nákvæmt yfirlit yfir bílana okkar hverju sinni.

**Halldór Ingi Steinsson, dreifingarstjóri hjá Mjólkursamsölunni**

„Áður fyrr þurfti ég kannski að hringja mörg símtöl til að kanna hvort eitthvað af mínu fólki væri nálægt til að geta brugðist við en núna hef ég yfirlit yfir stöðuna. Þetta er mikill tímasparnaður fyrir okkur og við getum svarað okkar viðskipavinum hratt og vel.

**Sigurður R. Guðmundsson, framkvæmdastjóri Kerfis**

Floti er íslenskt flotastýringarkerfi sem hefur síðastliðin 20 ár gert öllum stærðum fyrirtækja kleift að lækka rekstrarkostnað, bæta nýtingu bíla og tækja, og bæta um leið þjónustuna. **Vertu með og sjáðu meira.**

Laugavegur 178 | 105 Reykjavík | 510 0600 | floti@floti.is | **floti.is**

TrackWell

AMMANN



Malbikunarvélar frá Ammann.



Jarðvegsþjöppur og hopparar frá Ammann.



Stáltromluvaltarar frá Ammann, 1,5-12 tonn.



Gúmmíhjólavaltarar frá Ammann.

epoke®









Epoke salt-og sanddreifarar í öllum stærðum og gerðum.

Hilltip



Hilltip Snjótennur fyrir pallbíla, jeppa og minni vörubíla.



Hilltip 200 rafdrifnir dreifarar fyrir jeppa, vinnuvélar og lyftara.



Hilltip rafdrifnir dreifarar fyrir pallbíla og minni vörubíla. 500-2600 lítrar.

nissen™



Nissen Gátskildir.



Árekstarpúðar frá Nissen.



Merkjavagnar frá Nissen.



Öryggisgirðingar frá Nissen.

Wendel

A.Wendel ehf
Tangarhöfða 1

110 Reykjavík
Sími 551 5464

wendel@wendel.is
www.wendel.is

# Nýstárlegir vöru- og fólksflutningar


Renault EZ-GO er sjálfkeyrandi leigubíll framtíðarinnar.

**Eitt aðalaðdráttaraflið á bílasýningum úti í heimi eru nútímalegir hugmyndabílar. Nýlega kynnti Renault tvo slíka til leiks. Annars vegar sendibílinn EZ-PRO og hins vegar leigubílinn EZ-GO.**




Renault EZ-PRO hugmyndasendibíllinn var frumsýndur á Bílasýningunni í Hannover í september og lék einnig stórt hlutverk í Paris Motor Show í október.

Renault EZ-PRO var heimsfrumsýndur á bílasýningunni Hannover Motor Show í september. Renault hefur nær 120 ára reynslu í framleiðslu bíla og er leiðandi í þróun rafmagnssendibíla. EZ-PRO er sendibíll með nýstárlegum formerkjum. Hann er rafdrifinn og sjálfkeyrandi. Á þessum tímum þar sem vefverslun er í miklum vexti er hann hugsaður sem lausn fyrir bæði neytendur sem vilja sendingarnar heim að dyrum sem fyrst, og seljendur sem vilja lækka sendingarkostnað eins og hægt er. Einnig ætti hann að vera eftirsóttur kostur fyrir borgir sem huga að betri stjórn á umferð og mengunarvörnum.

EZ-PRO sendibíllinn kemur í kjölfar EZ-GO frá Renault en það er sjálfkeyrandi rafmagnsbíll sem er hugsaður sem leigubíll framtíðarinnar. Sex farþegar komast þar þægilega fyrir auk þess sem bíllinn er með ramp fyrir hjólastóla.

> **EZ-PRO sendibíllinn kemur í kjölfar EZ-GO frá Renault en það er sjálfkeyrandi rafmagnsleigubíll.**






# Breytingar í vændum frá MAN

MAN fjölskyldan stækkar hjá Krafti á næstunni þegar TGE bíllinn verður til sölu. Nýlega fékk Fóðurblandan afhentan nýjan MAN TGX 26.500 LL bíl frá Krafti sem er einn flottasti fóðurbíll landsins.

Flottasti fóðurbíll landsins, að mati Gríms Fannars Eiríkssonar, sölumanns hjá Krafti, er nýi MAN TGX 26.500 LL bíllinn sem Fóðurblandan fékk afhentan nýlega. „Bíllinn, sem er mjög vel útbúinn og öflugur, er með ábyggingu frá VM Tarm í Danmörku og kerru en fyrirtækið sá einnig um að smíða tankinn og annan búnað samkvæmt ósk Fóðurblöndunnar. Bíllinn getur bæði blásið og sogið og þannig nýtt sig og kerruna saman þegar þess þarf. Sannarlega flottur búnaður frá þessum flottu aðilum hjá VM Tarm.“

Á næstunni koma til landsins fimm bílar sem eiga að fara í verkefni sem vetrarþjónustubílar segir Grímur. „Þessi bílar eru allir með aldrifi en MAN bílarnir eru ákaflegar sterkir á þeim markaði enda mikið notaðir við erfiðar aðstæður eins og við snjómokstur á heiðum víða um heim.“

## Breytingar hjá MAN

Það eru miklar breytingar í vændum í stóru bílunum frá MAN segir Grímur. „Nú þegar getum við boðið bíla með örbylgjuofni, kaffivél og sjónvarpi en margir hafa beðið eftir þessum lausnum frá þeim. Á næstu tveimur árum eigum við eftir að sjá stórar breytingar í stærri týpunum frá MAN þannig að það eru svo sannarlega spennandi tímar fram undan hjá Krafti.“

Nú eru tvær nýjar rútur á leiðinni sem Kraftur hefur fest kaup á segir Grímur. Um er að ræða nýja Lion's Coach rútu sem tekur 49 manns og er vel útbúin og nýja Neoplan Tourliner rútu sem er einnig 49 sæta og full af nýjungum. „Við hlökkum mikið til að taka utan af þeim en þær eru væntanlegar í lok nóvember og verða hér til sýnis hjá okkur að Vagnhöfða 1-3 í desembermánuði. Við erum að bæta þessum bílum inn í bílaflota okkar enda stórglæsilegir



MAN TGX 33.580 6X4 LL í tveimur fallegum litum.


Innréttingarnar í MAN TGX eru stílhreinar og glæsilegar.

> **TGE er hægt að fá með þremur vélarstærðum, með drifi að framan, aftan eða aldrifsbíl, beinskipta sem og tölvuskipta.**
>
> Grímur Fannar Eiríksson

bílar sem eiga fullt erindi á götur landsins. Það er mikið um að vera hjá MAN í fólksflutningabílum auk þess sem fyrirtækið er einnig að hasla sér völl í smærri týpum bíla.“

## TGE bíllinn væntanlegur

MAN fjölskyldan stækkar enn frekar hjá Krafti á næstunni og þar nefnir Grímur helst TGE bílinn sem verður brátt á boðstólum. „Það er mikið búið að spyrja um hann en fram að þessu hefur MAN ekki haft undan við að sinna Mið-Evrópu. Því höfum við, eins og margir aðrir, ekki fengið þennan stórglæsilega bíl fyrr en núna.“

Frá og með áramótum er því hægt að panta TGE segir Grímur. „TGE er hægt að fá með þremur vélarstærðum, með drifi að framan, aftan eða aldrifsbíl, beinskiptan sem og tölvuskiptan. Hann fæst sem hefðbundinn sendibíll til dreifingar í pallbíl með krana og í flottum ferðaþjónustubílum og allt þar á milli. Þessir bílar eru smíðaðir á grind sem þýðir að alls konar lausnir eru fáanlegar varðandi útbúnað frá verktakanum. Það er mikil eftirvænting hjá okkur og satt að segja erum við eins og krakkar að bíða eftir eftirréttinum.“



„Þessi bílar eru allir með aldrifi en MAN bílarnir eru ákaflega sterkir á þeim markaði enda mikið notaðir við erfiðar aðstæður eins og við snjómokstur á heiðum víða um heim,“ segir Grímur Fannar Eiríksson, sölumaður hjá Krafti. MYNDIR/ERNIR

# Alltaf að sjá eitthvað nýtt

Á síðustu þremur áratugum hefur Þorkell Ragnarsson keyrt um 4,8 milljónir kílómetra starfs síns vegna á þjóðvegum Bandaríkjanna og Kanada. Hann segir lífið á þjóðvegunum ekki svo slæmt ef maður hefur bara jákvætt hugarfar og hefur gaman af starfinu og það hefur hann sannarlega.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is





Bíllinn sem Þorkell Ragnarsson keyrir hjá Oakley er þessi fallegi Volvo vnl 630 árgerð 2017. Hann keyrir sama bílinn í tvö ár og fær svo nýjan.

Þorkell Ragnarsson hefur um rúmlega 30 ára skeið búið og starfað í Bandaríkjunum þar sem hann hefur stærstan hluta starfsferilsins keyrt stóran tankbíl um Bandaríkin og Kanada. Á þessu tímabili hefur hann starfað hjá fimm ólíkum fyrirtækjum og flutt allt milli himins og jarðar, t.d. byggingarkrana, jarðvinnslutæki, kælivagna með grænmeti og dísilolíu. Undanfarin ár hefur hann starfað hjá fyrirtækinu Oakley, sem er staðsett í miðju Flórídaríki, þar sem hann flytur eingöngu varning sem tengist matvælaiðnaði með einhverjum hætti, allt frá vatni til viskís. „Hjá Oakley erum við eingöngu með tanka í eftirdragi en hver þeirra tekur um 27.300 lítra. Þeir hafa bara eitt hólf og fyrir vikið er frekar erfitt að draga þá því innihaldið er alltaf á hreyfingu. Við flytjum mikið af matarolíu, þá helst sólblómaolíu, pálmaolíu, ólífuolíu og hnetuolíu. Einnig edik, heitt súkkulaðismjör, heitt súkkulaði og ýmsan ávaxtasafa auk ýmiss konar áfengis. Sumt af þessu þarf að flytja heitt og þá er hitanum haldið við með því að tengja kælivatnið frá bílnum í hitaleiðara í tanknum.“

## Erfitt fyrir fjölskyldufólk

Þorkell segist elska starf sitt og það sé einfaldlega skýringin á því hversu lengi hann hefur tollað í því. „Á þessum árum hef ég keyrt yfir þrjá milljónir mílna á þjóðvegum Bandaríkjanna og Kanada sem gera um 4,8 milljónir kílómetra. Það góða við starfið er að ég fæ ágætt kaup og svo er ég alltaf að sjá eitthvað nýtt. Lífið á þjóðvegunum er ekki svo slæmt ef maður hefur jákvætt hugarfar og hefur gaman af starfinu. Þetta er þó erfitt starf fyrir fjölskyldufólk með mörg börn því fjarvera frá heimilinu er mikil.“

## Prófaði aftur Ísland

Áður en Þorkell hóf störf hjá Oakley starfaði hann hjá nokkrum fyrirtækjum. „Fyrsta fyrirtækið hét General Crane en þar var ég aðallega að flytja krana og jarðvinnslutæki. Næst var það Token Transport en þar vorum við eingöngu í þungaflutningum og notuðumst við Peterbilt bíla. Þá keypti ég Freightliner bíl og var að draga kælivagna með grænmeti á milli Flórída og New York borgar í nokkur ár. Eftir nokkur ár skipti ég um bíl og keypti Peterbilt bíl og fór að draga vagna fyrir fyrirtæki sem heitir Schnider. Þar flutti ég allt milli himins og jarðar, ef það bara komst í tengivagninn. Eitt skiptið flutti ég t.d. tvö gasgrill frá Flórída til Kaliforníu á 53ja feta tengivagni. Næst fór ég að keyra dísilolíu á olíusvæðunum í Texas og þaðan lá svo leiðin til Oakley þar sem ég vinn í dag. Á þessu tímabili tók ég mér næstum tveggja ára frí frá keyrslunni og prófaði að flytja aftur til Íslands en það var erfitt og gekk ekki upp hjá mér.“



Hér er Þorkell að afferma viskí í Carson í Kaliforníu.

## Ekkert annað tækifæri

Fyrir þá sem hafa áhuga á að hitta fólk af öllum gerðum og þjóðernum þá er þetta einnig flott starf segir Þorkell. „Eitt sem ég tók eftir þegar ég byrjaði að keyra hér er hversu breytileg enskan er milli landshluta. Einnig sé ég miklar breytingar gegnum árin hvað varðar kurteisi. Mér finnst hún vera smátt og smátt að hverfa og yngra fólkið sem er að koma inn í þessa vinnu er sumt með enga þolinmæði fyrir starfi sínu. Þolinmæðin er þó undirstaða þess að gera ekki mistök í þessari vinnu því það er ekkert sem heitir annað tækifæri í þessu starfi. Það er erfitt að horfa upp á slys sem maður sér og maður veit að flest þeirra hefðu ekki átt sér stað ef bílstjórarnir hefðu bara verið með hugann við keyrsluna.“


Þorkell Ragnarsson hefur um 30 ára skeið starfað í Bandaríkjunum þar sem hann keyrir tankbíl um Bandaríkin og Kanada.

## Lífið varð gott

Þorkell hefur komið sér vel fyrir í Bandaríkjunum en hann býr í Ft. Lauderdale. „Eftir að ég hætti að miða allt við hvernig hlutirnir voru gerðir á Íslandi og sætta mig við aðstæður hér breyttist allt og lífið varð gott. Hér hef ég verið síðan 1985, að undanskildu stuttu tímabili heima á Íslandi, og hér líður mér vel. Ég sé engar breytingar fram undan en get þó ekki neitað því að hugurinn reikar oft til Íslands þannig að það er aldrei að vita hvað ég geri í framtíðinni.“

Utan vinnunnar segist Þorkell eyða miklum tíma í gönguferðir. „Ég er svo heppinn að vinnuveitandi minn leyfir mér að taka fríin mín hvar sem ég vil. Því hef ég tekið mikið af fríum mínum í Klettafjöllunum og farið þar í fjallgöngur. Einnig tek ég bílaleigubíla og keyri um og skoða það sem ég næ ekki að skoða á vinnutíma. Því eins og ég segi alltaf þá er lífið ævintýri ef maður notar það rétt.“





Kemi ehf | Tunguhálsi 10 | Sími 415 4000 | kemi@kemi.is | www.kemi.is
kemi



Þegar kalt er úti og löng leið fyrir höndum á þjóðvegum landsins jafnast fátt á við matarmikla beyglu sem nostrað hefur verið við fyrir starfsorku og gleði. Þessi er með þykkri ostsneið, brakandi beikoni, steiktum kjötbúðingi og spældu eggi, smurð með sterku eða sætu sinnepi.



Rjúkandi heitt og ilmandi súkkulaði er velkominn förunautur í vetrarakstrinum og minnir á ósvikinn kærleika og hlýju að heiman.



Nýbökuð, ljúffeng og lungamjúk múffa með ferskum berjum og súkkulaðibitum hittir alltaf í hjartastað og er kærkominn endir á notalegri vinnupásu og nestisstund.



Ástarbréf í farangrinum er fallegt og óvænt veganesti fyrir bílstjóra á langri leið að heiman.

# Ást og umhyggja í farangrinum




**Leiðin að hjarta mannsins er í gegnum magann, segir máltækið, og sannleikskorn í því. Það er eins og samfylgd að heiman að njóta nestis sem er smurt af alúð.**

Það er svo gott að hugsa heim að heiman. Taka upp nesti og gæða sér á ástinni. Finna óvæntan glaðning í nestisboxinu, kannski kitlandi köku eða matarmikla samloku sem var samansett af kostgæfni og sérlegri umhyggju fyrir munn og maga bílstjórans. Hápunktur dagsins. Að teygja úr sér í íslenskri náttúru, anda að sér fersku vetrarloftinu og finna glitrandi hrím braka undir fótum á meðan heitu og ilmandi súkkulaði er hellt úr brúsa með kærri kveðju að heiman. Jafnvel sparilegri ástarkveðju, eða bara hvunndags fögrum þankagangi. Allt eftir því hvað ástinni eða jafnvel börnunum liggur á hjarta. Það er óneitanlega spennandi uppgötvun og vermir hjartarætur. Ástarbréf í nestistöskunni, með hlýjum hugsunum og söknuði, jafnvel fögrum fyrirheitum þegar heim er komið í faðm þeirra sem bíða og gleðjast innilega yfir hverri heimkomu ferðalangsins.

> **Hver vegur að heiman er vegurinn heim, en það er uppörvandi og nærir sál og líkama að finna umhyggju og ást að heiman þegar hungrið sverfur að í matarpásum.**






westfalia
AUTOMOTIVE

# DRÁTTARBEISLI

**Hágæða beisli, föst eða losanleg, fyrir flestar gerðir fólksbíla og jeppa. Upplýsingar um verð og tímapantanir hjá söluaðilum um land allt.**

MotorMax

**Motormax ehf.**
**Vatnagarðar 12**
**Sími: 545 4040**

## Söluaðilar Motormax:

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
603 Akureyri
Sími 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
260 Reykjanesbær
Sími 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
800 Selfossi
Sími 480-8000

**TOPPBÍLAR**
Klettháls 2
110 Reykjavík
Sími 587-2000

**Kaupfélag Skagfirðinga**
Ártorgi 1
550 Sauðárkrókur
Sími 455-4500

# Aftur kominn í eigin rekstur

Sturla Jónsson var oft kallaður mótmælandi Íslands eftir hrun. Honum fannst illa komið fram við almenning og vildi láta orð sín hljóma. Meðal annars með því að fara í forsetaframboð.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Sturla segir að of lítið hafi breyst í íslensku samfélagi á þeim tíu árum sem liðin eru frá hruni. Hann segir að fólk eigi helst að forðast allar íslenskar lánastofnanir. Sturla var með eigin rekstur fyrir tíu árum. Hann hefur nú tekið þann rekstur upp aftur, er með dráttarbíl, beltagröfu og vagna. „Það hefur verið sæmilegt að gera hjá mér en mest hef ég verið að vinna í nálægð við Hveragerði og Selfoss. Annars fer ég um allt land ef þess er óskað,“ segir hann. „Ég hef reynt að koma fyrirtækinu upp skuldlaust og er að byggja mér hús rétt hjá Hveragerði,“ segir Sturla sem hefur búið í Reykjavík en langar að flytja austur fyrir fjall.

„Í hruninu reyndi bankinn að stela húsinu mínu af mér. Ég átti mikið eigið fé í húsinu og öll mín barátta fól í sér að verja það. Ég komst í erfiðleika með lausafé og gat ekki borgað afborgun á réttum tíma en þá ætlaði bankinn bara að hirða allt. Mér tókst hins vegar að selja húsið og átti nægilega mikinn afgang til að kaupa tæki til rekstursins. Ég er eiginlega á þeim stað núna að gera hluti sem ég hefði átt að gera þegar ég var þrítugur,“ segir hann galvaskur en nokkuð ánægður með hversu vel hefur gengið undanfarið.



Sturla Jónsson segist hafa lært margt á síðustu tíu árum. MYND/ANTON BRINK

Sturla á konu og þrjá syni, tveir þeirra eru uppkomnir en einn á menntaskólaaldri. „Ég fékk 10 hektara eignarlóð rétt fyrir utan Hveragerði og þar er ég að byggja,“ segir hann. „Maður er bara hálftíma að keyra í bæinn. Ég er búinn að prófa ýmislegt síðastliðin tíu ár en allt snerist þetta um að vekja athygli á óréttlætinu í þjóðfélaginu. Það sem ég lærði á öllu þessu er að fáfræði forðar manni frá vanlíðan. Þegar ég var búinn að kynna mér allt um það hvernig stjórnkerfið virkar sá ég best að réttindi okkar eru fótum troðin. Ég gerði mér ekki grein fyrir því áður. Fólk verður ekki reitt yfir því sem það ekki veit,“ segir hann. „Þetta fer því miður bara versnandi.“

Sturla hefur alltaf haft mikla bíladellu og þá sérstaklega jaðaríþróttir eins og til dæmis mótorsport. „Ég var á kafi í mótorsporti í tíu ár. Það var aðeins of dýrt en kannski fer ég aftur í það þegar ég er búinn að byggja og koma mér fyrir. Að minnsta kosti blundar það alltaf í mér,“ segir hann. „Ég hef líka haft gaman af því að fara á ferðabíl á fjöll á vetrum,“ segir Sturla sem keyrði rútur á tímabili. „Ég var að vinna fyrir hina og þessa og tók túra með ferðamenn sem var virkilega skemmtilegt starf. Bílar hafa alltaf skipt mig miklu máli,“ segir Sturla sem mætti á vörubíl ásamt fleiri bílstjórum fyrir utan Alþingishúsið með ellefu líkkistur í hruninu. „Við ætluðum að jarða þáverandi ríkisstjórn,“ segir hann. „Hins vegar kom stór jarðskjálfti svo málið vakti ekki verðskuldaða athygli. Þetta var engu að síður mögnuð uppákoma,“ segir Sturla og viðurkennir að hann sé ágætlega bjartsýnn um þessar mundir, sérstaklega fyrir sjálfan sig.

> **Ég var á kafi í mótorsporti í tíu ár. Það var aðeins of dýrt en kannski fer ég aftur í það þegar ég er búinn að byggja og koma mér fyrir.**

Verktakar, Iðnaðarmenn, Húsbílaeigendur



Eigum á lager hljóðlátar og handtækar rafstöðvar frá 0.7KVA upp í 6 KVA.

Getum einnig útvegað rafstöðvar frá 6 til 1000 KVA.



Startarar og alternatorar

Fyrir flestar gerðir fólksbíla, jeppa, vörubíla og vinnuvélar.
Höfum einnig varahluti í alternatora og startara



Þjónusta í 60 ár 1957-2017



BOSCH DENSO Valeo

LJÓSBOGINN ehf.

Bíldshöfða 14 sími 553-1244
ljosboginn.is ljosboginn@ljosboginn.is

OK VARAHLUTIR

Bíldshöfða 14 • 110 Reykjavík • s: 696 1050 • okspares@okspares.is

Vinnuvéladekk

Vorum að fá nýja sendingu!

Bjóðum tilboðsverð á ýmsum stærðum af vinnuvéladekkjum meðan birðir endast





## Samloka í trukkinn

Vinnudagurinn er oft langur hjá þeim sem keyra vörubíla og vinnuvélar og jafnvel langt frá mannabyggðum. Þá skiptir gott nesti miklu máli sem hægt er að grípa í með skömmum fyrirvara. Sloppy Joe er fræg samloka sem þróaðist í Bandaríkjunum snemma á síðustu öld og samanstendur af nautahakki eða svínakjöti, lauk, tómatsósu, Worcestershire sósu og ýmsu kryddi, borið fram í brauði. Alvöru trukkasamloka!

Dugar á 5-6 samlokur

**450 g nautahakk**
**¼ bolli smátt saxaður laukur**
**1 msk. gult sinnep**
**½ bolli tómatsósa**
**¼ bolli púðursykur**
**½ msk. Worcestershire sósa**
**10-12 sneiðar fransbrauð (eða annað brauð)**
**6 msk. smjör við stofuhita**
**3-4 bollar rifinn ostur**

Brúnið hakkið á pönnu ásamt lauknum. Hellið mestu fitunni af. Bætið við sinnepi, tómatsósu, púðursykri og Worcestershire sósunni. Látið malla í 5 mín. Smyrjið smjöri á aðra hlið allra brauðsneiðanna. Leggið brauðsneiðar með smjörið niður á pönnu við vægan hita. Setjið rifinn ost ofan á, næst kjötblönduna og aftur ost. Lokið með annarri brauðsneið með smjörhliðina upp. Steikið í nokkrar mínútur og snúið nokkrum sinnum þar til þær eru fallega brúnar og osturinn bráðnaður.

# Toppþvottur



**Topp tjöru og olíuhreinsir**
**- fyrir mikla tjöru**

**Topp extra tjöruhreinsir**
**- fyrir reglulegan þvott**

**Topp extra trukkur,**
**olíu og sótthreinsir**
**- fyrir bíla,tæki og verkstæðisgólf**



**Sápur fyrir bíla og tæki**
**utan sem innan, með og án bóns**

**Bónefni, felguhreinsir,**
**áhöld til þrifa**
**( kústar, sköft, svapar,**
**microfiberklútar, úðakútar )**









**Sápur fyrir bíla og tæki utan sem innan,**
**með og án bóns.**

**Bónefni, felguhreinsir, áhöld til þrifa**
**(kústar, sköft, svapar, microfiberklútar, úðakútar.)**

**Topplausnir**

WWW.TOPPLAUSNIR.IS / S: 517 7718
SMIÐJUVEGI 40, GUL GATA, KÓPAVOGI

# Með bíladellu á háu stigi

Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir var fimm ára þegar hún settist fyrst undir stýri og síðan þá hefur bílaáhuginn fylgt henni. Hún á glæsilegan sportbíl og hefur réttindi til að keyra flutningabíla með tengivagni.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Aðalbjörg keppti í sandspyrnu í sumar í flokki sérútbúinna jeppa.

Ég er alin upp á Hróaldsstöðum í Vopnafirði og var ekki nema fimm, sex ára þegar ég fékk að prófa að stýra bíl í fyrsta sinn. Áhuginn á bílum hefur fylgt mér upp frá því, enda var mikið um alls konar bíla, hjól, tæki og vélar í sveitinni sem gaman var að vera í kringum," segir Aðalbjörg sem er búsett á Egilsstöðum. Hún er með vinnuvélaréttindi og meirapróf á vörubíla og finnst skemmtilegt að keyra flutningabíla með tengivagna, en þó aðeins í frístundum því dagsdaglega vinnur hún hjá Bílanausti við að selja varahluti og annað sem tengist bílum og líkar það vel.

„Einu ökuréttindin sem mig vantar er meiraprófið svo ég geti keyrt rútur en ég stefni á að taka það innan skamms. Kærastinn minn, Guðlaugur Sindri Helgason, á nokkra vörubíla og ég vil geta keyrt þessi tæki," segir Aðalbjörg.

### Á kafi í torfæru

Þau Aðalbjörg og Guðlaugur hafa bæði mikinn áhuga á bílasporti og segir hún lítinn tíma fyrir önnur áhugamál. Hún situr í stjórn Akstursíþróttaklúbbsins Starts á Egilsstöðum og er auk þess í varastjórn hjá Akstursíþróttasambandi Íslands. Í sumar ákvað Aðalbjörg að rifja upp gamla takta og keppa í sandspyrnu líkt og hún gerði nokkrum sinnum á árum áður.



Söldögg Sara hefur fylgt foreldrum sínum á ófáar torfærukeppnir og hefur gaman af. MYNDIR/ÚR EINKASAFNI

„Ég tók þátt í Íslandsmeistaramótinu í sandspyrnu sem fór fram á Akureyri og keppti á torfærubíl í flokki sérútbúinna jeppa. Tímatakan gekk mjög vel en bíllinn bilaði í miðri keppni svo ég lenti í þriðja sæti. Ég stefni á að mæta sterk til leiks næsta sumar," segir hún. „Ég hef líka verið mikið í kringum torfærukeppnir síðustu tíu árin og aðstoðað við keppnishald. Hér á Egilsstöðum eru reglulega haldnar stórar torfærukeppnir og Guðlaugur hefur keppt í þessu sporti um árabil. Ég get vel hugsað mér að keppa í torfæru en hingað til hef ég verið honum til aðstoðar, t.d. komið bílnum á milli staða og slíkt," upplýsir Aðalbjörg en fjögurra ára dóttir þeirra, Söldögg Sara, kemur með á keppnir og hefur gaman af.

Spurð hvað sé heillandi við torfæru segir Aðalbjörg það aðallega vera spennuna og félagsskapinn í kringum bílana. „Síðustu tvö árin höfum við farið með bílinn til Tennessee í Bandaríkjunum í október að keppa. Bíllinn er settur í gám og fluttur út en keppnin úti er á vegum Íslendinga. Keppnin sem slík er svipuð þeirri sem haldin er hér heima en það myndast allt önnur stemning í þrjátíu stiga hita en í grenjandi rigningu og roki hér heima," segir Aðalbjörg glettin.

> Ég er mjög hrifin af amerískum bílum og hef átt nokkra slíka. Chevrolet Camaro er þó í algjöru uppáhaldi.
>
> Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir

Hún segir áhuga á akstursíþróttum mikinn og heldur vera að aukast ef eitthvað er. „Ég held að torfæran sé vinsælust í dag. Fleiri þúsund manns mæta á torfæruna að fylgjast með keppnum."

Í vor lét svo Aðalbjörg gamlan draum rætast þegar hún keypti sér nýja bíl, sportlegan Chevrolet Camaro. Bíllinn vekur mikla athygli hvar sem hún fer, enda glæsikerra þar á ferð. „Ég er mjög hrifin af amerískum bílum og hef átt nokkra slíka vagna. Chevrolet Camaro er þó í algjöru uppáhaldi og hefur alltaf verið."




Trojan BATTERY COMPANY Clean energy for life.



Endingargóðir, úthaldsmiklir og traustir. Um langt skeið hafa notendur um allan heim treyst á Trojan til að skila framúrskarandi afli, en afkastageta Trojan hefur verið aukin enn frekar með nýjustu tækni.

HREIN ORKA Í ALLRA ÞÁGU

Sölu- og þjónustuver 515 1100 eða pontun@olis.is.

olís

PIPAR\TBWA • SÍA • 183603




# Doosan er með réttu vélarnar í verkið

Leitið upplýsinga og tilboði hjá sölumönnum okkar.

Vinnuvélar

Tækjamiðlun  Innflutningur  Sala

Vinnuvélar– tækjamiðlun ehf // Kistumel 2 // 116 Reykjavík
Sími 480 0444 // vinnuvelar@vinnuvelar.is // www.vinnuvelar.is












# VIÐ FJÁRMÖGNUM



## Fjölbreyttir fjármögnunarkostir

Lykill fjármögnun er eina sjálfstæða eignaleigufyrirtækið á Íslandi og býður fjölbreytta fjármögnunarkosti á vélum og tækjum. Ólík fjármögnunarform henta ólíkum atvinnurekstri en hægt er að velja um kaupleigu, rekstrarleigu, fjármögnunarleigu og hefðbundin veðlán. Greiðslur geta verið óreglulegar eftir tekjustreymi og allt er gert til þess að auðvelda viðskiptavinum fjármögnunina.

- **Skjót og áreiðanleg þjónusta**
- **Alla jafna engar aðrar tryggingar en í tækinu sjálfu**

Ármúla 1 | 108 Reykjavík | lykill.is | lykill@lykill.is | 540 1700













Pipar\TBWA \ SÍA

# SVONA GRÆJUR

## Eignaleiga er góður kostur

1 **Þú finnur atvinnutæki** sem hentar þínum rekstri.

2 **Lykill** sér um fjármögnunina.

3 Þú aflar **tekna** á tækið.

Alla jafna er tækið sjálft eina tryggingin fyrir fjármögnuninni en fjármagnað er allt að 90% af kaupverði án virðisauka þegar um kaupleigusamning er að ræða. Í góðu samstarfi við innflytjendur og þjónustuaðila er markmið Lykils að finna skynsamlegustu lausnina í hverju tilfelli.

**Endilega hafðu samband við ráðgjafa Lykils í síma 540 1700 eða lykill@lykill.is**

Lykill
fjármögnun




Samanlögð starfsreynsla ráðgjafahóps Lykils er yfir 60 ár. Frá vinstri eru Arnar Snær Kárason, Guðmundur Sigurjónsson, Herbert Arnarson, Sverrir Viðar Hauksson og Elvar Daði Eiríksson MYND/ERNIR

# Lykill leggur áherslu á sveigjanleika í fjármögnun

Aðalsmerki Lykils fjármögnunar er hraði og afbragðs þjónusta við viðskiptavini. Í boði er fjölbreytt fjármögnun atvinnutækja í gegnum stuttar boðleiðir, áratuga reynsla og úrræðagóð þjónusta.

Þegar kemur að atvinnutækjum er ljóst að fram undan er veruleg endurnýjunarþörf, því miðað við áætlanir stjórnvalda eru horfur á að ráðist verði í verulega innviðauppbyggingu í samgöngukerfinu á næstu árum. Við hjá Lykli erum til þjónustu reiðubúin að tryggja hagstæða fjármögnun slíkra tækja og aðstoða okkar fjölmörgu viðskiptavini við að ná hámarkshagræðingu í sínum rekstri,“ segir Sverrir Viðar Hauksson, sviðsstjóri viðskiptasviðs Lykils fjármögnunar.

## Stuttar boðleiðir og fjölbreytt fjármögnun

Sverrir Viðar segir sýna sig að viðskiptavinir Lykils kunni að meta hversu hratt er brugðist við fyrirspurnum og afgreiðslu lánafyrirgreiðslna.

„Við teljum að þar sé okkar meginstyrkur að vera lítið og sjálfstætt fjármögnunarfyrirtæki með stuttar boðleiðir,“ segir Sverrir Viðar.

Einnig skipti máli að fjölbreytni í vöruframboði Lykils auki líkur á að finna bestu fjármögnunarleiðina fyrir viðskiptavini.

„Lykill býður til dæmis hefðbundna kaupleigu og fjármögnunarleigu auk rekstrarleigu á smærri og stærri tækjum, ásamt Flotaleigu fyrir bíla fyrirtækja.

Í kaupleigu býður Lykill allt að 90 prósenta fjármögnun af kaupverði, hvort heldur er í íslenskum krónum eða erlendri mynt,“ upplýsir Sverrir Viðar.

Í fjármögnunarleigu miðast fjármögnunarhlutfall við allt að 80 prósent af kaupverði tækis. Lengd samningstíma er háð viðkomandi leigumun en algengur samningstími er 36 til 60 mánuðir.

Í Flota- og rekstarleigu Lykils eru allir bílar og tæki fjármögnuð 100 prósent en algengur leigutími er 12 til 36 mánuðir.

„Í atvinnurekstri á Íslandi eru gjarnan árstíðabundnar sveiflur, ekki síst í byggingariðnaði, landbúnaði og vegagerð. Það þýðir auðvitað að tæki getur staðið ónotað svo vikum skiptir og skapar litlar sem engar tekjur á meðan. Þessu mætir Lykill með því að bjóða sínum viðskiptavinum upp á sveigjanlegar afborganir þannig að greiðslur eru hærri þegar nóg er að gera en lægri þegar tekjur lántaka dragast tímabundið saman. Það kunna viðskiptavinir okkar vel að meta,“ segir Sverrir Viðar.

## Margir góðir kostir

Fjármögnunarleiðir Lykils fyrir fyrirtæki og rekstraraðila eru sex talsins:

- Flotaleiga eykur öryggi við rekstur bílaflota og stuðlar að lækkun kostnaðar sem vinnst með stærðarhagkvæmni Lykils.
- Fjármögnunarleiga hentar til fjármögnunar á vélum og tækjum til atvinnurekstrar, en þó best þeim sem vilja nýta sér hraðari gjaldfærslu á leigugreiðslum.
- Kaupleiga hentar ekki síður til fjármögnunar á vélum og tækjum til atvinnurekstrar þar sem vélar og tæki eru eignfærð í bókhaldinu og samningurinn færður sem skuld á móti.
- Rekstrarleiga á bílum eða atvinnutækjum byggir á því að Lykill kaupir ákveðinn leigumun í samráði við leigutaka sem leigir leigumuninn í fyrirfram ákveðinn tíma og hefur fullan umráðarétt yfir honum á leigutímanum. Leigugreiðslur eru gjaldfærðar og haldast óbreyttar út leigutímann.
- Loks eru svo Lykillán og Lykilsamningar en það eru valkostir þegar kemur að fjármögnun bíla. Hægt er að fá allt að 90% fjármögnun af kaupverði til allt að 7 ára fyrir nýja bíla.

> **Við lítum svo á að okkar hlutverki sé ekki lokið þótt búið sé að ganga frá samningi í upphafi heldur vinnum við áfram með okkar viðskiptavinum að ná besta mögulega árangri í rekstrinum.**
>
> Sverrir Viðar Hauksson

## Þjónustufyrirtækið Lykill

Lykill fjármögnun byggir á rúmlega 30 ára sögu og er samanlögð starfsreynsla ráðgjafahópsins yfir 60 ár.

„Þekking á aðstæðum viðskiptavina, markaðnum og þeim tækjum og búnaði sem við erum að vinna með skiptir öllu máli og auðveldar alla afgreiðslu,“ segir Sverrir Viðar og leggur áherslu á að Lykill sé fjármálafyrirtæki undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins en líti ekki síður á sig sem þjónustufyrirtæki sem veitir viðskiptavinum sínum snarpa og úrræðagóða þjónustu.

„Við tryggjum viðskiptavinum okkar hagstæð kjör til fjármögnunar á bílum og tækjum og veitum ráðgjöf um bæði fjármögnunartíma og samningsform. Hins vegar lítum við svo á að okkar hlutverki sé ekki lokið þótt búið sé að ganga frá samningi í upphafi heldur vinnum við áfram með okkar kúnnum að ná besta mögulega árangri í rekstrinum,“ segir Sverrir Viðar enn fremur.

Lykill fjármögnun er í Ármúla 1. Sími 540 1700. Nánari upplýsingar á lykill.is.


HAUST ÚTSALA
HJÁ CURVY.IS
-50%
AF VÖLDUM VÖRUM
verð nú 3.745 kr 7.490 kr
verð nú 3.495 kr 6.990 kr
verð nú 2.995 kr 5.990 kr
verð nú 3.295 kr 6.490 kr
verð nú 5.495 kr 10.990 kr
verð nú 3.295 kr 6.590 kr
verð nú 3.495 kr 6.990 kr
verð nú 3.495 kr 6.990 kr
VERTU VELKOMIN Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 9 EÐA PANTAÐU Á WWW.CURVY.IS
Afgreiðslutímar í verslun Curvy.is að Fákafeni 9 eru
Alla virka daga frá kl. 11-18 og Laugardaga frá kl. 11-16
SENDUM FRÍTT HVERT Á LAND SEM ER!
Curvy.is
- Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is

# Trúa vart eigin augum

**Heyrnarlausum gefst í kvöld kostur á að sjá sýningu hjá Reykjavík Kabarett með táknmálstúlki. Kynnir og trúður sýningarinnar, Ragnheiður Maísól, segir táknmál ljá sýningunni einstakan sjarma.**

**Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**
thordisg@frettabladid.is



Kabarett er fullorðinssýning með fullorðinshúmor, burlesque, boylesque, dragsýningum og sirkus, þar sem sést í bert hold fallegra líkama af öllum gerðum, sagðir eru fullorðinsbrandarar og ýmislegt stórfurðulegt á sér stað sem er ekki hægt að útskýra nema það hljómi of skrýtið. Það dregur að og heillar þá sem hafa áhuga á þessum afkima leikhússins sem kabarett er og þar sem allt hið furðulega þrífst,“ segir Ragnheiður Maísól Sturludóttir, trúður og kynnir hjá Reykjavík Kabarett, sem í kvöld blæs til sérstakrar kabarettsýningar með táknmálstúlki.

„Við fengum ósk frá hópi heyrnarlausra um að túlka kabarettinn með táknmálstúlki og urðum vitaskuld strax við því. Okkur finnst alltof lítið gert til að koma til móts við þennan hóp í leikhúslífinu og förum strax á stúfana til að leita að peningum en þá kom í ljós að við hefðum þurft að sækja um styrk með meira en árs fyrirvara. Menning fyrir heyrnarlausa fær því ekki forgang vegna þess að það er ekki til peningur fyrir henni,“ segir Maísól sem með Reykjavík Kabarett tók þá málin í sínar hendur.

„Það er hræðilegt að fá ósk um túlk en þurfa að vísa því frá á grundvelli þess að hafa ekki fjármagn til þess. Okkur fannst við sannarlega geta gert eitthvað í því og tókum til bragðs að safna fyrir þjónustu táknmálstúlks á söfnunarsíðunni Karolina Fund til að geta boðið sem flestum í leikhúsið,“ segir Maísól og fjármögnunin á Karolina Fund gekk eins og í sögu.

„Sem forréttindapési með fullkomna heyrn þarf maður að minna sig á að það eru ekki allir jafn vel settir að njóta leikhúss og skemmtana. Með því að kaupa miða í gegnum Karolina Fund gefur maður líka öðrum tækifæri til að njóta sýningarinnar á sínum forsendum. Það er mikilvægt að gera leikhús aðgengilegt öllum og augljóst að við munum gera þetta aftur til að þjóna þessum mæta hópi leikhúsunnenda,“ segir Maísól.

## Lífsgæði heyrnarlausra skert

Maísól bendir á þá staðreynd að heyrnarlausum bjóðist örsjaldan að fara á leiksýningar með táknmálstúlki.

„Þegar það gerist er það á útvaldar sýningar og hendur fólks bundnar að geta ekki valið það sem það langar að sjá. Það er ekki gefins að fara í leikhús og glatað að þurfa að berjast fyrir því út frá eigin forsendum. Það er eðlilegt að gera ráð fyrir öllum.“

Í nágrannalöndunum sé táknmálstúlkun sjálfsögð þjónusta.

„Þannig var túlkur á sviðinu, og líka baksviðs fyrir heyrnarlausan skemmtikraft, þegar Margrét Erla Maack sýndi á Oslo Burlesque Festival í sumar og þótti sjálfsögð og eðlileg þjónusta. Það er vitaskuld út úr kú að geta ekki notið leikhúslífs vegna þess að þú færð ekki skilið það sem fram fer á þínu tungumáli. Með því eru lífsgæði fólks einfaldlega skert,“ segir Maísól.

> **Sem forréttindapési með fullkomna heyrn þarf að minna sig á að ekki eru allir jafn vel settir að geta notið leikhúss.**
>
> Ragnheiður Maísól Sturludóttir

## Töfrandi tjáningarmáti

Maísól er full tilhlökkunar fyrir kabarettinum í kvöld.

„Táknmál er ótrúlega fallegur tjáningarmáti og á bak við það er svo margt óvænt sem augað sér. Eins og orðið „töfrar“ á táknmáli en þá ganga hendurnar í fögrum og sjónrænum öldugangi. Táknmálstúlkun bætir því skemmtilegum brag við sýninguna og þeir sem eru með fulla heyrn munu njóta þess líka að fylgjast með túlknum sem stendur til hliðar eða á miðju sviði með kynni sýningarinnar. Þær Adda Rut Jónsdóttir og Lilja Kristín Magnúsdóttir í Hröðum höndum hafa sérhæft sig í að túlka leikhús og skuggaleika leikarana stundum líka svo ljóst er að við þurfum að blása til slíkrar sýningar sem fyrst og geggjuð tilhugsun að vera einn daginn með táknmálssýningu þar sem er ekkert tal.“

Reykjavík Kabarett fær til liðs við sig frábæra erlenda skemmtikrafta og gesti frá Sirkusi Íslands á sýningunni í kvöld.

„Sýningin verður fjölbreytt og einstök. Ég hlakka mikið til enda er ómótstæðilegt að eiga hlæjandi samtal við áhorfendur í stórum sal. Það er ólýsanleg tilfinning að hlæja saman í töfrandi mómenti og gefur mér ómælda gleði,“ segir Maísól en sýningin í kvöld er hennar síðasta í bili.

„Ég er á leið til Grænlands með Sirkusi Íslands og kvíði því að fá ekki þetta fasta föstudagskikk inn í vikuna því kabarettinn gefur svo ótrúlega margt. Sýningarnar okkar eru ólíkar öllum öðrum og þar býst fólk ekki við að sjá það sem fyrir augu ber. Þannig er eðli kabarettsýninga; hlátur, undrun og sannarlega óvæntar uppákomur þar sem áhorfendur trúa vart eigin augum.“



Glæst er hún Reykjavík Kabarett-fjölskyldan sem skemmtir í einstakri táknmálstúlkaðri kabarettsýningu í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld. Ragnheiður Maísól, hér önnur til vinstri, er menntaður trúður. MYND/ LEIFUR WILBERG ORRASON

Sýning Reykjavíkur Kabaretts verður í Þjóðleikhúskjallaranum klukkan 22 í kvöld. Hægt er að kaupa miða á tix.is og við innganginn. 18 ára aldurstakmark.

**BÍLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS**

Mest lesna bílablað landsins kemur næst út þriðjudaginn 6. nóvember.

Ritstjóri blaðsins er Finnur Thorlacius sem er bílaáhugamaður af líf og sál.

**Umsjón auglýsinga:**
**Atli Bergmann • atli@frettabladid.is • sími 512 5457**



# Smáauglýsingar

512 5800
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki




Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

## Þjónusta

### Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is




## Keypt & Selt

### Til sölu




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.




Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN.IS S. 867 6677

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

## Heilsa

### Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

### Atvinnuhúsnæði

**HÚSNÆÐI TIL LEIGU:**
Nýbýlavegur 6, 2. hæð, 690 fm. Frábært húsnæði sem er innréttað sem líkamsrækt. Stórir gluggar, innkeyrsluhurð og glæsilegt útsýni. Afar áberandi húsnæði.

**Nánar uppl. gretar@lundurfasteignir.is**

**HÚSNÆÐI TIL LEIGU:**
Auðbrekka 21, 330 fm
Mjög gott lager/atvinnuhúsnæði á 1. hæð. Stórt plan og góð innkeyrsluhurð.

**Nánar uppl. gretar@lundurfasteignir.is**




## Atvinna

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

### Til sölu




**Glæsilegur rafmagnsbíll.**
**NISSAN LEAF ACENTA 24 KW**

- Árgerð 2012
- Ekinn 51 þ.km.
- Næsta skoðun 2020
- Glæný heilsársdekk

**Verð kr: 1.590.000.-**
**Upplýsingar veitir Garðar hjá Netbílum í síma 588-5300**

### Skemmtanir





# Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

**Stjórnendaleit**

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

**Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga**

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

**Almennar ráðningar á markaði**

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

**Sveigjanleg nálgun**

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

**Matstæki**

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikaþætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverði nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

**Ráðgjöf við starfslok**

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

# Atvinnuauglýsingar | Job.is

## Stafrænn sérfræðingur

intellecta

Traust þjónustufyrirtæki óskar eftir að ráða í starf stafræns sérfræðings sem og brennandi áhugi á stafrænni þróun.
Háskólamenntun á sviði viðskipta-, markaðsfræði eða upplýsingatækni er nauðsynleg.
Ungur og árangursdrifinn einstaklingur kemur vel til greina.

**Sjá nánar á: www.intellecta.is**

## Reykjanesbær – Kerfisstjóri

capacent

Reykjanesbær óskar eftir kerfisstjóra til starfa. Viðkomandi þarf að búa yfir mikilli þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum ásamt því að vera tilbúinn að takast á við krefjandi og skemmtilegt starf.

**Upplýsingar og umsókn á capacent.com/s/10362**

## RVKborg – Skrifstofustjóri á skrifstofu sviðsstjóra

capacent

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar leitar að jákvæðum, framsýnum og metnaðarfullum leiðtoga sem býr yfir framúrskarandi samskiptahæfileikum, lausnamiðaðri hugsun, sveigjanleika og drifkrafti til að
sinna starfi skrifstofustjóra.

**Upplýsingar og umsókn á capacent.com/s/10357**

## Orlofssjóður BHM – Umsjónarmaður fasteigna 50%

capacent

Orlofssjóður BHM leitar að umsjónarmanni fasteigna fyrir fasteignir sínar í Brekkuskógi. Umsjónarmaður sinnir þrifum fasteigna sjóðsins og er ábyrgur fyrir endurnýjun innbús og innanstokksmuna orlofseigna sjóðsins í Brekkuskógi. Þá skal hann tryggja að ástand þeirra sé ætíð eins og best verður á kosið. Einnig leysir hann umsjónarmann fasteigna OBHM af í orlofi.

**Upplýsingar og umsókn á capacent.com/s/10350**

## Harpa – Mannauðsstjóri

capacent

Ert þú frábær í mannlegum samskiptum, með menntun og reynslu af mannauðsmálum og vilt starfa á skemmtilegum vinnustað?

**Upplýsingar og umsókn á capacent.com/s/10361**

## GARRI - VIÐ LEITUM AÐ FJÁRMÁLASTJÓRA

Garri leitar að öflugum aðila í krefjandi starf fjármálastjóra, þar sem frumkvæði, samskiptafærni og skipulögð vinnubrögð fá að njóta sín. Fjármálastjóri situr í leiðtogateymi Garra og tekur virkan þátt í rekstri fyrirtækisins en framundan eru spennandi tímar í síbreytilegu umhverfi.

**Upplýsingar veitir:**
Sverrir Briem - **sverrir@hagvangur.is**

Umsóknarfrestur er til og með 31. október 2018.
**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

## Almenni lífeyrissjóðurinn - ÁHÆTTUSTJÓRI

Almenni lífeyrissjóðurinn óskar eftir að ráða áhættustjóra til að hafa umsjón með áhættustýringu og innra eftirliti hjá sjóðnum í samræmi við áhættustefnu og áhættustýringarstefnu sjóðsins. Næsti yfirmaður áhættustjóra er framkvæmdastjóri.
**Upplýsingar veitir:**
Sverrir Briem - **sverrir@hagvangur.is**

Umsóknarfrestur er til og með 5. nóvember 2018.
Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**

## Orlofssjóður BHM – Umsjónarmaður fasteigna 100%

capacent

Orlofssjóður BHM leitar að umsjónarmanni fasteigna fyrir fasteignir sínar í Brekkuskógi, Reykjavík og við Hreðavatn.
Umsjónarmaður er ábyrgur fyrir viðhaldi og umsjón fasteigna sjóðsins og að eignir hans séu í sem bestu ásigkomulagi.
Um er að ræða 100% starf og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Upplýsingar og umsókn á capacent.com/s/10351**

## Jarðböðin – Mannauðs- og markaðsstjóri

capacent

Vilt þú tilheyra hópi fólks sem vinnur náið saman að því að gera Jarðböðin að áhugaverðum stað? Ef svo er þá leitum við að hugmyndaríkum og metnaðarfullum einstaklingi með framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf í fallegri náttúru.

**Upplýsingar og umsókn á capacent.com/s/10363**

**Sjá nánar á job.is**

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 512 5441 | Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 512 5426

# Þú finnur draumastarfið á job.is




Kynntu þér **Opel Crossland X** og bókaðu reynsluakstur á **crossland.opel.is**

**Sýningarsalir**
**Krókháls 9**, Reykjavík, 590 2000
**Njarðarbraut 9**, Reykjanesbæ, 420 3330

**Opnunartímar**
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16

Bílabúð Benna



ÞETTA GERÐIST: 26. OKTÓBER 1986

## Hallgrímskirkja í Reykjavík var vígð

Hallgrímskirkja í Reykjavík var vígð þennan mánaðardag árið 1986, eftir 41 árs byggingarsögu því smíði hennar hófst árið 1945. Arkitekt að henni var Guðjón Samúelsson.

Við vígsluna gengu 2.000 kirkjugestir til altaris og var það meiri fjöldi en áður hafði sést í kirkjusögu Íslands.

Hallgrímskirkja er 74,5 metra há og stendur á Skólavörðuholti, eins og margir vita. Hún sést því víða að og er afar þekkt kennileiti í Reykjavík. Hún er minningarkirkja um Hallgrím Pétursson og pílagrímsstaður ferðafólks. Flesta daga ársins koma þúsundir í kirkjuna, heimafólk og erlendir gestir.

Í kirkjunni er 5.275 pípna orgel sem byggt var árið 1992. Það er 15 metrar á hæð og vegur um 25 tonn.

Hallgrímskirkja þjónar nærumhverfi sínu sem sóknarkirkja og er einnig þjóðarhelgidómur.

## Merkisatburðir

**1927 Gagnfræðaskólinn á Akureyri** fær heimild til að útskrifa stúdenta og við það verður hann Menntaskólinn á Akureyri.

**1961** Allmikið hraungos hefst í Öskju.

**1965** Reykjanesbraut eða Keflavíkurvegurinn, fyrsti þjóðvegur á Íslandi utan þéttbýlis, sem lagður er bundnu slitlagi, er formlega opnuð eftir fimm ára framkvæmdir. Sett er á veggjald sem innheimt er í tollskýli við Straumsvík, þrátt fyrir mikla óánægju bílstjóra.

**1995** Snjóflóð fellur á Flateyri með þeim afleiðingum að tuttugu farast.





Ástkær bróðir minn, mágur minn og frændi okkar,

**Frímann Árnason**

til heimilis að Ástúni 10 í Kópavogi,

lést á Kanaríeyjum þann 16. október sl. Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 29. október 2018 kl. 11.

**Guðrún Ágústa Árnadóttir** **Kristmundur Jónasson**
**Ragna Kristmundsdóttir** **Bjarni V. Halldórsson**
**og börn**
**Árni Jónas Kristmundsson** **Erla Björg Birgisdóttir**
**og börn**
**Snædís Kristmundsdóttir** **Högni Haraldsson**
**og börn**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Birgir Pálsson**

frá Stóruvöllum í Bárðardal, fyrrum garðyrkjubóndi í Gufudal og verkstjóri hjá Hagvirki,

lést föstudaginn 19. október á Landspítalanum í Fossvogi. Jarðarförin fer fram í Hveragerðiskirkju laugardaginn 3. nóvember klukkan 14.

**Guðbjörg S. Birgisdóttir** **Guðmundur G. Norðdahl**
**Sævar Birgisson** **Gerður Sævarsdóttir**
**Brynja Birgisdóttir** **Bjarni Kristinsson**
**Árni Birgisson** **Ásta Hólm Birgisdóttir**
**Sigurbjörg Birgisdóttir** **Þorsteinn Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Hópurinn sem flytur Þrymskviðu á æfingu í Neskirkju í vikunni, Guðmundur Karl, sem leikur Þór, er í forgrunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Hamar Mjölnis er horfinn

**Gamanóperan Þrymskviða, fyrsta íslenska óperan sem samin var í fullri lengd, verður flutt í nýrri útgáfu í Hörpu í kvöld og annað kvöld, undir stjórn Gunnsteins Ólafssonar.**

Þessu verki hreifst ég af 12 ára gamall þegar það var frumflutt í Þjóðleikhúsinu 1974. Fór þá einn míns liðs að horfa á óperuna af efstu svölum, stóð svo upp og ákvað að verða tónlistarmaður, alveg upptendraður,“ segir Gunnsteinn Ólafsson sem stjórnar tónlistarflutningi Þrymskviðu eftir Jón Ásgeirsson í Norðurljósasal Hörpu í kvöld og annað kvöld. Þar koma fram átta einsöngvarar, Háskólakórinn og Sinfóníuhljómsveit unga fólksins. Leikstjóri er Bjarni Thor Kristinsson.

Gunnsteinn segir Þrymskviðu nú flutta í tilefni af níræðisafmæli höfundarins Jóns Ásgeirssonar og 100 ára fullveldisafmæli Íslands. „Tilviljun réð því að ég varð nemandi Jóns Ásgeirssonar í tónsmíðum þegar ég var 16 ára gamall og hann hafði gríðarleg áhrif á mig. Hann hefur líka haft mikið að segja í okkar tónlistarlífi. Þetta verk hans, Þrymskviða, er alveg magnað og í því eru miklar sviptingar, auk þess að vera skemmtilegt. Jón er þekktur fyrir flottar laglínur en teygir sig líka langt í tónmálinu. Ég held að þessi ópera sé dálítið lykilverk á hans ferli, sú fyrsta íslenska sem samin var í fullri lengd eftir samkeppni sem var haldin í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar.“

Jón endurskrifaði óperuna árið 1997 að sögn Gunnsteins, stytti hana, tók út dansa og bætti inn aríum í staðinn. „Þetta er í raun frumflutningur þeirrar útgáfu,“ segir hann. „Lítil hlutverk urðu stærri, eins og hlutverk Loka og hlutverk Grímu, það er persóna sem hann býr til og á að vera systir Þryms jötuns.“

Svona er efninu lýst í fréttatilkynningu: Þór uppgötvar að hamar hans Mjölnir er horfinn! Þrymur þursadrottinn hefur rænt honum og heimtar Freyju í lausnargjald. Hún er ófáanleg til þess að fórna sér fyrir hamarinn svo Þór fer í kvenmannsgervi til Jötunheima að endurheimta vopn sitt í fylgd Loka Laufeyjarsonar.

Einsöngvarar eru Guðmundur Karl Eiríksson barítón sem Þór, Margrét Hrafnsdóttir sópran í hlutverki Freyju, Keith Reed bass-barítón syngur Þrym þursadrottin og Agnes Thorsteins mezzósópran er Gríma, systir Þryms. Þorsteinn Freyr Sigurðsson tenór er Heimdallur og Eyjólfur Eyjólfsson tenór syngur Loka.

Gunnsteinn hælir söngvurunum á hvert reipi, þeir eru flestir ungir og hann segir íslenska framtíð bjarta hvað söngvara varði. En verða bara þessar tvær sýningar? „Já, þær eru í Norðurljósasalnum og eru settar upp á svolítið óvenjulegan hátt, sviðið verður eins og rampur fram í salinn þannig að áhorfendur sitja umhverfis það. Svo er engin gryfja þannig að hljómsveitin er á sama gólfi og áheyrendur. Það komast samt um 400 manns á hvora sýningu og við vonum að bekkurinn verði þéttsetinn.“

**gun@frettabladid.is**



**Gunnsteinn sá Þrymskviðu 12 ára gamall. Nú stjórnar hann.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

### Um Guðmund Karl sem leikur Þór

Barítónsöngvarinn Guðmundur Karl Eiríksson kemur austan frá Flúðum í Hrunamannahreppi og er langafabarn Sigurðar Ágústssonar tónskálds og organista í Birtingarholti. Hann hefur stundað söngnám hjá Garðari Thór Cortes, Kristjáni Jóhannssyni og Renato Bruson. Þeim síðastnefnda í heimabæ Verdis, Busseto á Ítalíu, og þar söng hann með hljómsveit á galatónleikum í Theatre of Verdi. Einnig var hann í hlutverki Schaunard í óperunni La bohème á Rimini. Nú starfar Guðmundur Karl sem sölumaður hjá SS en ætlar að halda stóra jólatónleika í heimabæ sínum Flúðum og fá til liðs við sig virta einsöngvara, meðal annars einn af lærifeðrunum, Kristján Jóhannsson.

# SAMSUNG

## SAMSUNG QLED TV

**Q picture**

**Litur**
Sýnir alla liti 100%

**Contrast**
Mikil nákvæmni í björtu sem dimmu

**HDR 1500/2000**
Sýnir nákvæmlega rétta liti

**Sjónarhorn**
Öll sætin eru bestu sætin

**Q style**

**Ósýnilegar tengingar**
Hannaðu umhverfið að vild

**Engin skil**
Fellur alveg að veggnum

**Takmarkalaus 360° hönnun**
Hvert smáatriði er þaulhugsað

**Q smart**

**Ein fjarstýring**
Afruglari, Netflix og Youtube
Allt í einni fjarstýringu

**Smart view**
Stjórnaðu sjónvarpinu frá símanum

**Smart Content**
Fjölbreytt úrval efnisveita

Samsung QE75Q7F

**55" 299.900,-**

**65" 419.900,-**

**75" 690.000,-**

**20%** afsláttur af soundbar þegar keypt er Samsung sjónvarp

4K ULTRA HD CONNECTED · ULTRA HD PREMIUM · ULTRA HD · VDE Tested




Samsung QLED is Quantum dot based TV

Samsung QE75Q7F

# Þegar þú velur Samsung sjónvarp, velur þú tækni og gæði til framtíðar

## SAMSUNG NU6025




**20%** afsláttur af soundbar þegar keypt er Samsung sjónvarp

UHD 4K - PQI 1300 - Smart TV

**43" 104.900,-**

**50" 119.900,-**

**55" 129.900,-**

**65" 189.900,-**

## SAMSUNG NU7445




**20%** afsláttur af soundbar þegar keypt er Samsung sjónvarp

UHD 4K - PQI 1800 - Smart TV

**43" 129.900,-**

**50" 149.900,-**

**55" 159.900,-**

**65" 239.900,-**

## SAMSUNG NU8045




**20%** afsláttur af soundbar þegar keypt er Samsung sjónvarp

Premium UHD 4K - Smart TV
PQI 2600 - HDR 1000
10 bita skjár

**55" 219.900,-**

**65" 309.900,-**

**75" 429.900,-**

Samsung myndvinnsla byggir á örgjörvanum. 1.3 GHz **Quad Core** örgjörvinn gerir Samsung SMART TV þrisvar sinnum hraðari en venjulegt sjónvarpstæki og gerir þér kleift að mæta flóknari vinnslu, hraðari vef og fljótari ræsingu. Er **Quad Core** í þínu tæki?

# SAMSUNG SETRIÐ

ORMSSON

**LÁGMÚLA 8 - 530 2800**

**Opnunartímar:**
**Virka daga kl. 10-18**
**Laugardaga kl. 11-15**

ormsson

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Norðlæg átt, 8-13 m/s. Dregur úr vindi V-lands síðdegis, en gengur í allhvassa eða hvassa norðvestanátt á austanverðu landinu undir kvöld. Él á N- og A-landi, en annars léttskýjað að mestu. Víða vægt næturfrost, en hiti nálægt frostmarki að deginum.




## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -1° | -3° | -4° |
| ← 4 | ↑ 4 | ↑ 2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -0° | -1° | -7° |
| ↓ 3 | ← 1 | ↗ 5 |

## Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° | 4° | 6° |
| ↗ 2 | ↗ 7 | ↑ 10 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 5° | 5° | 1° |
| ↑ 10 | ↖ 8 | ↑ 18 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | | | | | 5 | 9 |
| 8 | | | | 3 | 7 | 1 | | |
| | | | 4 | | | | | 2 |
| | | | | | | 7 | 3 | |
| | 5 | 9 | 6 | 7 | | 2 | 8 | |
| 6 | | 1 | | 8 | | | 4 | 5 |
| | | | 5 | 1 | | 6 | | |
| | 6 | | 8 | | | | | 3 |
| | | | | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 5 | | | 9 | |
| | | | 4 | | 9 | 5 | | |
| | 3 | 5 | | 8 | | | | 6 |
| | 6 | 2 | 1 | 9 | | | | |
| 8 | | | | | 4 | 6 | | |
| | 9 | | | | 7 | | | 2 |
| 2 | 8 | 9 | | 1 | | | | |
| 4 | 1 | | 6 | | | | | |
| | 7 | 6 | | | 2 | | | 3 |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | 3 | | | | | |
| | 1 | 6 | 8 | | 7 | | | 3 |
| | | 4 | | | 2 | 6 | | |
| | | 9 | | 3 | | | 1 | 5 |
| 5 | | | 1 | | | 2 | | |
| 8 | 3 | | | | | | | |
| | | | | 2 | 6 | | | |
| | | | 7 | | | 3 | 9 | |
| | | | 4 | 8 | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 2 | 9 | 8 | 4 | 6 | 7 | 5 |
| 6 | 4 | 8 | 2 | 7 | 5 | 9 | 3 | 1 |
| 5 | 7 | 9 | 1 | 3 | 6 | 4 | 8 | 2 |
| 4 | 2 | 5 | 8 | 9 | 3 | 7 | 1 | 6 |
| 9 | 3 | 6 | 4 | 1 | 7 | 2 | 5 | 8 |
| 7 | 8 | 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 9 | 4 |
| 1 | 5 | 4 | 3 | 2 | 9 | 8 | 6 | 7 |
| 8 | 9 | 7 | 6 | 4 | 1 | 5 | 2 | 3 |
| 2 | 6 | 3 | 7 | 5 | 8 | 1 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 8 | 4 | 7 | 9 | 5 | 1 | 2 |
| 9 | 7 | 1 | 5 | 3 | 2 | 6 | 4 | 8 |
| 2 | 4 | 5 | 6 | 8 | 1 | 7 | 9 | 3 |
| 1 | 9 | 2 | 7 | 6 | 3 | 4 | 8 | 5 |
| 4 | 3 | 6 | 8 | 1 | 5 | 9 | 2 | 7 |
| 8 | 5 | 7 | 2 | 9 | 4 | 1 | 3 | 6 |
| 5 | 2 | 3 | 9 | 4 | 7 | 8 | 6 | 1 |
| 6 | 1 | 4 | 3 | 5 | 8 | 2 | 7 | 9 |
| 7 | 8 | 9 | 1 | 2 | 6 | 3 | 5 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 9 | 6 | 1 | 2 | 7 | 5 | 3 | 8 |
| 1 | 3 | 5 | 6 | 4 | 8 | 9 | 2 | 7 |
| 7 | 8 | 2 | 3 | 9 | 5 | 1 | 4 | 6 |
| 5 | 4 | 8 | 7 | 1 | 9 | 2 | 6 | 3 |
| 9 | 6 | 7 | 2 | 8 | 3 | 4 | 5 | 1 |
| 3 | 2 | 1 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 |
| 2 | 7 | 3 | 5 | 6 | 1 | 8 | 9 | 4 |
| 6 | 5 | 9 | 8 | 7 | 4 | 3 | 1 | 2 |
| 8 | 1 | 4 | 9 | 3 | 2 | 6 | 7 | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. róun
5. óhreinka
6. snæddi
8. fugl
10. tveir eins
11. hryggur
12. raup
13. álit
15. galdrar
17. þrástagast

**LÓÐRÉTT**
1. hópast
2. lofttegund
3. framkoma
4. rækilegar
7. duttlungar
9. fiskur
12. endaveggur
14. op á ís
16. undan

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. sefun, 5. ata, 6. át, 8. fasani, 10. nn, 11. bak, 12. gort, 13. svar, 15. töfrar, 17. klifa.
**LÓÐRÉTT:** 1. safnast, 2. etan, 3. fas, 4. nánar, 7. tiktúra, 9. aborri, 12. gafl, 14. vök, 16. af.

## Skák Gunnar Björnsson

Hartson átti leik gegn Whitely í Englandi árið 1974.

**1. Dg8+! Hf8 2. Dg6+!! Dxg6 3. Hexe7+ Kd8 4. Hbd7# 1-0.**
Helgi Ólafsson vann í gær á Mön og hefur 3½ vinning eftir 6 umferðir.
**www.skak.is:** Æskan og ellin á morgun.

Hvítur á leik



## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

## Kerfið segir nei



**Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir** ræðir um lífið eftir pólitíkina og nýja fyrirtækið sitt, sem notar tækni til að hjálpa krökkum sem eiga erfitt uppdráttar í skóla. Hún mætir mótstöðu í kerfinu.



## Á móti straumnum

Ég hef farið á móti straumnum alla ævi, segir transkonan **Veiga Grétarsdóttir** sem ætlar að róa rangsælis í kringum Ísland og minna á baráttuna gegn sjálfsvígum.

## Flókin sambönd mæðgna

„Það eru ekki til margar kvikmyndir sem skarta fimmtugri konu í aðalhlutverki," segir leikstjórinn **Silja Hauksdóttir** um nýja kvikmynd um flókin sambönd mæðgna.



## Nýr maður í brúnni

Skagamaðurinn **Jón Þór Hauksson** átti ekki von á því að vera boðið starf landsliðsþjálfara.

**Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi**



**Valdís Óskarsdóttir verður með meistaraspjall á Rifi.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 26. OKTÓBER 2018

### Tónlist

**Hvað?** Popparinn Kristian Anttila
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Norræna húsið
Tónleikar með hinum sænska poppara Kristian Anttila í Norræna húsinu í kvöld, föstudagskvöld, kl. 20. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

**Hvað?** Post-dreifing útgáfa – Drullumall #2
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Post-dreifing er útgáfukollektíva sem samanstendur af ungu listafólki úr hinum ýmsu kimum grasrótarsenunnar í Reykjavík. Hópurinn hefur það að markmiði að auka sýnileika og sjálfbærni í listsköpun í krafti samvinnu.

**Hvað?** Magnús Þór & Árstíðir á Hvolsvelli
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Midgard, Hvolsvelli
Tónlistarmaðurinn Magnús Þór Sigmundsson og hljómsveitin Árstíðir byrjuðu árið 2016 að hittast reglulega á heimili Magnúsar í Hveragerði. Tilgangurinn var upphaflega að æfa saman eitt lag eftir Magnús sem honum fannst henta Árstíðum vel að syngja með sér. Svo vel tókst til að ákveðið var að fullvinna og útsetja í sameiningu 12 lög eftir Magnús Þór sem hafa ekki verið gefin út áður. Platan heitir „Garðurinn minn“ og verður formlega gefin út á næstu vikum, en hún var að hluta til fjármögnuð í gegnum söfnunarsíðuna Karolina Fund.

**Hvað?** Hjálmar á Húrra
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Hinir geggjuðu og skeggjuðu reggísteggir í Hjálmum snúa aftur á Húrra í kvöld, 26. okt. 2018!

**Hvað?** Kexpakk #3
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu
Kexpakkserían heldur áfram með látum í kvöld, föstudagskvöldið 26. október. Veturinn er formlega hafinn og því leitum við á náðir tónlistarfólks sem á það sameiginlegt að vera hugljúft og seiðandi til að díla við hryssinginn.

**Hvað?** Senn er komið sólarlag – Söngsveitin Fílharmónía
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Langholtskirkja
Söngsveitin Fílharmónía heldur hausttónleika sína í Langholtskirkju í kvöld, föstudaginn 26. október, kl. 20. Á efnisskránni eru fjölbreytt verk að vanda en þar má nefna The Conversion of Saul eftir Zane Randall Stroope, sem kórinn hefur flutt nokkrum sinnum við góðan orðstír.

### Viðburðir

**Hvað?** Vísindabragðarefur HR í hádeginu
**Hvenær?** 12.10
**Hvar?** Háskólinn í Reykjavík
Átta fyrirlesarar úr öllum deildum háskólans halda áhugaverða örfyrirlestra sem snerta á fjölbreyttum og ólíkum málefnum. Vísindabragðarefurinn hefst kl. 12.10 í stofu M201. Öll velkomin.

**Hvað?** Nýsköpun í loftslagsmálum
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Matís, Vínlandsleið
Reykjavík Climathon 2018 verður haldið í annað sinn í Reykjavík í dag, 26. október. Loftslagsmaraþon er sólarhringsáskorun um nýsköpun í loftslagsmálum sem haldin er samtímis í 110 borgum í öllum heimsálfum. Climathon snýst ekki aðeins um loftslagsbreytingar heldur einnig um innblástur í gegnum nýsköpun. Í gegnum hakkaþon fá þátttakendur tækifæri til að upplifa hvernig hugmynd verður að veruleika, hvernig tengslanet myndast og þeir fá æfingu í því að kynna hugmyndir fyrir dómnefnd. Hagsmunaaðilar geta tekið þátt og séð hvernig þeir eiga samleið með Reykjavík og verið um leið hluti af alþjóðlegri hreyfingu.

**Hvað:** INKLAW tískusýning og Reykjavík Ink afmælistónleikar
**Hvenær:** 21.00
**Hvar:** Gamla bíó
INKLAW Clothing mun gefa út vetrarlínu sína og í tilefni útgáfunar mun INKLAW kynna vörulínuna með tískusýningu í Gamlabíó. Strax í kjölfar sýningarinnar mun Reykjavík Ink síðan halda uppá 10 ára stórafmæli sitt með tónleikum Þar sem fram munu koma, Emmsjé Gauti, Herra Hnetusmjör, JóiPé x Króli og Dóra Júlía. Miðaverð er 2000 krónur og 18 ára aldurstakmark.

**Hvað?** Meistaraspjall við Valdísi Óskarsdóttur
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Frystiklefinn, Rifi
Viðburðurinn verður haldinn í menningarmiðstöðinni Frystiklefanum á Rifi í Snæfellsbæ í dag, föstudaginn 26. október, klukkan 18.00. Nanna Frank Rasmussen, formaður Samtaka danskra kvikmyndagagnrýnenda, leiðir spjallið.

**Hvað?** Dazed and Confused – Föstudagspartísýning
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Myndin fjallar um síðasta árið í menntaskóla hjá hópi unglinga í heimaborg leikstjóra hennar, Richards Linklater, Austin í Texas, á áttunda áratugnum.

**Hvað?** Pitchkvöld Gulleggsins
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu
Í kvöld, föstudaginn 26. október, kl. 19.00 verður pitchkvöld Gulleggsins haldið í Gym og Tonik salnum á Kexi hosteli. Þar munu topp 10 teymin spreyta sig og fá 2 mínútur til að kynna hugmyndir sínar fyrir gestum og dómnefnd.

**Hvað?** Stormsker – útgáfuhóf
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Eymundsson, Austurstræti
Verið velkomin í útgáfuhóf nýrrar bókar Birkis Blæs Ingólfssonar, Stormsker, í Pennanum Eymundsson í dag, föstudaginn 26. október, kl. 17.00. Léttar veitingar í boði og bókin verður til sölu á sérstöku kynningarverði.







# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Blíða og Blær
**07.25** Tommi og Jenni
**07.45** Strákarnir
**08.15** Curb Your Enthusiasm
**08.55** The Middle
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** The Goldbergs
**10.40** Restaurant Startup
**11.20** Grand Desings: House of the Year
**12.10** Feðgar á ferð
**12.35** Nágrannar
**13.00** Crazy, Stupid, Love
**15.00** Rachel Getting Married Dramatísk mynd með Anne Hathaway í aðalhlutverki en hún var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir frammistöðu sína. Hún leikur unga konu sem er nýkomin úr meðferð en heldur heim til sín til að vera viðstödd brúðkaup systur sinnar.
**17.00** First Dates
**17.45** Bold and the Beautiful
**18.05** Nágrannar
**18.30** Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55** Ísland í dag Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** The X-Factor Einn vinsælasti skemmtiþáttur veraldar þar sem efnilegir söngvarar fá tækifæri til að slá í gegn. Simon Cowell fer fyrir dómnefndinni en með honum við dómaraborðið situr söngvarinn Louis Tomlinson úr One Direction, söngvarinn góðkunni Robbie Williams og leikkonan Ayda Field.
**20.30** Suðurameríski draumurinn Fjórði og mest spennandi „Draumurinn“ hingað til. Skemmtilegir þættir þar sem tvö lið þeysast um Suður-Ameríku í kapphlaupi við tímann og freista þess að safna stigum með því að leysa ævintýralegar og afar fjölbreyttar þrautir. Liðin eru mönnuð snillingunum Audda, Steinda, Sveppa og Pétri Jóhanni.
**21.05** My Dinner With Herve
**22.55** The Limehouse Golem
**00.50** Sniper: Ultimate Kill
**02.25** Fahrenheit 451
**04.05** Crazy, Stupid, Love

## STÖÐ 2 SPORT

**07.20** Keflavík - Stjarnan
**09.00** Sarpsborg - Malmö
**10.40** AC Milan - Real Betis
**12.20** Sporting - Arsenal
**14.00** Chelsea - BATE
**15.40** Keflavík - Stjarnan
**17.20** PL Match Pack
**17.50** La Liga Report
**18.20** Skallagrímur - ÍR
**20.10** Valur - KR
**22.10** Domino's-körfuboltakvöld
**23.50** Real Valladolid - Espanyol

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.05** Seinni bylgjan
**09.45** Sampdoria - Sassuolo
**11.25** Real Sociedad - Girona
**13.05** Premier League World
**13.35** Chicago Bears - New England Patriots
**16.25** LA Chargers - Tennessee Titans
**18.40** QPR - Aston Villa
**20.45** Premier League Preview
**21.15** Evrópudeildarmörkin
**22.05** PL Match Pack
**22.35** La Liga Report
**23.05** Skallagrímur - ÍR

## STÖÐ 3

**19.00** Anger Management
**19.25** Curb Your Enthusiasm
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Fresh Off the Boat
**21.15** The Simpsons
**21.40** Bob's Burgers
**22.05** American Dad
**22.30** Silicon Valley
**23.00** Eastbound and Down
**23.30** Unreal
**00.50** Seinfeld
**01.15** Friends
**01.40** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Mörgæsirnar
**07.47** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Lalli
**08.54** Pingu
**09.00** Strumparnir
**09.25** Ævintýraferðin
**09.37** Gulla og grænjaxlarnir
**09.48** Hvellur keppnisbíll
**10.00** Stóri og litli
**10.13** Tindur
**10.23** Mæja býfluga
**10.35** K3
**10.46** Grettir
**11.00** Dóra könnuður
**11.24** Mörgæsirnar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Lalli
**12.54** Pingu
**13.00** Strumparnir
**13.25** Ævintýraferðin
**13.37** Gulla og grænjaxlarnir
**13.48** Hvellur keppnisbíll
**14.00** Stóri og litli
**14.13** Tindur
**14.23** Mæja býfluga
**14.35** K3
**14.46** Grettir
**15.00** Dóra könnuður
**15.24** Mörgæsirnar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Lalli
**16.54** Pingu
**17.00** Strumparnir
**17.25** Ævintýraferðin
**17.37** Gulla og grænjaxlarnir
**17.48** Hvellur keppnisbíll
**18.00** Stóri og litli
**18.13** Tindur
**18.23** Mæja býfluga
**18.35** K3
**18.46** Grettir
**19.00** Emoji myndin



Dóra könnuður, 11.00 og 15.00

## GOLFSTÖÐIN

**08.35** Inside the PGA Tour
**09.00** Sanderson Farms Championship
**12.05** World Golf Championship
**18.05** Inside the PGA Tour 2018
**18.30** Sanderson Farms Championship
**21.30** Swinging Skirts LPGA Taiwan Championship
**01.30** PGA Special: Coming Home
**02.10** Golfing World
**03.00** World Golf Championship

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.55** All Roads Lead to Rome
**13.25** 3 Generations
**14.55** Friday Night Lights
**16.50** All Roads Lead to Rome Rómantísk gamanmynd með Söruh Jessicu Parker í hlutverki Maggie sem er ströng, einstæð móðir og kennari í miðskóla í New York. Til að ná betur til uppreisnargjarnrar dóttur sinnar, Summer, þá ákveður hún að fara með hana í ferðalag til þorps í Toscana á Ítalíu, sem hún kom oft til þegar hún var yngri. Við komuna þangað hittir Maggie Luca, fyrrverandi elskhuga sinn, sem er enn piparsveinn og býr með áttræðri móður sinni.
**18.25** 3 Generations
**20.00** Friday Night Lights
**22.00** Swiss Army Man Óvenjuleg gamanmynd frá 2016 með Daniel Radcliffe og Paul Dano í aðalhlutverkum. Hank er strandaglópur á eyðieyju og hefur misst alla von um björgun. Hann ákveður því að ljúka þessu af og hengja sig – en þá sér hann lík í fjöruborðinu!
**23.40** Tanner Hall
**01.15** The Quiet Ones
**02.50** Swiss Army Man

## RÚV

**13.00** Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2009-2010
**13.55** Úr Gullkistu RÚV: 89 á stöðinni
**14.15** Úr Gullkistu RÚV: Fólk og firnindi
**15.20** Úr Gullkistu RÚV: Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni
**15.50** Úr Gullkistu RÚV: Stúdíó A
**16.35** Séra Brown
**17.20** Landinn
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Sköpunargleði: Hannað með Minecraft
**18.16** Anna og vélmennin
**18.38** Kóðinn - Saga tölvunnar
**18.40** Krakkafréttir vikunnar
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Veður
**19.45** Útsvar
**21.05** Vikan með Gísla Marteini
**21.50** Agatha rannsakar málið - Dauðans lind
**22.40** Race
**00.50** Poirot
**01.40** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show
**09.30** The Late Late Show
**10.15** Síminn + Spotify
**12.15** Everybody Loves Raymond
**12.35** King of Queens
**12.55** How I Met Your Mother
**13.20** Dr. Phil
**14.05** Son of Zorn
**14.30** The Voice
**15.15** Family Guy
**15.40** Glee
**16.25** Everybody Loves Raymond
**16.45** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** America's Funniest Home Videos
**19.30** The Voice
**21.00** Marvel's Cloak & Dagger
**21.50** Marvel's Agent Carter
**22.40** Marvel's Inhumans
**23.25** The Tonight Show
**00.55** Condor
**01.45** The Affair
**02.45** FBI
**03.30** Code Black
**04.15** The Chi
**05.10** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |





**SUÐUR-AMERÍSKI DRAUMURINN**
KL. 20:25
Stórskemmtilegir þættir þar sem tvö lið þeysast um Suður-ameríku í kapplaupi við tímann og freista þess að safna stigum með því að leysa ævintýralegar og afar fjölbreyttar þrautir. Liðin eru mönnuð snillingunum Audda, Steinda, Sveppa og Pétri Jóhanni.




**Frábær föstudagur**
Fáðu þér áskrift á **stod2.is**

**THE X-FACTOR UK**
KL. 19:25
Einn vinsælasti skemmtiþáttur veraldar þar sem efnilegir söngvarar fá tækifæri til að slá í gegn. Simon Cowell fer fyrir dómnefndinni ásamt fleiri góðum gestum.





Frábær sannsöguleg mynd HBO

**MY DINNER WITH HERVÉ**
KL. 21:00
Mögnuð mynd, byggð á sannri sögu, um blaðamanninn Danny Tate sem fær það verkefni að taka viðtal við frægasta dverg í heimi. Stórskemmtileg og grátbrosleg bíómynd úr smiðju HBO með Peter Dinklage og Jamie Dornan í aðalhlutverkum.



**THE LIMEHOUSE GOLEM**
KL. 22:45
Þegar nokkur hrottaleg morð setja samfélagið í Limehousehverfinu í London á annan endann er Scotland Yard-lögreglumanninum John Kildare falið að komast að sannleikanum og finna morðingjann. Hörkuspennandi bíómynd með Bill Nighty í aðalhlutverki.

Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr. **stod2.is**




**Bernhard - Honda á Íslandi** • Vatnagörðum 24 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.honda.is

**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

# Þægilegt fyrir veturinn



Zara, 8.995 kr.

Prjónapeysa og gallabuxur eru flíkur sem við sækjum oft í yfir vetrartímann. Það er þægilegt að grípa í þessar flíkur þegar maður hefur ekki hugmynd um í hverju maður á að vera, og sérstaklega í þykka peysu á köldustu dögunum. Glamour sýnir þér hér fyrir neðan hvernig er flott að klæðast þessum flíkum saman.



Klassískt og flott, prjónapeysa, skyrta og ökklastígvél.



GK Reykjavík, Samsoe Samsoe, 18.995 kr.



Company's, By Malene Birger, 30.995 kr.



Áherslan er lögð á stígvélin, en kúrekastígvél fara vel með peysu og gallabuxum.



Þegar þú vilt vera örlítið fínni, skelltu þér í þunna prjónapeysu og háa skó.



Levi's 501, 14.990 kr



Á þessum köldustu dögum þarftu þykka prjónapeysu, og sérstaklega er flott ef hún er með mynstri.



Við peysa við víðar gallabuxur kemur vel út með ökklastígvélum.



Zara, 4.995 kr.

GLAMOUR

Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram • Twitter

# Goðsagnabörn

## skemmtu sér í H&M-partíi

Paris Jackson, dóttir Michaels Jackson, Frances Bean Cobain, dóttir þeirra Kurts Cobain og Courtney Love, og Miles Richie, sonur Lionels Richie, voru meðal gesta þegar Jeremy Scott sýndi sína nýjustu línu fyrir H&M í New York á miðvikudag.

Jackson mætti með Moschino-hálsmen en línan hans Scotts nefnist það. Skórnir hennar voru einnig vel merktir með nafni hennar. Hún var í hlýralausum kjól svo að flúrin fengu að njóta sín og var það mál manna að Paris hefði slegið í gegn eins og oft áður. Frances Bean fékk einnig góða umsögn tískuspekinga. Var í Guffa-peysu og glimmerbuxum. Jakkinn skartaði svo MTV merkinu. Miles var í öllu svörtu, leðurjakkinn naut sín og þótti pilturinn stíllegur.

Jeremy Scott sagðist í samtali við tímaritið Vogue elska samvinnuna við H&M. Að fjöldinn gæti notið sín í hans línu. Hann hefði gert þetta áður með Adidas og sú lína tekist vel.

Moschino var vel tekið í Pier 36-salnum í New York sem var breytt sérstaklega fyrir þessa sýningu. Fyrirsætan Gigi Hadid var sú fyrsta sem gekk tískupallinn og síðan kom hver fyrirsætan af annarri í glæsiflíkum.


Lionel Richie


Miles Richie


Frances Bean Cobain


Paris Jackson.


Kurt Cobain


Michael Jackson


Íslenska kísilsteinefnið sem slegið hefur í gegn

15% afsláttur af Renew
250 kr. af hverri sölu renna til Krabbameinsfélagsins




Renew Fyrir húð, hár og neglur

geoSilica Renew getur grynnkað ör-hrukkur og lagað húðskemmdir af völdum of mikils sólarljóss. geoSilica Renew er sink- og koparbætt, en hvoru tveggja eru lífsnauðsynleg steinefni sem geta stuðlað að styrkingu nagla og hárs auk þess að minnka hárlos og klofna enda. Bætum heilsuna innan frá með geoSilica.

*http://instituteofmineralresearch.org/mineral-elements

geoSilica ICELAND

GeoSilica kísilsteinefnið fæst í Heilsuhúsinu, öllum helstu apótekum, matvöruverslunum og í vefverslun geoSilica.is

www.geosilica.is












Sigurður og Sigríður senda frá sér sjóðheitt vetrarlag sem ætti að ylja í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Skola burt sumrinu með vetrarsmelli

**Sigurður Guðmundsson og Sigríður Thorlacius** hita upp fyrir jólatónleikana sína í desember með glænýju suðrænu vetrarlagi sem nefnist Vindar að hausti. Um er að ræða brasilískt bossa nova sem ætti að ylja Íslendingum nú í haust og vetur.

Sigríður Thorlacius og Sigurður Guðmundsson bregða ekki út af vananum og halda sína árlegu sameiginlegu jólatónleika í ár – og gefa út lag af því tilefni. Sigurður segir að eins og vanalega sé ekki um eiginlegt jólalag að ræða heldur sé þetta frekar haust- og vetrarlag og kemur það skýrt fram í titli lagsins en það nefnist Vindar að hausti. Þau bregða sér alla leið til Brasilíu eftir laginu sem er róleg bossa nova ballaða.

„Það veitti ekki af eftir þetta mikla svikasumar sem við fengum að spýta í smá sumarfíling svona rétt fyrir jólin. Við höfum alltaf reynt að leyfa lögunum að vera þannig að þau nýtist aðeins umfram jólin. Við erum að vinna með að henda þeim í spilun áður en desember gengur í garð. Jólalög fá enga spilun nema í desember þannig að það er gott að vera með vetrarvæn lög,“ segir Sigurður.

Lagið nefnist á portúgölsku Águas de Março og um textann sá Birkir Blær Ingólfsson.

„Þetta er upphaflega brasilískt lag. Í Brasilíu, og á suðurhveli jarðar, eru hreinsandi rigningar á allt öðrum tíma en hér. Það er talað um á frummálinu Águas de Março – það eru mars-rigningarnar sem skola burtu öllu sem á undan er gengið. Okkar íslenski samnefnari er þá væntanlega haustlægðirnar – þær feykja sumrinu út á haf. Þetta er svona haust/vetrarlag með sumarlegu ívafi.“



Marsrigningarnar í Brasilíu skola burtu því sem á undan kemur, líkt og íslensku haustlægðirnar. Hér lenda nokkrir íbúar Sao Paulo illa í því.

**OKKAR ÍSLENSKI SAMNEFNARI ER ÞÁ VÆNTANLEGA HAUSTLÆGÐIRNAR – ÞÆR FEYKJA SUMRINU ÚT Á HAF. ÞETTA ER SVONA HAUST/VETRARLAG MEÐ SUMARLEGU ÍVAFI.**

Mörg íslensk jólalög eru upprunalega ítalskir poppsmellir og segir Sigurður að þetta sé svipað nema að þau hafi bara beygt í hina áttina.

Jólatónleikar Siggu og Sigga verða í Eldborg þann 17. desember og svo eftir það á Græna hattinum á Akureyri. GÓSS, sem eru þau tvö auk Guðmundar Óskars, verða í Iðnó 31. október og Skyrgerðinni Hveragerði 16. nóvember. Fyrir utan það er Siggi í Ellý í Borgarleikhúsinu auk þess sem Hjálmar snúa aftur á skemmtistaðinn Húrra í kvöld. Já, og Baggalútur fær Sigurð svo til liðs við sig um jólin. Þetta eru flóknir tímar í lífi tónlistarmannsins

„Þetta er svolítið eins og að skella sér á vertíð eða á sjó. Maður er lítið heima, mikið að vinna en lyktar mögulega aðeins betur en úti á sjó,“ segir Sigurður hlæjandi.

**stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*


BACON QUESADILLA
BACON QUESADILLA
ER KOMIN AFTUR!
STÖK
1099 KR.
Mjúk tortilla, beikon, ostur, creamy jalapeñosósa og kjúklingur.
MÁLTÍÐ
1699 KR.
Bacon Quesadilla, nachos með ostasósu, gos og bleikar fylltar Appolloreimar.
pepsi
APPOLO LAKKRÍS
FYLLTAR REIMAR
TACO BELL
Hafnarfirði / Grafarholti
www.tacobell.is

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

BAKÞANKAR
Þórarins Þórarinssonar



# Allt í plasti

Plast þótti einu sinni mikið og merkilegt töfraefni. Tilkoma þess einfaldaði tilveruna og auðveldaði okkur lífið svo mjög að við notum plast í allt. Plastið er svolítið eins og Guð og býr í garðslöngunni og núna líka í glötuninni.

Plastið sem áður var blessun er orðið bölvun og heldur er gamanið farið að kárna þegar plastið hefur myndað risastórt eyland úti á miðju reginhafi, eiginlega stofnað sjálfstæða heimsálfu sem boðar ekkert gott.

Plastið er meira að segja orðið hluti af okkur sjálfum, við erum orðin plast. Við kúkum í það minnsta plasti ef marka má nýjustu rannsóknir. Hvernig útsmogið plastið fór að því að renna svona gersamlega saman við okkur er mér hulin ráðgáta.

Vissulega er löng og rík hefð fyrir því hjá nútímamanninum að éta alls konar rusl en hvergi minnist ég þess að hafa rekist á plast á matseðlum. Mikið furðuverk og flárátt, bölvað plastið.

Hópur hugdjarfs fólks, sennilega væri þó heiðarlegra að kalla það bara hreint út sagt heimskt í bjartsýni sinni, boðaði plastlausan september. Hvernig ætli fólki hafi gengið svona almennt að sniðganga plast í heilan mánuð? Ég sé ekki fyrir mér að geta komist í gegnum plastlausan hálftíma.

Öll verðum við þó að reyna að spyrna við fótum og þá vonandi á gúmmískósólum frekar en úr plasti. Það segir samt sitt um við hverslags ofurefli er að etja þegar græna tunnan sem ég á að setja flokkaða og hreinsaða plastið mitt í er úr plasti!

Og ekki eru nú þeir sem pakka vörum sínum í plast mikið að hjálpa manni að flokka og greina plast frá skárra rusli. Öllum þessum efnum er grautað saman væntanlega til þess að gera flokkunina erfiðari.

Er þetta kannski bara allt í plati?

FYRIR SVANGA FERÐALANGA
Kvikk
ON THE GO

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?
Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.



STILLANLEG RÚM • HEILSURÚM OG -DÝNUR • GAFLAR • SÆNGUR • KODDAR • SVEFNSÓFAR • STÓLAR • SÆNGURFÖT, O.FL.



RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

Seljum í stuttan tíma eldri gerðir af rúmum og öðrum vörum með veglegum afslætti í verslun okkar í Faxafeni.

Við erum að taka inn mikið magn af nýjum vörum og rýmum til með því að selja eldri gerðir og sýningareintök með veglegum afslætti.

RÝMINGARSALA
25-70%
AFSLÁTTUR
EKKI MISSA AF ÞESSU

STILLANLEG RÚM



HEILSURÚM OG RÚMGAFLAR



SVEFNSÓFAR



FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

Betra BAK